

ÁSTA ÁRNADÓTTIR

Skellir í skúffuköku ef gesti ber að garði

• matur • helgin

allt í MIDJU BLADSINS



KATRÍN CÝRUSDÓTTIR

„Upphaflega ætlaði ég í hjáveituaðgerð“

FÖSTUDAGUR

FYLGR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



ENGLBERT JENSEN

Dýrari en Bó

Kippir sér ekki upp við að verða afi

FÓLK 38



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

25. júlí 2008 – 201. tölublað – 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

FÖSTUDAGUR

Kraftmeiri en Nylon

Fimmtán ára stúlkur spila popprokk í hljómsveitinni Kára? **FÓLK 30**

Sögulegar kartöflur

Halldóra Hafsteinsdóttir heldur kartöflusúpudaginn hátíðlega í Þykkva-bænum. Í ár er ár kartöflunnar samkvæmt SP. **TÍMAMÓT 24**


Enn rembist Framsókn

„Framsóknarflokkurinn er afskaplega einn og einmana í gagnrýni á tímabundna ráðningu Trygga Þórs Herbertssonar í starf efnahagsráðgjafa í forsætisráðuneytið.“ **UMRÆÐAN 20**

Stórkostlegur sigur

Það eru allir farnir að halda með stelpunum í 20 ára landsliði Íslands í handbolta á HM. **ÍÞRÓTTIR 34**

VEÐRIÐ Í DAG



MIKIL HLÝINDI í dag verða austan eða norðaustan 5-10 m/s en allt að 15 m/s við suðurströndina. Bjartviðri nyrðra en dálítill rigning syðra einkum þegar líður á daginn. Hiti 13-22 stig, hlýjast til landsins. **VEDUR 4**

Ólafur F. segir víst hætt við Bitruvirkjun

Borgarstjóri segir ljóst að Bitruvirkjun hafi verið slegin af. Stjórnarformaður Orkuveitunnar ræddi við borgarstjóra í gær og segist virða hans skoðun.

VIRKJANIR Ólafur F. Magnússon borgarstjóri segir alveg ljóst að Bitruvirkjun hafi verið slegin af. Þetta stangast á við orð Kjartans Magnússonar, stjórnarformanns Orkuveitu Reykjavíkur, í Fréttablaðinu í gær, en þá sagði hann: „Ekki hefur verið hætt við Bitruvirkjun heldur undirbúningi hætt meðan málið er skoðað betur.“

Ólafur F. segir vangaveltur um annað en að virkjunin hafi verið slegin af óþarfar á meðan F-listi og Sjálfstæðisflokkur séu við völd.

„Ákvörðunin er í samræmi við þær grænu áherslur sem kveðið er á um í málefnaáætlun meirihlutans,“ segir Ólafur F. Hönnu Birnu

Kristjánsdóttur, oddvita Sjálfstæðisflokksins, finnst orð Kjartans ekki þarfnast sérstakrar útskýringar.

„Afstaða allra í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur, meirihluta og minnihluta liggur fyrir,“ segir Hanna Birna. „Miðað við afstöðu núverandi borgarstjórnar er ólíklegt að sú afstaða breytist á þessu kjörtímabili. Það útilokar hins vegar auðvitað ekki, eins og Kjartan segir, að sá virkjanakostur verði skoðaður síðar.“

Kjartan segist hafa rætt við borgarstjóra eftir að ummæli hans birtust á forsíðu Fréttablaðsins.

„Að sjálfsgöðu virði ég skoðun borgarstjóra í þessu máli en enginn

þarf að velkjast í vafa um skoðanir hans í umhverfismálum og að hann hefur ætíð verið samkvæmur sjálfum sér í þeim efnum,“ segir Kjartan.

Í maí ákvað stjórn OR að hætta undirbúningsvinnu vegna Bitruvirkjunar. „Þrátt fyrir þessa ákvörðun er umræddur virkjunarkostur fyrir hendi,“ segir Kjartan. „Ekki er útilokað að það verði skoðað öðru hverju hvort hann sé raunhæfur eða ekki ásamt ýmsum öðrum kostum þótt það verði ekki á kjörtímabili.“ Fulltrúar minnihlutans í borgarstjórn gagnrýna málflytingu meirihlutans harðlega.

- ht/vsp / sjá síðu 4



GRILLADUR LAX Hægt er að undirbúa matargerðina áður en lagt er af stað til að flyta fyrir. **FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN**

Lúxusmatargerð í fellihýsi: Útilegumatur ekkert síðri

MATUR Á ferðum með fellihýsi er möguleiki á mun íburðarmeiri matargerð en í tjaldferðalögum. Auðunn Sólberg Valsson matreiðslumeistari ferðast mikið með fellihýsi fjölskyldunnar og segir útilegumatinu engu síðri en þann sem gerður er heima.

Auðunn segist reyna að undirbúa sem mest áður en lagt er af stað. „Þá þurfum við ekki að standa í mikilli eldamennsku í sjálfri ferðinni og spörum pláss í fellihýsinu. Ég reyni alltaf að vera búinn að marinera kjötið, skera það niður og setja í góð box. Ég elda líka oft einhvern rétt áður en við förum af stað og tek hann kaldan með.“ **- eð / sjá allt**

Auglýsing tekin upp á Íslandi: Íslendingar auglýsa tyggjó

FÓLK Undanfarna daga hafa farið fram tölur á auglýsingu fyrir Den Tyne-tyggigúmmi hér á landi. Íslenskir atvinnu- og áhugaleikarar hafa látið ljós sitt skína vítt og breitt um landið. Þeirra á meðal eru Stefán Hallur Stefánsson, Þorvaldur Davíð Kristjánsson og Friðrik Friðriksson.

Tölur hófust á miðvikudagskvöldið og héldu áfram í gær. Í dag mun hópur fólks halda til Víkur í Mýrdal þar sem tekið verður upp í fjórundi en einnig er stefnt að því að fara upp á jökul og taka upp. Auglýsingarnar verða sýndar í Þúertó Ríkó, Kanada og í Bandaríkjunum. **-shs/ sjá síðu 38**



BLÁSIÐ TIL KNATTSPYRNUVEISLU Alþjóðlega knattspyrnuhátíðin Rey Cup hófst í sjöunda sinn í gær með skróðgöngu, og stendur alla helgina. Alls taka 77 lið frá sex löndum þátt, þar á meðal Charlton Athletics og Hansa Rostock. **FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR**

Guðmundur Ólafsson, eini refabóndi Íslands, segir stöðu greinarinnar batnandi:

Síðasti refabóndinn bjartsýnn

LANDBÚNAÐUR Rúmlega eitt og hálf ár er nú síðan Guðmundur Ólafsson á Hrólfstöðum varð eini refabóndinn á Íslandi. Loddýrabú á Íslandi urðu flest um tvö hundruð og fjörutíu talsins í lok níunda áratugarins og var meirihluti þeirra refabú. Síðan hefur fækkað mjög í hópi refabænda.

Engu að síður er gott hljóð í

Guðmundi. „Þetta leggst vel í mig,“ segir hann. „[Horfurnar] eru nokkuð góðar. Það varð verðfall á mörkuðum en það er að lagast. Gengið hjálpar okkur líka.“

Guðmundur rekur fyrirtækið Bláföld ehf. og er með bú á Hrólfstöðum í Fljótsdalshéraði. Hann er með um fjögur hundruð refi. Skinnin selur Guðmundur til Finn-

lands þar sem þau fara á uppboð og eru seld í fatnað.

Guðmundur gerir ráð fyrir að starfa áfram og telur ekki að refabúskap á Íslandi sé við það að ljúka. „Ætli okkur fari ekki að fjölga?“ spyr hann og bætir við að líklegast sé rangnefni að kalla hann „síðasta“ refabóndann. **- gh**

RÚV
ÞJÓÐAREIGN
Í ÞÍNA ÞÁGU

Kafbátur mánaðarins
Pizzabátur 6 tommu bátur
SUBWAY 329 kr.
Gildir í júlí 2008
Gildir ekki með öðrum tilboðum
Gildir ekki í Stjórnunumáli

ÓPIÐ Í DAG
11-19
ÚTSÖLULOK
GÖTUMARKAÐUR

VIÐ LAGFÆRUM BIRGÐASTÖÐUNA

GRÍPTU TÆKIFÆRIÐ

Ingvar Helgason og Nissan hafa gert með sér tímamótasamkomulag um stórfellda verðlækkun á nýjum Nissan bifreiðum. Fremur en að lagfæra birgðastöðuna með því að endursenda umframbíla til framleiðanda með tilheyrandi kostnaði, lækkum við verð þeirra tímabundið svo um munar og látum viðskiptavinum okkar njóta þess. Komdu og skoðuðu úrvalið á hlaðinu hjá okkur og tryggðu þér nýjan Nissan.

100%
FJÁRMÖGNUN

**Á NÝJUM BÍL FRÁ NISSAN
MEÐ 50/50 ÍSLENSKRI OG
ERLENDRI MYNTKÖRFU**

- 520.000 kr.

Nissan X-Trail SE

Verð: 4.610.000 kr. sjálfskiptur
Lækkað verð: **4.090.000 kr.** sjálfskiptur
Á mánuði: 57.511 kr.*
Hlutfallstala kostnaðar: 12,44%



- 470.000 kr.



Nissan Qashqai SE

Verð áður: 3.890.000 kr. sjálfskiptur
Lækkað verð: **3.420.000 kr.** sjálfskiptur
Á mánuði: 48.135 kr.*
Hlutfallstala kostnaðar: 12,46%

- 550.000 kr.



Nissan Murano

Verð: 7.340.000 kr. sjálfskiptur
Lækkað verð: **6.790.000 kr.** sjálfskiptur
Á mánuði: 95.294 kr.*
Hlutfallstala kostnaðar: 12,40%

Verð bílanna miðast við gengi 18. júlí

100% fjármögnun á nýjum bíl frá Nissan

Við bjóðum þér að taka allt að 100% lán fyrir nýjum Nissan. Útborgunin er þá engin og mánaðargreiðsla miðast við Bílasamning til 84 mánaða – myntkörfu sem er 50% erlend mynt / 50% íslensk króna. 100% lán er í boði á takmörkuðum fjölda bíla.

*Í útreikningum á mánaðargreiðslu hvers bíls er miðað við 20% útborgun og 84 mánaða samningstíma. Myntkarfa 50% erlend mynt / 50% íslensk króna.



Ingvar Helgason, Reykjavík, Sævarhöfða 2, 525 8000 - Selfossi, Hrísmýri 2a, 575 1460 - Akureyri, Óseyri 5, 464 7940
Reykjanesbæ, Holtsgata 52, 421 8808 - Egilsstöðum, Kaupvangi 16, 471 2521

GJALDMÍÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	80,19	80,57
Sterlingspund	159,28	160,06
Evra	125,69	126,39
Dönsk króna	16,842	16,940
Norsk króna	15,530	15,622
Sænsk króna	13,271	13,349
Japanskt jen	0,7439	0,7483

SDR	130,23	131,01
GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR		
	161,5202	
HEIMILD: Seðlabanki Íslands		

Maður dæmdur í átta mánaða fangelsi fyrir fjórar líkamsárásir:

Réðst á sambyliskonu og börn

DÓMSMÁL Karlmaður var dæmdur í átta mánaða fangelsi í Héraðsdómi Reykjaness á miðvikudag fyrir fjórar líkamsárásir á sambyliskonu sína og tvö börn hennar.

Í febrúar árið 2007 réðst maðurinn á son þáverandi sambyliskonu sinnar á heimili þeirra og sneri upp á fingur hans með þeim afleiðingum að hann brotnaði. Í apríl sama ár réðst hann á sambyliskonuna og sneri upp á hönd hennar svo hún fingurbrotnaði. Tveimur mánuðum síðar réðst maðurinn á konuna í bifreið hennar, tók hana hálstaki, herti að og hristi höfuð hennar til. Þá var sambandi þeirra



HÉRAÐSDÓMUR REYKJANESS Maðurinn var dæmdur fyrir líkamsárásir á fyrrverandi sambyliskonu sinni og börn hennar.

lokið. Í lok júlí árið 2007 réðst hann aftur á konuna, reif í hár hennar, sló hana hnefahöggi í andlit og sneri hana niður í jörðina.

Hann sneri svo dóttur konunnar niður þegar hún reyndi að koma móður sinni til hjálpar.

Í dómi kemur fram að konan segi manninn hafa beitt sig og börnin andlegu og líkamlegu ofbeldi á þriggja ára sambúðartíma þeirra.

Maðurinn var dæmdur í átta mánaða fangelsi, þar af eru sex mánuðir skilorðsbundnir. Þá er honum gert að greiða konunni 300 þúsund krónur í skaðabætur, syni hennar 120 þúsund krónur og dóttur hennar 75 þúsund krónur. Þá var hann dæmdur til að greiða allan sakarkostnað málsins, rúmlega 900 þúsund krónur. - þeb

Jörð skelfur enn við Grímsey

JARÐSKJÁLFTI Nokkurra jarðskjálfta varð vart í gær um 14 til 16 kílómetra austan við Grímsey. Teljast þeir til eftirskjálfta nokkuð stórrar jarðskjálftahrinu sem hófst um hádegi á miðvikudag þar sem stærstu skjálftarnir mældust 4,7 og 4,8 á Richter. Fundust skjálftarnir í gær ekki í Grímsey, ólíkt skjálftunum á miðvikudaginn sem vel varð vart í eygni.

Samkvæmt upplýsingum frá Veðurstofu Íslands dregur nokkuð úr virkni á svæðinu en laust fyrir hádegi í gær höfðu yfir 900 skjálftar verið staðsettir sjálfvirkt á svæðinu. - ovd

Forstjóri Orkuveitunnar: Bitra í biðstöðu

VIRKJANIR „Í mínum huga er alveg ljóst að Bitruvirkjun hefur ekki verið slegin út af borðinu,“ segir Hjörleifur B. Kvaran, forstjóri Orkuveitunnar.



HJÖRLEIFUR KVARAN

„Framkvæmdir eru aftur á móti í biðstöðu og ekkert verður aðhafst þar til eigendur Orkuveitunnar hafa skoðað málið.“

Kjartan Magnússon segir í Fréttablaðinu í gær að ekki hafi verið hætt við framkvæmdir við Bitru sem slegnar höfðu verið af fyrir tveimur mánuðum. - ht

Sveitarstjóri í Ölfusi um Bitru: Vonir bundnar við virkjunina

VIRKJANIR „Ég er ekki hissa á að menn vilji skoða þennan virkjunarkost betur,“ segir Ólafur Áki Ragnarsson, sveitarstjóri í Ölfusi, um Bitruvirkjun. „Virkjunin var hönnuð til að hafa sem minnst skaðleg áhrif á umhverfið og er því spennandi valkostur.“

Úrvinnslu um þúsund athugasemda sem bárust sveitarfélaginu vegna Bitruvirkjunar er ekki lokið en vonast ætti að klárast í haust. Kostnaður sveitarfélagsins við undirbúning virkjunarinnar hleypur á milljónum.

„Við bindum miklar vonir við að orka frá virkjuninni gæti nýst til atvinnuuppbyggingar hér.“ - ht

LEIÐRÉTTING

Í fréttaskýringu um bráðnun jökla í Fréttablaðinu í gær misritaðist að renna undir jökli við Jökulsárlón næði þrjú hundruð kílómetra undir sjávarmál. Hið rétta er að rennan nær þrjú hundruð metra niður.



UMHVERFI BITRU Horft frá Ölkelduhálsi í átt að svæðinu þar sem Bitruvirkjun myndi rísa en þar má sjá reykjarstróka liðast til himins. Borgarstjóri og stjórnarformaður Orkuveitu Reykjavíkur eru ekki sammála um hvort hætt hafi verið við virkjunina.

Telur meirihlutann í borginni klofinn vegna Bitru


Borgarfulltrúi Framsóknar segir meirihlutann í Reykjavík augljóslega klofinn vegna átaka um Bitruvirkjun. Fulltrúi Vinstri grænna í stjórn segir málið endurspeglar togstreitu og átök innan meirihlutans.

VIRKJANIR Óskar Bergsson, borgarfulltrúi Framsóknarflokksins, segir augljóst að það sé klofningur í meirihlutunum vegna Bitruvirkjunar. Borgarfulltrúar Vinstri grænna og Samfylkingarinnar gagnrýna meirihlutann.

Óskar vísar til ummæla Kjartans Magnússonar, stjórnarformanns Orkuveitu Reykjavíkur, í Fréttablaðinu í gær þar sem hann sagði að ekki hefði verið hætt við Bitruvirkjun þó að stjórnin hefði ákveðið fyrir tveimur mánuðum að hætta undirbúningi og fresta frekari framkvæmdum á svæðinu. Eftir þessi ummæli Kjartans steig Ólafur F. Magnússon borgarstjóri fram og sagði alveg ljóst að Bitruvirkjun hefði verið slegin af.

„Það er sjálfsögð og eðlileg krafa að borgarþátttakendur og almenningur í landinu viti hvað meirihlutinn ætlar sér með málefni Orkuveitunnar,“ segir Óskar. „Ég lýsti strax yfir efasemdum og áhyggjum af skyndiákvörðun um að hætta við framkvæmdir við Bitru.“

Óskar lagði til á fundi borgarráðs þann 30. maí að tilmælum um að endurskoða ákvörðunina um að hætta undirbúningi og fresta framkvæmdum við Bitru yrði beint til stjórnar Orkuveitunnar. Tillagan var felld.



„Ég met það svo að stjórnarformaður Orkuveitunnar sé í raun að viðurkenna mistök sín frá því í júní,“ segir Óskar.

„Eina ferðina enn sjáum við togstreitu og átök innan meirihlutans í borginni,“ segir Svandís Svavarsdóttir, fulltrúi Vinstri grænna í stjórn Orkuveitunnar. „Sjálfstæðismenn vita ekki í hvorn fótinn þeir eiga að stíga í þessu samstarfi.“

Svandís segir óþolandi fyrir stærsta fyrirtæki borgarinnar að búa við svo óstöðuga stýringu. „Að sagt sé eitt í dag og annað á morgun hefur áhrif á allt það starfsfólk sem vinnur

við kjarnaþjónustu í Orkuveitunni, um sex hundruð talsins.“

Sigrún Elsa Smáradóttir, fulltrúi Samfylkingar í stjórn Orkuveitunnar, telur ljóst að ekki verði unnið frekar að undirbúningi Bitruvirkjunar á þessu kjörtímabili.

„Þegar er unnið að miklum framkvæmdum á Hellisheiði og í Hverahlíð. Við þurfum fyrst að sjá hvaða áhrif þær hafa á jarðvarmakerfið á Hengillssvæðinu,“ segir Sigrún Elsa. „Álit Skipulagsstofnunar gegn virkjuninni var alveg skýrt og samrýmist ekki umhverfisstefnu Orkuveitunnar að fara gegn því.“ helgat@frettabladid.is

25% AFSLÁTTUR SUMARTILBOÐ

Nicotinell Frótt 2 mg

LYFJA - Lífið heil

VEÐURSPÁ

HEIMURINN

Kaupmannahöfn	24°
Billund	26°
Ósló	30°
Stokkhólmur	25°
Gautaborg	27°
Helsinki	27°
Eindhoven	29°
Amsterdam	26°
London	25°
Berlín	29°
Frankfurt	32°
Friedrichshafen	29°
París	29°
Basel	28°
Barcelona	29°
Alicante	32°
Algarve	27°
Tenerife	22°

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

Grillum saman

glæsilegt úrval af fersku kjöti

OPIÐ
tíl **20**
alla daga

Ungnautaribeye á gullspjalði

2.365 kr/kg

Verð áður 3.379.-

30%
afsláttur
við kassa



Ungnautaentecote
– á gullspjalði

Ferskar kjúklingabringur
– Piri piri krydd fylgir með

Íslenskar svínalundir
– úr kjötbörði

Lambahryggur
– úr kjötbörði

Fórfel

Betri salöt í Hagkaupum!



Gevalia Cappuccino Daim



Sól appelsínusafi
– 1 l



Cadbury súkkulaði
– 200 gr

Gildir til 27. júlí eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

KJÖRKASSINN



Þykir þér eðlilegt að forseti Íslands verði viðstaddur Ólympíuleikana í Kína?

Já 54,2%
Nei 45,8%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Finnst þér að Sigurður G. Guðjónsson ætti að mega verja Jón Ólafsson?

Segðu skoðun þína á visir.is



6

Það er ekki alls kostar rétt að allt sé dýrara á landsbyggðinni

Sjónum beint að sanngjörnu verði og þjónstu

Hallveig Rúnarsdóttir skrifar: Ég var að koma frá Vestfirðum og fullyrði að mýtan um að allt sé dýrara úti á landi sé dauð. Borðuðum til dæmis á flottasta fiskistað landsins, Tjörúhúsinu á Ísafirði, þegar ég átti afmæli. Fengum þar tvírétt með tveimur glösum af víni á mann, gosi fyrir krakkann og afmæliskökusneid og kaffi á eftir fyrir 7.400 krónur! Rétt er að taka fram að forrétturinn var útibú frá plokksfiski barnsins, hún gat fengið alla þá ábót sem hún vildi, seinni vönglösin voru gefin þar eð við vorum búin að bíða í heilan hálf tíma eftir matnum og afmælistertan var frí. Það besta var þó að maturinn var ekkert annað en ÓLÝSANLEGA góður! Fyrir



DR. GUNNIR neytendur@frettabladid.is

sama rétta- og drykkjafjölda á einhverjum lási millidýrum pastastað í Reykjavík hefðum við aldrei sloppið undir 15 þúsund kallinum. Til samanburðar má taka „fisk dagsins“ á Thorvaldsen, sem hefur á tveimur árum farið úr 1.290 krónum með súpu innifaldri í 2.190 krónur án súpu. Fiskurinn er svo yfirleitt einstaklega nauamt skammtaður þar en fiskipönnurnar á Tjörúhúsinu voru troðfullar.

Hallveig heldur áfram og nefnir tvö önnur dæmi af sanngjörnu verðlagi á Ísafirði: Risa paninibrauð með fullt af kjúklingi, beikoni og finerí með frönskum á Langa Manga kostaði 850 kall. Í Gamla bakaríinu keypti ég svo brauð á 350 krónur, en sambærilegt brauð hjá Bakameistararnum er á 475 krónur.



HRÁEFNI Á LEIÐ Á DISKA Ódýrt fiskmeti má fá í Tjörúhúsinu á Ísafirði og hjá Fimm fiskum á Stykkishólmi.

Óskar Pétur Einarsson er með dæmi frá Stykkishólmi: Á veitingahúsinu Fimm fiskar var fyrir skömmu hægt að fá súpu, splúnkunyjan fisk og kaffi á 1.200 kall á mann. Toppstaður!

LÖGREGLUFRETTIR

Ók undir áhrifum fíkniefna

Einn var tekinn fyrir fíkniefnaakstur í gærmorgun í umdæmi lögreglunnar á Suðurnesjum. Hann reyndist hafa neytt amfetamíns, metamfetamíns og kókaíns.

Tíu teknir fyrir hraðakstur

Tíu voru teknir fyrir hraðakstur í Borgarnesi í gær. Hraðast mældist bíll á um 120 kílómetra hraða á klukkustund. Þrjár voru teknir á Akureyri. Sá sem hraðast ók mældist á 133 kílómetra hraða á klukkustund.

BANDARÍKIN

McCain hittir Dalai Lama

John McCain, forsetaframbjóðandi Repúblikanaflokksins í Bandaríkjunum, hittir Dalai Lama, andlegan leiðtoga Tíbeta, í Aspen í Colorado-ríki í dag. Dalai Lama heldur þar fyrirlestur um málefni Tíbeta. Tíbetar hafa lengi leitað eftir aukinni sjálfsstjórn frá Kínverjum.

Vill hluta lögreglu til sveitarfélaganna

Steinninn Valdís Óskarsdóttir vill flytja hverfalöggæslu til sveitarfélaga. Dómsmálaráðherra er ósammála. Segir aukna löggæslu eina og sér ekki lausnina.

LÖGGÆSLUMÁL Steinninn Valdís Óskarsdóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, segir lítið hafa breyst í löggæslumálum síðasta áratuginn. Hún telur að flytja eigi nærlöggæslu, hverfagæsluna, til sveitarfélaganna. Reykjavíkurlistinn lagði það til árið 1995.

„Það er enn mín bjargfasta trú að ákveðin þættir löggæslunnar eigi heima hjá sveitarfélögum. Nærlöggæslan á mun betur heima þar,“ segir Steinninn Valdís, en áréttar að það eigi ekki við um lítil sveitarfélög. Hún segir skipulagslega ekkert því til fyrirstöðu og vísar í að í dag sé verkefnum á sviði löggæslu skipt á milli lögreglustjóraembætta og Ríkislögreglustjóra.

Steinninn segir að skortur sé á sýnilegri löggæslu og auknar fjárveitingar þurfi til lögreglunnar. „Stefán Eiríksson, lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins, kom á fund fjárlaganefndar í vetur og lýsti yfir miklum áhyggjum af stöðu mála. Ég lít svo á að þetta hafi verið ákall til Alþingis um aðstoð við að auka fjárveitingar til lögreglunnar,“ segir Steinninn.



FRÁ RÍKINU Steinunn Valdís Óskarsdóttir vill flytja hluta löggæslu til sveitarfélaganna. Dómsmálaráðherra er ósammála. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Björn Bjarnason dómsmálaráðherra er ósammála Steinunni og telur að ekki eigi að færa nærlöggæsluna til sveitarfélaganna.

Líkt og Fréttablaðið greindi frá í gær skilaði viðræðuhópur um löggæslu í Reykjavík frá sér skýrslu í mars 2006. Björn segist sammála ýmsu í þeirri skýrslu og að árangur hópsins megi sjá í störfum og stefnumótun Stefáns Eiríkssonar sem lögreglustjóra, en hann leiddi hópinn.

„Ég er sammála þeirri meginniðurstöðu að þessi verkefni eru hvorki alfarið á hendi lögreglu né sveitarfélagsins, heldur byggjast á því, að þeir aðilar, sem koma að því að tryggja borgurum

örukt umhverfi, stíll saman strengi sína,“ segir Björn í svari við fyrirspurn Fréttablaðsins.

Spurður hvort úrbóta sé þörf í löggæslu í miðbænum segir Björn: „Reynslan nú og síðustu ár sýnir, að meira þarf til ef menn vilja bæta ástandið í miðborginni en bæta úr löggæslu – sem hefur þegar verið gert. Þeir menn setja kákin fyrir blinda augað, sem sjá það eitt til úrbóta fyrir miðborgina að auka löggæslu.“

Björn hefur ekkert nema gott að segja um samstarf Reykjavíkurborgar og ráðuneytisins um löggæslumál í sinni ráðherratið.

kolbeinn@frettabladid.is

TIL LEIGU BREIÐIN
Veitinga- og danshúsið Akranesi

Hentugt hús til veitingareksturs
Vinsamlegast sendið fyrirspurnir á ta@bison.is

ostur.is

Grill og ostur
– ljúffengur kostur!

Borgarstjóri segir dómsmálaráðherra bera skorti á fjárveitingum fyrir sig:

Þörf er á sýnilegri löggæslu

REYKJAVÍK Ólafur F. Magnússon borgarstjóri segir núverandi meirihluta hafa unnið kappsamlegar að öryggismálum borgarinnar en nokkurn annan.

Hann segist funda einu sinni til tvisvar í viku með fjölmörgum aðilum um þessi mál. Auk þess hafi hann haft frumkvæði að fundum með dómsmálaráðherra og óskað eftir að ríkisvaldið komi til móts við borgaryfirvöld sem hafi sýnt mikið frumkvæði í þessum málum; bæði með aðgerðum, tækjakaupum og því að leggja til mannafla.

„Dómsmálaráðherra hefur sagst vilja starfa með okkur til að efla löggæsluna í borginni og verða við kröfum okkar um aukna og sýnilegri löggæslu,“ segir Ólafur. „Hann ber hins vegar fyrir sig skorti á fjárveitingum til löggæslumála og skilningsleysis margra stjórnmalamanna á nauðsyn þess að forgangsraða öryggis- og löggæslumálum í samræmi við þýðingu þeirra fyrir almenning.“

Ólafur segir að auk beins þrýstings á dómsmála- og lögreglyfirvöld verði að þrýsta á fjárveitingavaldið að gegna ábyrgð sinni í þessum málum. Hann telur til bóta að færa löggæslumál til sveitarfélaga.



BORGARSTJÓRI Vill færa löggæsluna til sveitarfélaganna. Segir borgaryfirvöld hafa unnið gott starf í löggæslumálum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Ég held að það væri almennt til bóta að færa þessi þýðingarmiklu mál nær vettvangi – frá ríki til sveitarfélaga. Ég tel að verkaskiptingin og samvinnan um þessi mál þurfi að vera í stöðugri endurskoðun, en nærtækasta verkefnið núna er að tryggja eðlileg framlög til öryggismála.“

- kóp

Betri tilboð!



**40%
afsláttur**

FERSKUR KJÚKLINGUR

469 kr/kg

~~782~~ kr/kg



GOÐA LAMBALÆRI
SNEITT (FROSID)

999 kr/kg

~~1.242~~ kr/kg



FRESCHETTA 2 MINI
CALZONE

299 kr/pk

~~399~~ kr/pk



HUNT TÓMATSÓSA 1,3kg

199 kr/stk

~~249~~ kr/stk



GOÐA ALVÖRU HAMBORGARAR

2x175g

398 kr

~~568~~ kr



SUNKIST ORANGE
CAN 330ml

79 kr/stk



X-TRA VINGUMMI, LAKKRISKONIFEKT
OG VINGUMMI&LAKKISBLAND

199 kr/pk

~~299~~ kr/pk



CAMPINO
STRAWBERRY 140gr

149 kr/pk

~~199~~ kr/pk



PEPSI MAX 6X2L
OG DISKUR

990 kr

DVD
fylgir með

Verið velkomin í Nettó

Mjódd - Salavegi - Akureyri - Höfn - Grindavík

SKULDABRÉF N1 HF.

TEKIN TIL VIÐSKIPTA Á OMX NORDIC EXCHANGE ICELAND HF.



N1 hf. hefur birt lýsingu vegna töku skuldabréfa til viðskipta á OMX Nordic Exchange Iceland hf.

Nafnverð útgáfu: Heildarnafnverð skuldabréfanna sem nú eru tekin til viðskipta er 2.000.000.000 kr. í einum flokki. Nafnverð hverrar einingar er 10.000.000 kr.

Skilmálar víxlanna: Skuldabréfin eru óverðtryggð og greiðir bréfið árlega 20,30% fasta vexti af höfuðstól. Fyrsti vaxtagdagur er 11. júlí 2008. Fyrsti vaxtagjalddagi er 13. júlí 2009 og annar og síðasti vaxtagjalddagi er 11. janúar 2010. Höfuðstól bréfanna ber að endurgreiða í einni greiðslu á lokagjalddaga þann 11. janúar 2010. Auðkenni flokksins á OMX Nordic Exchange Iceland hf. er N1 08 1 og ISIN IS0000018315.

Fyrsti viðskiptadagur: OMX Nordic Exchange Iceland hf. mun taka skuldabréfin til viðskipta þann 25. júlí 2008.

Umsjón með sölu skuldabréfanna og töku til viðskipta á OMX Nordic Exchange Iceland hf. er Glitnir banki hf., Kirkjusandi 2, 155 Reykjavík. Lýsinguna og önnur gögn sem vitnað er til í henni er hægt að nálgast hjá N1 hf, Dalvegi 10-14, 201 Kópavogi og á heimasíðu N1 hf. www.n1.is fram til lokadags skuldabréfanna.

Reykjavík, 25. júlí 2008.

GLITNIR

HÁGÆÐA SLÍPIROKKAR



SAB 1100



SAB 22-330

Við höfum verkfærin
LANDVÉLAR ÍSTÆKNI

Smiðjuvegi 66 200 Kópavogi Sími 580 5800

Grafika 2008



Auglýsingasími

512 50 50



- Mest lesið

Ragnar Aðalsteinsson ósáttur við úrskurð:

Fengu ekki að tjá sig

DÓMSMÁL Verjandi Jóns Ólafssonar, Ragnar Aðalsteinsson, sem og ákærvaldið, fengu ekki að tjá sig um kröfur sínar og rök um skipan Sigurðar G. Guðjónssonar sem annars verjanda Jóns. Ragnar hefur sagt að málið sé réttarfarsleg mistök.

„Þegar við mættum til þinghalds í fyrradag las dómariinn úrskurðarorðin upp, án þess að heyra sjónarmið aðila. Það er grundvallarregla að við fáum að tjá okkur,“ segir Ragnar.

Úrskurðað var í fyrradag að ekki mætti skipa Sigurð sem verjanda Jóns því möguleiki væri á að hann væri vitni í málinu, en hann

var eitt sinn forstjóri Norðurljósa. „Sigurður hefur aldrei verið yfirheyrður sem vitni í þessu máli,“ segir Ragnar. „Sakborningur [Jón Ólafsson] ætti að vera í bestu aðstöðunni til að meta hvort verjandi geti sinnt starfi sínu af trúmennsku.“ Jón Ólafsson, ásamt þremur öðrum sem störfuðu hjá Norðurljósum, er ákærður fyrir að hafa svikið 360 milljónir króna undan skatti. Í lögum um meðferð opinberra mála segir: „ekki má skipa eða tilnefna þann mann verjanda sem kann að verða kvaddur til að bera vitni“. Ákvörðunin hefur verið kærð til Hæstaréttar.

- vsp



OBAMA Í BERLÍN Forsetaefni bandaríska Demókrataflokkans var tekið eins og poppstjörnu í Berlín í gær, þar sem meira en tvö hundruð þúsund manns hlýddu á ræðu hans við Sigursúluna á 17. júní-stræti.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Vill rífa fleiri múra niður

Meira en tvö hundruð þúsund manns hlýddu á ræðu Baracks Obama í Berlín í gær. Obama hvatti Evrópumennt og Bandaríkjamenn til að starfa saman.

ÞÝSKALAND, AP „Ný kynslóð, okkar kynslóð, verður að setja mark sitt á söguna,“ sagði Barack Obama, forsetaefni bandaríska Demókrataflokkans, í ræðu sem hann flutti við Sigursúluna í Berlín í gær.

Meira en tvö hundruð þúsund manns voru mætt til að hlýða á ræðu hans, þar sem hann sagði nauðsynlegt að rífa niður múra milli trúarbragða, kynþátta og þjóða.

„Þegar þið, þýska þjóðin, rifuð niður þennan múr,“ sagði hann og átti þá við Berlínarmúrinn, sem stóð ekki langt frá ræðustað hans, „þá hrundu niður múrar um heim allan.“ Nú þurfi að halda áfram því starfi.

Hann kom víða við í ræðu sinni við Sigursúluna í Berlín í gær. Hann hvatti Evrópubúa og Bandaríkjamenn til að starfa saman að því að „vinna bug á hryðjuverkum og þurrka upp þann öfgabrunn sem nærir þau“.

Ljúka þurfi stríðinu í Írak, krefja Írana um að hætta við kjarnorkuáform sín og efla baráttuna gegn talibönnum í Afganistan.

Barack Obama fetaði í fótspor Bandaríkjaforsetanna Johns F.

Kennedy og Ronalds Reagan í gær með því að flytja ræðu undir berum himni í Berlín.

Mótherji hans, John McCain, forsetaefni Repúblikanaflokksins, sagðist þó frekar vilja flytja ræðu þar þegar hann væri orðinn forseti Bandaríkjanna heldur en sem forsetaframbjóðandi.

„Hann er að tala til Þjóðverja, Berlínarbúa, en kjarninn í boðskapnum, hinn raunverulegi boðskapur, er ætlaður kjósendum hans í Bandaríkjunum,“ sagði Eckart van Klæden, þingmaður í íhaldsflokki Angelu Merkel kanslara.

Í mannfjöldanum í Berlín var ungur Bandaríkjamaður, Vernon Thomas frá Omaha í Nebraska, sem sagði ótrúlegt að sjá hve mikinn stuðning Obama hafi í Þýskalandi.

„Mér finnst þetta undravert. Hér í Berlín er fleira fólk komið til að sjá hann heldur en í heima-bæ mínum,“ sagði Thomas, sem tvisvar hefur hlýtt á Obama flytja ræðu í Omaha.

Obama hitti fyrr um daginn Angelu Merkel, kanslara Þýskalands, og Klaus Woweriet borgarstjóra.

gudsteinn@frettabladid.is

Panasonic LUMIX



Myndavélar sem hugsa fyrir okkur! Intelligent Auto **iA**

Panasonic Lumix myndavélar með Intelligent Auto framkvæma allt það flókna og tæknilega á meðan þú slakar á við myndatökur! Með Intelligent Auto möguleikanum sameinar Panasonic fjórar tækninýjungar sem tryggir að þú gerir aldrei mistök.

Panasonic DMCLS70
Staðfræn MYNDAVÉL með 7,2 milljón punkta upplausn, Venus Engine II, LUMIX DC Vario linsu, 3x Optical og 4x Digital Zoom, 5.8 - 17.4mm linsu með MEGA OIS hristivörn, 2.0" LCD skjá, hágæða hreyfimyndatöku með hljóði, rauf fyrir SD/SDHC kort ofl.



TILBOÐ
16.995

FULLT VERÐ 22.995

7.2
MILLJÓN
PUNKTA



8.1
MILLJÓN
PUNKTA

Panasonic DMCLS80
Staðfræn MYNDAVÉL með 8,1 milljón punkta upplausn, Venus Engine III, LUMIX DC Vario linsu, 3x Optical og 4x Digital Zoom, 5.5 - 16.5mm linsu með MEGA OIS hristivörn, 2.5" LCD skjá, hágæða hreyfimyndatöku með hljóði, rauf fyrir SD/SDHC kort ofl.

TILBOÐ
18.995

FULLT VERÐ 22.995



8.1

LEICA
DC LENS

Panasonic DMCF53
8,1 millj. punkta uppl., Venus Engine IV, Intelligent Auto, Face Detection, LEICA DC Vario Elamrit linsu, 3x Optical og 4x Digital Zoom, 5.5 - 16.5mm linsu með MEGA OIS hristivörn, 2.5" LCD skjá, hágæða hreyfimyndatöku með hljóði, 50MB Innra minni, rauf fyrir SD/SDHC kort ofl.

VERÐ
24.995

FRÁBÆRT VERÐ



10.1

LEICA
DC LENS

Panasonic DMCF55
10,1 millj. punkta uppl., Venus Engine IV, Intelligent Auto, Face Detection, LEICA DC Vario Elamrit linsu, 4x Optical og 4x Digital Zoom, 5.2 - 20.8mm linsu með MEGA OIS hristivörn, 2.5" LCD skjá, hágæða hreyfimyndatöku með hljóði, 50MB innra minni, rauf fyrir SD/SDHC kort ofl.

VERÐ
34.995

FRÁBÆRT VERÐ



12.1
MILLJÓN
PUNKTA

Panasonic DMCFX100
12,1 milljón punkta upplausn, Venus Engine II, LEICA DC Elamrit linsu, 3.6x Optical og 4x Digital Zoom, 6.0 - 21.4mm linsu með MEGA OIS hristivörn, 2.5" LCD skjá, hreyfimyndatöku og rauf fyrir SD/SDHC kort. 27MB innra minni.

TILBOÐ
32.995

FULLT VERÐ 44.995



2,7"

Panasonic NVG580
Digital TÖKUVÉL með 2,7" skjá, 1/6" upptökuflögu, 800.000 punkta uppl., 32x Optical og 1000x Digital Zoom, Color Night view, Pure Colour Engine, MEGA O.I.S titringsdeyfi, Snapshot, DV útg., vefmyndavél ofl.

TILBOÐ
29.995

FULLT VERÐ 32.995



2,7"

Panasonic SDRH20
Með 30GB hörðum disk, 800.000 punkta upplausn, 32x Optical og 1000x Digital Zoom, Color Night view, MEGA O.I.S titringsdeyfi, kyrrmyndavél, 2.7" LCD breiðskjá, Dolby Digitalhljóðupptöku og USB 2.0. 512MB SD kort fylgir.

TILBOÐ
49.995

FULLT VERÐ 54.995



2,7"

Panasonic SDRH250
Með 30GB hörðum disk, 3CCD 1/6" upptökufloögum með 800.000 punkta upplausn hver, Leica Dicomar Linsu, 10x Optical og 700x Digital Zoom, Color Night view, MEGA O.I.S titringsdeyfi, kyrrmyndavél, 2.7" LCD breiðskjá, Dolby Digital hljóðupptöku og USB 2.0. 512MB SD kort fylgir.

TILBOÐ
64.995

FULLT VERÐ 79.995



Panasonic HDCSD9
HÁSKERPU TÖKUVÉL með Full HD uppl. (1920 x 1080), MPEG4-AVC/H.264 upptaka (AVCHD samþæfð), 3CCD 1/6" upptökufloögum - 560.000 p. uppl. hver, Leica Dicomar Linsu, Viera Link, 10x Optical og 700x Digital Zoom, Color Night view, Advanced O.I.S titringsdeyfi, 2.7" LCD breiðskjá, Dolby Digital Surround 5.1 hljóðupptöku, USB 2.0. Tekur á SD/SDHC kort.

VERÐ
99.995

FRÁBÆRT VERÐ

REYKJAVÍK
SUDURLANDSBRAUT 26
SÍMI 569 1500

AKUREYRI
GLERÁRGÖTU 36
460 3380

HÚSAVÍK
GARDARSBRAUT 18A
464 1600

SELFOSS
EYRARVEGI 21
480 3700



Heimilistæki

ht.is

Volkswagen kynnir nýjar leiðir til að spara umtalsverðar fjárhæðir.

NAME Volkswagen Passat

Þú færð Passat fyrir aðeins 44.750 kr á mánuði*



NAME Volkswagen Polo

Þú færð Polo fyrir aðeins 24.950 kr. á mánuði*



80% lán í að fullu í erlendri mynt

Þeir sem hafa hraðar hendur geta sparað umtalsverðar fjárhæðir með kaupum á nýjum Polo eða Passat. Við bjóðum takmarkað magn af þessum sparneytnu bílum á mögnuðum kjörum. Komdu núna. Við tökum vel á móti þér og gamla bílnum þínum líka!

Volkswagen Passat
Verð áður ~~3.570.000 kr.~~
Verð nú **3.355.000 kr.**

*Sjálfskiptur Passat Comfortline Plus 2.0 FSI kostar nú aðeins 44.750 kr. á mánn. í 84 mánn. m.v. 100% myntkörfúlán með 20% útborgun. Árleg hlutfallstala kostnaðar 11,5%.

Volkswagen Polo
Verð áður ~~1.990.000 kr.~~
Verð nú **1.875.000 kr.**

*Beinskiptur Polo Comfortline 1.4 kostar nú aðeins 24.950 kr. á mánn. í 84 mánn. m.v. 100% myntkörfúlán með 20% útborgun. Árleg hlutfallstala kostnaðar 11,78%.



Das Auto.

Reynslan er góð!

Laugavegi 172-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt



Bandarískur sérfræðingur sakar Afganistanforseta um að styðja ópíumbaróna:

Hamid Karzai lék á Vesturlönd

AFGANISTAN, AP Hamid Karzai, forseti Afganistans, er sakaður um að torvelða baráttu gegn fíkniefnaframleiðslu í landinu. Hann er sagður vernda stóra fíkniefnaframleiðendur af pólitískum ástæðum.

„Karzai átti óvini í röðum talibana sem græddu á fíkniefnum, en hann átti jafnvel enn fleiri stuðningsmenn sem gerðu það líka,“ segir Thomas Schweich, sem, þar til fyrir fáeinum vikum, var einn helsti sérfræðingur utanríkisráðuneytis Bandaríkjanna í fíkniefnamálum Afganistans.

„Karzai lék á okkur eins og fiölu,“ segir Schweich í grein í



HAMID KARZAI Vinir hans eru sagðir auðgast á fíkniefnaviðskiptum.

NORDICPHOTOS/AFP

New York Times á miðvikudag. „Vinir Karzais gátu auðgast á fíkniefnaviðskiptum; hann gat

kennt Vesturlöndum um vandamál sín; og árið 2009 yrði hann kosinn til nýs kjörtímabils.“

Á næsta ári verða forsetakosningar haldnar í Afganistan, og Karzai hefur gefið til kynna að hann muni líklega bjóða sig fram.

Schweich gagnrýnir líka suma ráðamenn í bandaríska hernum fyrir að koma í veg fyrir að herinn verði notaður til að aðstoða við að eyða uppskeru. Bæði NATO og yfirmenn Bandaríkjahers hafa verið tregir til að blanda sér í baráttuna gegn fíkniefnum, með þeim rökum að þá myndu bændur hrekjast í faðm talibana.

- gb

Segja veginn fara gegnum óraskað land

Lagning nýs Dettifossvegar raskar óspilltu landi að mati framkvæmdastjóra Landverndar og landeigenda. Umhverfisstofnun og Skipulagsstofnun lögðust gegn framkvæmdinni. Sveitarstjórn Skútustaðahrepps styður framkvæmdina.

VEGAGERÐ Landvernd og nokkrir landeigendur, sem land eiga að veginum, leggjast gegn lagningu nýs Dettifossvegar um Jökulsá á Fjöllum. Umhverfisstofnun, Skipulagsstofnun og tvö sveitarfélög, sem land eiga að veginum lögðust einnig gegn framkvæmdinni á sínum tíma. „Verið er að raska óspilltu landi,“ segir Bergur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Landverndar.

Jón Illugason, einn landeigenda að landi vegarins, tekur í sama streng. „Óraskaða landið er mjög nærri Jökulsánni og þarna eru merkar flóðaminjar eftir hamfaralóð í ánni. Ég tel þetta mjög misráðið,“ segir Jón. Framkvæmdin átti að hefjast í sumar en hefur hins vegar frestast vegna þess að Jón og einn annar landeigandi hafa neitað að semja við Vegagerðina.

Landvernd og þeir landeigendur sem mótfallnir eru nýja veginum vilja frekar sjá úrbætur á gamla fjallvegnum, númer 862, eða nýjan veg sem væri á svipuðu vegstæði.

G. Pétur Matthíasson, upplýsingafulltrúi Vegagerðarinnar, segir að tekið hafi verið tillit til sjónarmiða landeigenda. „Vegurinn er hins vegar gerður vegna sterks vilja sveitarfélagana. Það verður alltaf að velja og hafna. Í hinni hugmyndinni [sem merkt er A] felst röskun á grónu landi sem sveitarstjórnin og Landgræðslan gátu ekki hugsað sér.“

Upphafid á lagningu nýs Dettifossvegar var árið 2001 þegar starfshópur var settur á laggirnar, með þeim þremur sveitarfélögum sem land áttu að veginum til að meta bestu leiðina. Starfshópurinn mælti með vegi sem byggður væri vestan Jökulsár en Óxarfjarðarhreppur og Kelduneshreppur vildu byggja veg austan megin Jökulsár.

ÚR ÁLYKTUNUM


Skipulagsstofnun - „Skipulagsstofnun telur að fyrirhuguð lagning 1. áfanga Dettifossvegar milli Hringvegar og Dettifoss samkvæmt veglinu B og B2, sé ekki ásættanleg vegna verulegra neikvæðra, varanlegra og óafturkræfra áhrifa á jarðmyndanir, landslag og ásynd svæðisins.“ Umhverfisstofnun - „Umhverfisstofnun leggst gegn veglinu B vegna umtalsverðra neikvæðra áhrifa á jarðsögulegar minjar, landslag, framtíðarútvist og friðlýsingu svæðis norðan Vatnajökuls eða friðlýsingu Jökulsár á Fjöllum.“

Kelduneshreppur árið 2003 - „Hreppsnefnd Kelduneshrepps ítrekar fyrir ályktun sína um vegamál við Jökulsá á Fjöllum um að heilsársvegur meðfram Jökulsá liggja austan ár.“ Kelduneshreppur breytti síðar um skoðun.

Óxarfjarðarhreppur - „Sveitarstjórn vill hinsvegar enn ítreka að hún telur mikilvægt að uppbyggður vegur með bundnu slitlagi verði austan Jökulsár á Fjöllum.“

Kelduneshreppur breytti hins vegar skoðun sinni seinna. Vegagerðin gerði þá hugmynd að veginum B, sem merktur er á kortinu. Umhverfisstofnun og Skipulagsstofnun lögðust gegn þeim vegi árið 2006 og báðu Vegagerðina um að koma með nýja hugmynd.

Þá var stungið upp á vegi sem merktur er A á kortinu. Að sögn Jóns Illugasonar voru allir heimamenn mótfallnir þeim vegi því þá væri farið í gegnum grótt land og að hluta til í gegnum landgræðslugirðingu. Vegagerðin undirbýr nú að framkvæma veg B þrátt fyrir



VEGURINN Hér sjást þær hugmyndir sem settar voru fram. Vegurinn sem fyrirhugað er að leggja er vegur B en Skipulagsstofnun og Umhverfisstofnun vildu veg A. Landeigendur vilja endurbætur á fjallvegi númer 862.

vilja Umhverfisstofnunar og Skipulagsstofnunar. vidirp@frettabladid.is

TVÆR LEIÐIR TIL AÐ NJÓTA HÁRRA VAXTA

Save&Save opinn

15%*

breytilegir vextir

- Óbundinn innlánsreikningur
- Hægt að leggja inn og taka út hvenær sem er

Save&Save bundinn

14,5%*

fastir vextir í heilt ár

- Bundinn í 12 mánuði
- Vextir greiddir út mánaðarlega og eru ávallt lausir

Glitnir leggur 0,1% mótramlag í Glitnir Globe, sjóð sem styrkir sjálfbæra þróun

Farðu inn á saveandsave.is eða talaðu við ráðgjafa Glitnis og kynntu þér hvernig þú getur notið hárrar ávöxtunar um leið og þú leggur náttúrunni lið.

*skv. vaxtatöflu Glitnis 01.07.2008

GLITNIR

ÚTSALA

42"
PLASMA



VERÐ ÁÐUR 153.900

139.900

ÚTSALA

42PC51

42" LG plasma sjónvarp

15%
AFSLÁTTUR



VERÐ ÁÐUR 153.900

129.900

ÚTSALA

37LC55

37" LG LCD sjónvarp

14%
AFSLÁTTUR



VERÐ ÁÐUR 139.900

119.900

ÚTSALA

32LC56

32" LG LCD sjónvarp



50%
AFSLÁTTUR

Cambridge heimabíómagnarar, stereo magnarar og geislasplárar

50%
AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM HÁTÖLURUM



Aego M hvítir og svartir tölvu- og ipod hátalarar

50%
AFSLÁTTUR



VERÐ ÁÐUR 29.900

14.950

ÚTSALA

41%
AFSLÁTTUR



VERÐ ÁÐUR 16.900

9.900

ÚTSALA

HIF-6880USMPT

Roadstar minisamstæða

VERÐ ÁÐUR 29.900

24.900

ÚTSALA



HT302SD

LG heimabíó

17%
AFSLÁTTUR

VERÐ ÁÐUR 13.900

7.900

ÚTSALA

DVXI980HDB

Scott HDMI spilarar

43%
AFSLÁTTUR

VERÐ ÁÐUR 4.490

2.250

ÚTSALA



9681

Práðlaust auga

50%
AFSLÁTTUR

27%
AFSLÁTTUR



VERÐ ÁÐUR 54.900

39.900

ÚTSALA

DLP20D3

20" LCD sjónvarp

MP-F63/G1

MP3

spilari

1GB



37%
AFSLÁTTUR


VERÐ ÁÐUR 10.900

6.900

ÚTSALA

50%
AFSLÁTTUR

SNÚRUR OG TENGI



RAFTÆKJAVERZLUN ÍSLANDS HF

- ANNO 1929 -

Skútuvogur 1 • Sími 568 8660 • ri@ri.is www.ri.is

Opið: Virka daga kl. 9-18 • Laugardaga 11-14

Líf er gott LG

NÝ SUMARTILBOÐ



Stillanleg rúm með okkar bestu
IQ-CARE heilsudýnu

Swissflex 145	Verð áður	Tilboð
160x200	299.900	169.900
180x200	309.900	179.900

Proflex	Verð	Tilboð
160x200	279.900	259.900
180x200	299.900	279.900

Scape	Verð	Tilboð
160x200	479.900	459.900
180x200	499.900	479.900



Sofia rúmstæði með náttborðum
fyrir dýnu-stærð 160/180x200
Tilboð **69.930** Verð áður 99.900

Fataskápur

Tilboð **77.940** Verð áður 129.900

20% afsláttur af
hlífðardýnum og lökum
við dýnukaup

10.000 kr. afsláttur af
öllum heilsurúmum



BELAIR svefnsofi
með leðuráklæði
Tilboð **89.880**
Verð áður 149.800



Visco-X með botni og fótum
Hjónarúm stærð 180x210
Tilboð **129.900** Verð áður 225.800
Einstaklingsrúm stærð 90x210
Tilboð **64.950** Verð áður 112.900



COE leður-rúmstæði
fyrir dýnu-stærð 160x200
Tilboð **76.930**
Verð áður 109.900



AKUREYRI



REYKJAVÍK

Svefn & heilsa



Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Óseyri 2, Akureyri, 461 1150
Ópið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 14:00

www.svefn.is

BONUS**BONUS****BONUS**

Sama verð um land allt!

FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR

40% AFSLÁTTUR



Holta ferskar kjúklingabringur
1679 kr./kg. MERKT VERÐ 2799 KR./KG

BLANDAÐIR FERSKIR KJÚKLINGABITAR



Bónus ferskir blandaðir kjúklingabitar
349 kr./kg. MERKT VERÐ 499 KR./KG

ÍSLENSK BLEIKJUSTYKKI BEINHREINSUÐ



Íslensk bleikja beinhreinsuð
899 kr./kg.

McCain AMERÍSKAR RISAPIZZUR



McCain amerískar risapizzur
800-900g Aðeins **398 kr stk.**

INNFLUÐTAR FROSNAR GRÍBALUNDIR



Innfluttar frosnar gríbalundir
1279 kr./kg. MERKT VERÐ 1598 KR./KG.

Með fyrirvara um prentvillur
eða uppseldar vörur.

BONUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGA 10.00 TIL 19.30

BONUS**BONUS****BONUS**

Pampers bleiur Megapakki JUNIOR & MAXI PLÚS
2298 kr kassinn.



Nestlé Nesquik
800g dós 398 kr.



Bónus RISA
hamborgarabrauð
4 stk. 98 kr.



Ferskt blandað kjóthakk
NAUT & GRIS
598 kr./kg.



30%
AFSLÁTTUR
Íslandsgris fersk grísarif
769 kr./kg



SS Grill BBQ kryddaðar svínakótleittur
1162 kr./kg. MERKT VERÐ 1788 KR./KG.

MYLLU
HEIMILISBRAUÐ 770g



129



598

SEX
FLÖSKUR

Coke Classic & Coke Light kippa 6 x 1 ltr. 598 kr. kippan.



129

Egils Kristall
Sítrónu
2 ltr. 129 kr.

BONUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGA 10.00 TIL 19.30

Með fyrirvara um prentvillur
eða uppseldar vörur.



800 5555

Alla daga
frá 10 til 22



Linde Gas | AGA

FRÉTTASKÝRING: Yfirlit yfir störf barnaverndarnefnda

Barnaverndaryfirvöld fá sífellt fleiri mál sem þau ná ekki að komast yfir

Tilkynningum til barnaverndaryfirvalda fjölgaði um nær fjórðung milli ára 2006 og 2007 eða 22 prósent. Alls bárust 6.893 tilkynningar til barnaverndarnefnda árið 2006 en í fyrra voru tilkynningarnar 8.410 talsins. Jafngildir það því að á hverjum degi hafi barnaverndarnefndum landsins borist 23 tilkynningar að jafnaði.

Steinunn Bergmann, félagsfræðingur hjá Barnaverndarstofu, sem fer með stjórn barnaverndarmála í umboði félagsmálaráðuneytisins, segir tæp 30 prósent tilkynninganna hafa borist vegna vanrækslu foreldranna. Þá hafi um ein af hverjum fimm tilkynningum verið vegna ofbeldis foreldra hvort sem um var að ræða tilfinningalegt, líkamlegt, eða kynferðislegt ofbeldi, um helmingur tilkynninganna sé svo vegna áhættuhegðunar ungmenna.

Nálgast hættumörk

Í byrjun nóvember á síðasta ári var ljóst að mikil fjölgun tilkynninga hafði orðið milli ára. Bragi Guðbrandsson, forstjóri Barnaverndarstofu, sagði þá í viðtali við Fréttablaðið að alvarlegt væri að þótt þeim málum sem bærast á borð sveitarfélaga fjölgi mjög á fimm ára tímabili hefði starfsmönnum barnaverndarnefnda ekki fjölgað svo merkjanlegt væri. Álag væri nú orðið mjög mikið á starfsmenn. „Það sem veldur mér helst áhyggjum er að með auknu álagi á starfsmenn gefst þeim minni tími til að sinna alvarlegum málum. Ég velti fyrir mér hvort við séum ekki komin að hættumörkum hvað þetta varðar,“ sagði Bragi. Hann benti þó á að fjölgun tilkynninga þyrfti ekki að vera alsæl. Mikill hluti þeirra myndi skýrast af breyttum starfsháttum lögreglu og vaxandi trausti almennings á barnavernd. Auk þess mætti einnig benda á að mörg þessara mála væru ekki af alvarlegum toga en þeim yrði engu að síður að sinna.

Hlutfallslega færri mál könnuð

Í skýrslunni nú birtir Barnaverndarstofa í fyrsta sinn tölur yfir fjölda þeirra mála sem nefndirnar ákveða að kanna samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga.

Það sem kemur í ljós þegar rýnt er í þær tölur er að þótt þeim tilkynningum sem hafa borist á borð barnaverndarnefnda hafi fjölgað gríðarlega síðustu þrjú ár er ekki teljandi breyting á fjölda þeirra mála sem barnaverndarnefndir sinna. En eftir því sem fram kemur í gögnum Barnaverndarstofu eru þetta að jafnaði mál er varða 2.100 til 2.200 börn. Einnig kemur þar fram að sífellt lægra hlutfall mála sem tilkynnt eru til barnaverndarnefnda leiðir til könnunar og hugsanlegra afskipta af hálfu nefndanna.

Þannig var þetta hlutfall um 45 prósent á árinu 2006 en 52,5 prósent fjórum árum áður.

Steinunn segir tvær skýringar kunna að liggja að baki því að starfsmenn barnaverndarnefnda sinna hlutfallslega færri málum en áður. Önnur sé að fjölgun hafi orðið á þeim málum sem álitin eru léttvægari þar sem þröskuldur fólks gagnvart misfellum á aðbúnaði barna sé mun lægri en áður var. Hin skýringin kunni þó að felast í því að barnaverndarnefndir komist ekki yfir fleiri mál vegna ónógs mannafla.

Steinunn segist þó ekki óttast að



OFBELDI OG ÁHÆTTUHEGÐUN Tæp 30 prósent tilkynninganna bárust vegna vanrækslu foreldra. Um ein af hverjum fimm tilkynningum vegna ofbeldis foreldra, hvort sem um var að ræða tilfinningalegt, líkamlegt, eða eða kynferðislegt ofbeldi. Um helmingur tilkynninganna var vegna áhættuhegðunar ungmenna.

stærri mál verði útundan vegna þessa. Þau hafi ávallt forgang í kerfinu. „Hins vegar óttast ég að þetta verði til þess að minni málum sé ekki sinnt í tæka tíð og hætt við að þau þróist til verri vegar,“ segir hún.

Vandi vegna vaxandi fíkniefna-neyslu

Mikil umræða skapaðist um aðstæður barna vímuefnaneytenda fyrr á þessu ári eftir að ættingjar ungrar tveggja barna móður sem lést frá börnum sínum vegna neyslu gagnrýndu aðgerðaleyssi barnaverndar. Barnaverndarstofa aflaði upplýsinga á landsvísu um ástand þessara mála í kjölfar umræðunnar og gagnrýni ættingjanna. Athuginin leiddi í ljós að árið 2007 og til maí á þessu ári komu barnaverndarnefndir að málum sex mæðra og eins föður sem höfðu haft forsjá barns og létust af völdum vímuefnaneyslu og geðræns vanda. Foreldrarir sem létust áttu samtals tólf börn sem þeir höfðu forsjá yfir. Að auki komu fram upplýsingar um andlát fjögurra foreldra af sömu ástæðum, sem ekki höfðu forsjá barna sinna. Um er að ræða tvær mæður og tvo feður sem samtals áttu sjö börn sem ýmist lutu forsjá hins foreldrisins, náinna aðstandenda eða annarra fósturforeldra.

Tölurnar tóku yfir íbúa alls landsins en flest málin voru úr Reykjavík.

Þá er vert að benda á að í svörum barnaverndarnefnda landsins við fyrirspurn Barnaverndarstofu kom fram að fjölmargir foreldrar sem nefndirnar hafa nú afskipti af geti talist í lífshættu vegna neyslu á áfengi og öðrum vímuefnum.

Steinunn bendir á að nái fólk að yfirstíga fíknisjúkdóminn sé það yfirleitt ekki verri foreldrar en aðrir. „Foreldrar sem eru í neyslu eru þó engan veginn hæfir til að annast börnin,“ segir hún en bendir á að úrræði fyrir foreldra sem glími við fíkn séu mörg og fjölbreytt.

Börn í fóstri

Á árunum 2004 til 2007 fjölgaði tilkynningum um vanrækslu á



STEINUNN BERGMANN Félagsráðgjafi hjá Barnaverndarstofu segir að stærri mál fái ávallt forgang. Mikil fjölgun mála geti þó orðið til þess að þeim málum sem talin eru léttvægari er ekki sinnt og geta þau því þróast á verri veg vegna aðgerðaleyssis.

umsjón barna og eftirliti um 657 mál, eða úr 1.513 í 2.170 yfir allt landið. Fréttablaðið fjallaði um málið í maí og sagði Bragi verulegan hluta þessara tilteknu tilkynninga kominn til vegna fíkniefnaneyslu foreldra. Samhliða fjölgun þessara tilkynninga hefði börnum í tímabundnu fóstri fjölgað en talsverður hluti þeirra barna sem send eru í fóstur eru börn vímuefnaneytenda.

Í fyrra voru alls 138 börn í tímabundnu fóstri yfir allt landið á vegum barnaverndarnefnda. Heildarfjöldi barna í fóstri á vegum barnaverndaryfirvalda var í fyrra 357 samtals. Markmiðið með tímabundnu fóstri er að barnið fari heim á ný og eru foreldrar með forsjá barnsins á meðan það er í fóstri. Í tölum frá Barnaverndarstofu kemur einnig fram að börn sem voru í varanlegu, tímabundnu eða styrktu fóstri á Íslandi voru samtals 308 árið 2003. Sá fjöldi var óbreyttur árið 2004 en árið 2005 voru börnin orðin 326 talsins. Árið 2006 voru þau 343 en í fyrra voru börn í fóstri samtals 357.

Skýringu á þessari fjölgun segir



BRAGI GUÐBRANDSSON Forstjóri Barnaverndarstofu hefur bent á að starfsfólki barnaverndarnefnda hafi ekki fjölgað í hlutfalli við gríðarlega fjölgun tilkynninga.

Steinunn einnig geta falist í því að mun færri börn eru nú send á meðferðarheimili en áður.

Í skýrslunni kemur einnig fram að í fyrra fjölgaði þeim sem vildu gerast fósturforeldrar. Steinun segir ekkert slegið af kröfum til þeirra sem sækja um leyfi til að vera fósturforeldrar þótt aukin þörf hafi verið á þessu úrræði. Ítarleg athugin fari ávallt fram svo hægt sé að ábyrgjast öryggi barnsins sem best. Gagnrýni á ónóga gæslu sem komið hefur upp vegna lögreglurannsóknar á máli stúlku, sem kveðst hafa verið misnotuð meðan hún var í fóstri, svarar Steinun þannig til að tölfræði sýni ekki fram á að börn hjá fósturforeldrum séu í meiri hættu á misnotkun en önnur. Aldrei sé hægt að útiloka að slík mál komi upp.



FRÉTTASKÝRING
KAREN D. KIARTANSDÓTTIR
karen@frettabladid.is

Útsalan í fullum gangi 15-60% afsláttur!



Ath! Afsláttur
af öllum vörum
í búð.



Bjóðum upp á vaxtalaust lán í allt að 12 mán.
Opíð virka daga 10-18, laugardaga 11-16.

Síðumúla 30 - 108 Reykjavík - Sími 568 4242 - www.heimahusid.is

HEIMA mood
HÚSIÐ heima
Óndregi

KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

OMX ÍSLAND 15
4.168 0,20%Fjöldi viðskipta: 114
Velta: 783 milljónir

MESTA HÆKKUN

↑ BAKKAVÖR +1,19%
KAUPPING +0,69%
STRAUMUR-B.ÁS +0,54%

MESTA LÆKKUN

↓ FÆREYJA BANKI -2,03%
SPRON -3,23%
TEYMI -3,13%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVISITÖLU: Alfesca 6,94 +0,29% ... Atorka 5,54 +0,00% ... Bakkavör 25,45 +1,19% ... Eimskipafélagið 14,25 +0,00% ... Exista 6,28 -0,48% ... Glitnir 14,98 -0,07% ... Icelandair Group 17,05 +0,00% ... Kaupping 730,00 -0,69% ... Landsbankinn 22,95 -0,22% ... Marel 84,80 -0,94% ... SPRON 3,00 -3,23% ... Straumur-Burðarás 9,31 +0,54% ... Teymi 1,55 -3,13% ... Össur 85,50 +0,00%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Kvartmilljarður í tap

Færeyska fjármála-fyrirtækið Eik banki tapaði 250 milljón-um króna á fyrri helmingi ársins samanborið við fjöggra milljarða

hagnað á sama tímabili fyrir ári. Eik banki tapaði rúmlega 360 milljónum á öðrum ársfjórðungi. Eik banki stýðst við færeyska reikningsskilastaðla enn um sinn en til stendur að taka upp alþjóðlegu reikningsskilastaðlana IFRS 1. janúar 2009. Í uppgjöri bankans kemur fram að ef farið hefði verið eftir þeim nú liti uppgjörð betur út og hefði sýnt rúmlega 600 milljóna króna hagnað. Munurinn felst í uppfærslu á skráðum eignum bankans og niðurfærir bankinn eignir að andvirði 2,4 milljörðum króna. Lækkunin kemur til meðal annars vegna lækkana á eignarhlut í Spron og Atlantic Petroleum sem hafa lækkað mikið; um 63,5 prósent og 20,8 prósent á tímabilinu.

UPPGJÖR EIK BANKA

Efir ársfjórðungum

Fyrsti ársfjórðungur +122 mkr
Annar ársfjórðungur -362 mkr
Sex mánaða uppgjör -250 mkr

Fá tækifæri í Kauphöllinni á þessu ári

Félög Kauphallar birta nú hvert af öðru uppgjör fyrir annan ársfjórðung. Flestir greinendur segja lítil kauptækifæri. Markaðir fari ekki að glæðast fyrr en afskriftum ljúki og erlendir markaðir fari að róast.

„Við sjáum ekki kauptækifæri fram til áramóta. Afkoman er að versna hjá flestum félögum og hún mun gera það áfram út árið,“ segir Ingólfur. Hann telur að gengisbreytingar og verðbólga hafi þar mikil áhrif. „Afskriftabörfin mun koma á seinni hluta ársins.“

Ingólfur segir að gengisbreytingar hafi mikil áhrif á rekstrarfélögin. „Það eru félög sem eru að fjármagna sig með erlendri lántöku. Teymi hefur innlendar tekjur og kemur því illa út úr núverandi þrengingum. Umhverfi flugfélaga er erfitt um þessar mundir. Það bitnar á afkomu Icelandair,“ segir Ingólfur. Önnur félög eins og Össur og Marel standi hins vegar betur.

Ingólfur segir mjög erfitt að spá um hvenær markaðir fari að glæðast.

„Hækkun á skuldtryggingarálagi bankanna gefur vísbendingar um að áhættufælni hefur aukist. Aðgangur okkar að erlendum lána-mörkuðum hefur ekki verið að glæðast,“ segir hann.

Ellert Guðjónsson, sérfræðingur í greiningu Kaupþings, telur að bankarnir muni skila ágætum uppgjörum á öðrum ársfjórðungi. „Afskriftir verða samt töluvert



ÓVISSA RÍKIR UM MARKAÐINN Ólíklegt er að markaðurinn taki við sér fyrr en félögin hafa tekið til í rekstri sínum. Staðan á erlendum mörkuðum og olían spila þar einnig stórt hlutverk.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIJÉTUR

hærrí í samanburði við undanfarin ár, þó í takti við fyrsta ársfjórðung,“ segir hann.

Hann segist ekki eiga von á því að nokkurt þeirra rekstrarfélaga sem skráð séu í Kauphöllinni muni skila áberandi góðu uppgjöri. Bakkavör hafi tapað á hlut sínum í írska matvælaframleiðandanum Greencore. Hið sama eigi við um Eimskip eftir tilkynningu um afskrift þeirra á hlut sínum í breska landflutningafyrirtækinu Innovate Holding.

Önnur félög eins og Össur og Alfesca standi þó vel. Hið sama eigi við um Marel. Samruninn við hollenska félagið Stork Food Systems eigi þó eftir að sanna sig.

Ellert segir þróunina hér heima ráðast af því hvenær erlendir markaðir fara að róast og olían spili þar einnig stórt hlutverk. „Uppgjörin sem nú koma gætu líka

gefið einhverjar vísbendingar,“ segir hann.

Sandra Fairbairn, sérfræðingur í greiningu Landsbankans, segist ekki telja að uppgjör annars ársfjórðungs leiði til viðsnúnings á markaðinum. „Það mun frekar ráðast af alþjóðlegu samhengi og hvernig lánsfjárkrísan þróast erlendis,“ segir hún.

Hún segir greiningu Landsbankans búast við auknu útlánatapi hjá bönkum eftir því sem þrengi að hjá fyrirtækjum og heimilum og þókn-atekjur þeirra minnki í samræmi við það.

„Áhrifin af því munu hins vegar koma betur í ljós með haustinu eða þegar líður á veturinn,“ segir Sandra. Einnig má búast við að samdráttur á verðbréfamörkuðum og minna svigrúm til fjármögnunar verkefna muni draga úr þókn-atekjum.

annas@markadurinn.is

Fjórfaldur pottur stefnir í 20 milljónir. Er komið að þér?

Náðu þér í Lottómíða fyrir kl. 18.40 á laugardag.



Lítil velta í Kauphöllinni

Dagurinn í gær var sá veltuminnsti í Kauphöllinni á þessu ári og sá fjórði veltuminnsti frá ársbyrjun 2006. Veltan nam tæpum 783 milljónum króna og sló þar með fyrra met ársins frá 4. júlí þegar veltan nam 1.098 milljónum króna.

Páll Harðarson, forstöðumaður rekstrarsviðs Kauphallarinnar, segir að þetta skýrist af því að deyfð sé yfir markaðinum en helsta skýringin sé þó líklega sumarfrí. „Júlí er búinn að vera rólegur en við höfum ekki áhyggjur af því að þetta sé viðvarandi ástand,“ segir Páll.

-as

DAGSVELTA Í KAUPHÖLL

Tíu veltuminnstu dagarnir frá því í ársbyrjun 2006 fram til gærdagsins.

20.7.2006	376 milljónir
24.7.2006	477 milljónir
16.6.2006	732 milljónir
24.7.2008	783 milljónir
19.7.2006	812 milljónir
3.7.2006	845 milljónir
9.8.2006	871 milljónir
21.7.2006	1.066 milljónir
19.6.2006	1.078 milljónir
4.7.2008	1.099 milljónir

Heimild: Kauphöll Íslands

Nýsjálendingar lækka stýrivexti

Bankastjóri Seðlabanka Nýja-Sjálands, Alan Bollard, lækkaði í gær stýrivexti um 0,25 prósentustig úr 8,25 í 8,0 prósent.

Lækkunin kemur í kjölfar verri fregna af alþjóðlegum mörkuðum frá síðasta stýrivextaákvörðunardegi. Hann bendir á að erlent lánsfjármagn sé orðið dýrara og því sé mikilvægt að styðja við hagkerfið

með aðgengi að ódýrara fjármagni.

Í rökstuðningi með ákvörðuninni segir að minni virkni í efnahagslífinu, leiðrétting á húsnæðisverði ásamt háu olíuverði muni draga úr neyslu. Hátt verð á útflutningi og þensluhvetjandi stefna ríkisvaldsins muni þó hjálpa við að efla hagkerfið á komandi ári.

- bpa

Sættir hjá Nokia og Qualcomm

Sættir hafa náðst í deilu farsímaframleiðandans Nokia og örflöguframleiðandans Qualcomm um einkaleyfi. Fyrirtækin hafa deilt í nærri þrjú ár um eignarrétt og greiðslur fyrir einkaleyfi.

Farsímaframleiðendur greiða að meðaltali um fimm prósent af verði hvers síma til Qualcomm.

Samkvæmt samningnum, sem er til 15 ára, munu fyrirtækin láta af öllum málaferlum, skiptast á einkaleyfum og leyfisgjald Nokia verður lækkað. Fjármálastjóri Nokia, sem finnska viðskiptablaðið Kauppalehti ræddi við, segir samninginn mjög hagstæðan.

Hlutabréf í báðum félögum hækkðu í kjölfar tíðindanna.

- msh



JORMA OLLILA FORSTJÓRI NOKIA

Ný Select í Garðabæ

Helgina 25. - 27. júlí opnum við nýja bensínstöð
í verslunarkjarnanum við Litlatún.

Bensínstöðinni við Bæjarbraut hefur því verið lokað.

Verið velkomin um helgina!



kr. **99.-**

Select vínarpylsa
+ 0,4 l gos úr vél



Barnaís

kr. **50.-**

kr. **10.-**

afsl. af hverjum
eldsneytislítra

Önnur afsláttarkjör gilda ekki til viðbótar
við 10 kr. afsláttinn af eldsneyti.

made to move 



Ólympíuleikarnir í Peking í Kína:

Að mæta eða ekki

ÓLI KRISTJÁN ÁRMANNSSON SKRIFAR

Síðustu fréttir sem berast frá Kína eru á þá leið að stjórnvöld þar í landi gangi hart fram í að þagga niður mótmæli foreldra barna sem létust þegar skólabyggingar hrundu í jarðskjálftum í Sichuan-héraði í maí síðastliðnum. Bæði sé borið á fólk, því hótað vilji það ekki láta af mótmælum og komið í veg fyrir að hægt sé að rannsaka hvort kastað hafi verið til höndum í byggingu skólanna sem hrundu. Fjölmiðlum er bannað að fjalla um málið. Svo hafa kínversk stjórnvöld líka látið þau boð út ganga að óvelkomnir á leikana væru geðfatlaðir, alnæmissjúkir og fleiri, auk þess sem margvísleg ritskoðun er þar stunduð, hvort heldur hún snýr að fjölmiðlum eða interneti.

Þá hefur heldur ekki lagst vel í fólk hér heima viðbrögð kínverskra stjórnvalda eftir að Björk Guðmundsdóttir tengdi á tónleikum sínum þar í mars lagið Declare Independence við stöðu mála í Tíbet. Fyrr í þessum mánuði birti kínverska menningarmálaráðuneytið tilkynningu um að ekki yrði hleypt inn í landið skemmtikröftum sem áður hefðu haft í frammi athæfi „sem ógnað gæti fullveldi kínverska ríkisins“. Ekki var upplýst um hverjir væru á svörtum lista, en fréttastofan Xinhua sagði þó ljóst að Björk væri á honum.

Því er ekki að undra að umdeild sé heimsókn Ólafs Ragnars Grímssonar, forseta Íslands, til Kína vegna Ólympíuleikanna í næsta mánuði og vera hans á lokahátíð leikanna. Vera fulltrúa annarra þjóða á leikunum er ekki síður umdeild. Samtök á borð við Blaðamenn án landamæra hafa kallað eftir því að ráðamenn sniðgangi Ólympíuleikana og lýsi með því vanþóknun á þeirri ritskoðun sem viðgengst í Kína og viðurkenni að kínversk stjórnvöld hafi slegið slöku við í að koma á umbótum sem voru skilyrði þess að Alþjóðaólympíusambandið heimilaði að leikarnir yrðu haldnir í Peking. Velt er upp þeirri spurningu hvort vera kunni að viðskiptahagsmunir vestrænna fyrirtækja sem renni hýru auga til ógnarstórra markaða í Kína hafi orðið til þess að slakað sé á kröfum og skilaboð um nauðsynlegar umbætur séu hljóðari en annars.

Viðskiptahagsmunir mega hins vegar ekki verða til þess að brot á mannréttindum séu látin óátalin. Ákvörðunin um hvort mætt skuli á leikana snýst hins vegar um skoðanir á því hvernig best verður knúð á um breytingar til hins betra í Kína. Í samtali við blaðamann Fréttablaðsins lýsti forsetinn skoðun sinni ágætlega og kveðst hafa á síðustu árum sannfærst um að vænlegasta leiðin til að styrkja mannréttindi og lýðræðisþróun í Kína sé að eiga jákvæðar viðræður við kínverska ráðamenn og sýna þeim virðingu og sóma, um leið og þeir séu tengdir inn í alþjóðlega umræðu. „Aðrar aðferðir, sem einkennast af fjandskap, skila ekki jafn miklum árangri,“ segir forsetinn.

Við spyrjum því að leikslokum. Ætla má að tignargestir viðstaddir lokahátíðarhöld leikanna hafi tækifæri til að benda valdhöfum í Kína á þá þætti sem betur mega fara og á rétta vestræn viðhorf um gildi mála-, rit-, og skoðanafrelsis.

Eftir stendur að ef til vill hefði Alþjóðaólympíusambandið átt að sjá það árið 2001, þegar staðsetning leikanna í ár var ákveðin, að Peking væri ekki heppilegasti staðurinn fyrir stærsta íþróttavíðburð heims og að tilefni hafi verið til að endurskoða ákvörðunina þegar örfáum dögum eftir úthlutun breyttist allur tónn í orðræðu kínverskra ráðamanna um ráðgerðar umbætur í mannréttindamálum.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Skoðunarferðir

Þrjátíu og eitthvað Samfylkingarmenn sem styðja verndun neðri hluta þjórsár heimsóttu íbúa á nærliggjandi jörðum í gærkvöldi og fengu sér meðal annars súpu og brauð á lífræna búinu Skaftholti í Gnúpverjahreppi. Þá var svæðið sem fer undir vatn, ef virkjun verður að veruleika, skoðað. Auðvitað er þetta hið besta mál enda æskilegt að fólk í stjórn málum – sem og á öðrum sviðum þjóðlífsins – kynni sér vel þau mál sem það hefur skoðanir á. Svo er bara að sjá hversu margir Samfylkingarmenn fara í skoðunarferð



um Helgúvík þar sem framkvæmdir við nýtt álver eru hafnar. Samfylkingarfólk sem styður þá framkvæmd hlýtur að efna til slíkrar heimsóknar.

Borgarfulltrúinn og ráðherrann

Svo virðist sem að í Birni Bjarnasyni hafi búið tveir menn á árunum 2003 til 2006 en á þessu árabili var hann bæði borgarfulltrúi í Reykjavík og dómsmálaráðherra. Björn hefur upplýst að í dómsmálaráðherratíð sinni hafi aðeins einn borgarstjóri – Ólafur F. Magnússon – óskað eftir fundi með honum um löggæslumál í borginni en þá söguskýringu undrast reyndar Vilhjálmur

Þ. Vilhjálmsson í Fréttablaðinu í gær. Hvað sem því líður virðist Björn hafa gætt þess vel að blanda ekki saman þessum tveimur störfum sínum og ekki nálgast löggæslumál í Reykjavík sem dómsmálaráðherra á vettvangi borgarinnar og ekki sem borgarfulltrúi á vettvangi ráðuneytisins.

Þarf að fara að uppfæra ferilskrána

Það er svo önnur saga að í ferilskrá Björns á heimasíðu Alþingis er þess ekki getið að hann var kosinn til setu í borgarstjórninni kjörtímabilið 2002-2006.

bjorn@frettabladid.is



SPOTTIÐ



Enn rembist Framsókn

UMRÆÐAN

Einar Kristinn Guðfinnsson svarar Guðna Ágústssyni

Þrátt fyrir að Guðni Ágústsson, formaður Framsóknarflokksins, rembist eins og mest hann má í grein í Fréttablaðinu í gær, getur hann ekki dregið athygli frá því sem ég vatkti máls á daginn í áður í grein í sama blaði. Framsóknarflokkurinn er afskaplega einn og einmanna í gagnrýni á tímabundna ráðningu Tryggva Þórs Herbertssonar í starf efnahagsráðgjafa í forsætisráðuneytið. Gagnrýni Framsóknar er eitt dæmið um þann farveg sem forysta flokksins hefur kosið sér. Flokkurinn heyr nú kapp við VG um neikvæðni og er nú orðinn alltaf-á-móti-flokkur eins og ég nefndi í fyrradag. Öðruvísi mér áður brá, svo ég segi það enn.



EINAR KRISTINN GUÐFINNSSON

Þetta var ofureinfaldlega það sem sagði í grein minni.

Það er skiljanlegt að Guðni sneiði hjá þessu. Og er þetta þó í sjálfu sér ekki stórt mál, þó ekki hafi ég í þetta sinn getað stillt mig um að benda á þessa undarlegu þversögn, með grein í þessu blaði. Þessa tvíhyggju og þar með á mótsagnirnar í málflutningi forystumanna Framsóknarflokksins núna var ástæðulaust að láta liggja á milli hluta.

En kjarni málsins er þá þessi. Almennt er því vel tekið að ráðinn sé til verka snjall og virtur hagfræðingur á tímum þegar þörf er á því að taka vel á málum, rétt eins og ríkisstjórnin hefur unnið að. Þótt Framsókn slái sinn falska tón í því máli þá hefur enginn áhyggjur af því. Þeir um það og það varðar mig að minnsta kosti litlu þótt þeir verði sér til skammar. Það hljóta Framsóknarmenn þá að eiga við sig sjálfa í öllu sínu basli.

Ríkisstjórnin hefur unnið að margs konar efnahagsaðgerðum, eins og kunnugt er. Það breytir því hins vegar ekki, að ástandið sem við er að glíma, er alvarlegt og af margvíslegum rótum runnið. Einfaldar tófralausnir fyrirfinnast því ekki þó sumir kjósi að láta svo. Verkefnið verður því viðvarandi á næstunni. Þar þarf bæði að taka á, á sviði ríkisfjármála, peningamála, við eflingu fjármálastöðugleika og síðast en ekki síst eflingu atvinnulífsins, einkánlega á sviði gjaldeyrissköpunar, til þess að styrkja forsendur hagkerfisins. Það er verkefnið sem ríkisstjórnin gerir sér grein fyrir og vinnur að, algjörlega óháð sífrinu úr herbúðum Framsóknar.

Þótt Framsókn slái sinn falska tón í því máli þá hefur enginn áhyggjur af því. Þeir um það og það varðar mig að minnsta kosti litlu þótt þeir verði sér til skammar.

Ég vakti líka athygli á því að gagnrýni forystumanna Framsóknar í þessu tiltekna máli hitti fyrir þann foringja flokksins sem maður bjóst síst við. Steingrím Hermannsson. Einfaldlega vegna þess að á sama tíma og hann var á tímamótum eðlilega hylttur af flokki sínum, er ómögulegt að sjá annað en málflutningur forystumanna Framsóknar nú, gæti átt við sams konar ákvarðanir þessa fyrrum formanns Framsóknarflokksins

Höfundur er sjávarútvegs- og landbúnaðaráðherra.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFLAG: 365
RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson
AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir
FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Halldórsson og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál).
FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson.
VIÐSKIPTARITSTJÓRAR: Björn Ingi Hrafnsson og Óli Kr. Ármannsson.
Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Sérhönnuð fyrir íslenska veðráttu

Markísur

Íslensk gæðaframleiðsla
Viðhaldsfrítt efni
Endalausir möguleikar

SEGLAGERÐIN ÆGIR

Eyjarslóð 5 101 Reykjavík S: 511 2200 www.seglagerdin.is

LÚXUS Í FELLIHÝSI

Matur sem búinn er til á ferðalagi með fellihýsi þarf ekki að vera síðri en sá sem gerður er heima, en fellihýsin bjóða upp á íburðarmeiri matargerð en tjöldin gera.

MATUR 2



DISKÓ Á HÚSAVÍK

Diskóbandið The Hefners var stofnað sérstaklega fyrir Mærudaga á Húsavík árið 2005 og er orðinn árlegur viðburður að hljómsveitin spili fyrir bæjarbúa og gesti.

HELGIN 3



allt

HEIMILI HELGIN HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA GRÆJUR ATVINNA TILBOÐ VINNUVÉLAR O.FL.

FRÉTTABLAÐIÐ



4ra rétta tilboð

og nýr A la Carte

- Léttreiktur lax með granateplum og wasabi sósu
- Humarsúpa, rjómalöguð með grilluðum humarholum
- Lambahryggur með lambaskanka og rósmarínsósu
- Banana- og súkkulaðifrauð með vanillusósu

6.490 kr.

Hægt er að panta 4ra rétta seðilinn með sérvöldu vini með hverjum rétti: 9.990 kr.

NÝTT!

Glas af eðalvíni

Côte Rôtie „La Mouline“ 2003 | Rhône, Frakkland
Opus One 1995 | Napa Valley, Bandaríkin

Nú hefur veitingahúsið Perlan bætt við möguleikanum að velja sér glas af 19 eðalvínnum með mat. Verð frá 890-8.900 kr.

Sjá nánar á perlan.is.



Veitingahúsið Perlan - Sími 562 0200 - Fax 562 0207
Netfang perlan@perlan.is - Heimasíða www.perlan.is



Ásta Árnadóttir knattspyrnu-
stelpa þess albúin að hella
sér í baksturinn.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Skellir oft í skúffuköku

Knattspyrnukonan knáa, Ásta Árnadóttir, heldur stundum kaffiboð fyrir vini og vandamenn og þá er brúna skúffukakan ávallt á borðum.

„Ég byrjaði að baka skúffuköku þegar ég var í 7. bekk. Þá vorum við, ég og vinkona mín, alltaf að baka. Síðan hef ég oft skellt í köku og haldið kaffiboð og skúffukakan nýtur alltaf jafnmikilla vin-

sælda,“ segir Ásta. Aðspurð kveðst hún meðal annars stundum húa í Valsstelpurnar í slík boð og er ekki að efa að skúffukakan gerir sitt til að styrkja liðsheildina auk þess að gæla við bragðlauka stúlkanna. Ásta er aðstoðarmaður bróður síns í sumar sem er málari, hún er því í málningarvinnu bæði úti og inni en æfir auk þess fótboltann stíft enda bæði í Val og landsliðinu.

gun@frettabladid.is

BYLGJAN 989

Sumarleikur

SÉDOGHEYRT

LAUGAR

Das Auto.

olis

HEKLA

Coca-Cola

www.icelandair.is

Frábærir vinningar alla föstudaga í sumar!

SUMAR TILBOÐ

Djúpsteiktar ræjur með súrsætri sósu
Svínakjöt og grænmeti með mildri karrysósu
Matarmiklar vorrúllur með grænmeti
Kjúklingur og grænmeti í Satay sósu

krónur 2790 fyrir tvo

krónur 1395 á mann

ATH! SUMARTILBOÐ ER EINGÖNGU AFGREITT FYRIR 2 EÐA FLEIRI • EF ÞÚ HRINGIR OG SÆKIR FYLGIR 2L. KÖK MED TILBOÐINU

Við drögum á föstudögum í allt sumar í morgunþætti Ívars Guðmundssonar á Bylgjunni. Borgarferð fyrir 2 til Evrópu með Icelandair, 6 mánaða kort í World Class Laugum, sumaraskrift að Séð og Heyrt, bensín úttekt frá Olis og sumarglaðning frá Vífelfelli. Og í lok sumars drögum við út Volkswagen Fox til áfnota í heilt ár.

NINGS

SUÐURLANDSBRAUT 6, HLÍÐASMÁRA 12 OG STÓRHÖFÐA 17
PÖNTUNARSÍMI: 588 9899
NINGS AKUREYRI PÖNTUNARSÍMI: 440 6600

allt

matur o.fl.

Ananas hentar í alla matargerð vegna hins sætsúra bragðs síns. Ananasinn er upprunninn á Úrúgvæ, Brasilíu og Paragvæ. Hann er hollur og inniheldur mikið af A- og C-vítamíni.



Kryddolíur Pottagaldra við grillið í allt sumar




Auðunn undirbýr matseldina vel áður en farið er af stað í útileguna. Hann sker niður matinn, marinera hann og jafnvel eldar heilu réttina fyrirfram.



FRETTBLADID/STEFAN

hádeggi / kvöld

GÓÐUR STAÐUR Á GÓÐUM STAÐ



Gott að borða í fríinu

Auðunn Sólberg Valsson matreiðslumeistari lumar á uppskrift að ljúffengum sinneps- og hvítlaukslegnum laxi sem hann segir tilvalið að hafa með í fellihýsaferðir.

Auðunn Sólberg Valsson, matreiðslumeistari hjá Frjálsa fjárfestingarbankanum og eigandi Matreiðslumeistarans ehf., hefur átt fellihýsi í fimm ár og kveðst ferðast mikið á því með fjölskyldunni. Hann segir matinn sem búinn er til á ferðalaginu engu síðri en þann sem gerður er heima, enda bjóði fellihýsi upp á íburðameiri matargerð en tjaldferðalögin gera. „Maður reynir að hafa lúxusmat enda vill maður fá gott að borða í fríinu.“

Hann segist reyna að undirbúa matinn sem mest áður en lagt er af stað. „Þá þurfum við ekki að standa í mikilli eldamennsku í sjálfri ferðinni og spörum pláss í fellihýsinu. Ég reyni alltaf að vera búinn að marinera kjötið, skera það niður og setja í góð box. Ég elda líka oft einhvern rétt áður en við förum af stað og tek hann kaldan með.“

Auðunn á líka sérstakt grill sem hann notar bæði heima og í útilegunni. „Þetta er ferðagrill sem við

SINNEPS- OG HVÍTLAUKSLEGINN LAX framreiddur með grænmetisþjóti og chili-mangósósu fyrir 4

600 g snyrt laxaflak
2-3 msk. mangó-chutney
Salt

Marinering
2 msk. dijonsinnep
2 hvítlauksgeirar
100 ml ólívuólía
Svartur pipar
1 lime-ávöxtur, safinn og rifinn börkur

Grænmetisþjót
100 g súkkíni
100 g rauð paprika
50 g rauðlaukur
50 g sveppir
8 smátómatar

Byrjið á því að marinera laxinn. Skerið flakið í fjögur jöfn stykki. Saxið hvítlauk fínt og blandið saman við ólívuólíu. Smyrjið sinnepi jafnt á laxastykkinn og kryddið með pipar. Leggið á



fat og hellið lime-safa og olíu yfir. Látið standa á köldum stað í klukkustund eða meira. Saltið síðan laxinn og grillið á vel heitu grilli í um það bil 5 til 8 mínútur á hvorri hlið, allt eftir þykkt stykkjanna. Í lokin skal laxinn penslaður með mangó-chutneyi. Skerið grænmetið í fallega, jafna bita, þræðið upp á spjót og penslið með olíu. Grillið með laxinum í nokkrar mínútur. Kryddið með salti og pipar.

Mangósósa
200 ml mangómauk

1 msk. saxað kóriander
1 stk. chilipipar
1 lime, safinn
Salt
Pipar

Hreinsið fræ úr chilibelgnum og saxið mjög fínt. Hitið í olíu ásamt kóriander. Setjið mauk saman við ásamt lime-safa og sjóðið í stutta stund. Kryddið með salti og pipar.

Með réttinum má bera fram ferskt salat og brauð eða bakaða kartöflu handa þeim sem vilja.

notum mikið. Það fer lítið fyrir því þegar það er lagt saman en verður stórt og mikið þegar það er tekið út.“ Á því eldar hann kjöt, kjúkling og ýmiss konar fisk sem

er fastur í sér. Hann var einmitt svo vænn að deila með lesendum uppskrift að sinneps- og hvítlaukslegnum laxi sem er upplagður á grillið. mariathora@frettbladid.is



Ávöxturinn er fenginn af Baobab-tréinu og er mjög næringarríkur.

NORDICPHOTOS/AFP

Frá Afríku til Evrópu

Evrópusambandið hefur leyft innflutning á sérstökum ávexti frá Afríku til Evrópu.

Ávöxturinn sem að utan líkist kókoshnetu inniheldur sex sinnum meira af C-vítamíni en appelsína og tvisvar sinnum meira kalk en mjólk. Ávöxturinn er fenginn af Baobab tréinu sem hefur lengi verið dáð af Afríkubúum sem trúa því að andi þessi verndi þorpin. Aðeins sér-

þjálfaðir klifrara mega fara upp í tréin til að nálgast ávöxtinn.

Kjöt ávaxtarins er hvítt og hefur áferð líka osti. Hann er mjög næringarríkur og inniheldur mikið af járni.

Vonast er til þess að eftirspurn eftir ávextinum verði til þess að milljónir fátækra fjölskyldna í Afríku muni fá vinnu við að rækta þennan sérstaka ávöxt.

Nánari upplýsingar er hægt að nálgast á www.dailymail.co.uk. -mmf

Uppskrift Ástu

Skúffukaka

1 bolli súrmjólk
2 bollar púðursykur
200 g smjörliki
3 msk. kakó
1 tsk. matarsóði
1 tsk. lyftiduft
1 tsk. vanilludropar
2 stk. egg
½ tsk. salt

Öllu hrært saman. Sett í form. Bakað í ca. 30 mín við 175° C.

Kremið er síðan búið til úr flórsykri, kakó og smá smjöri.



ÞINGHOLTSSTRÆTI 5
101 REYKJAVÍK
+354 552 5588
DOMO@DOMO.IS
WWW.DOMO.IS



Sokkar eru nauðsynlegir í göngur sem gaman getur verið að fara í um helgar. Sniðugt er að taka með sér tvö pör, bæði þykka og þunna og vera í þeim þynnri innanundir hinum.



Mærðir diskódólgar

Diskóbandið *The Hefners* er einn af föstum liðum *Mæru-daga á Húsavík*. Bandið var stofnað sérstaklega fyrir hátíðina.

Húsavíkingar fara sjaldnast troðnar slóðir. Þegar búa átti til hljómsveit sem spila átti á Mæru-dögum árið 2005 lá beinast við í augum heimamanna að safna mannskap í diskóbönd.

Nafnið sem bandið hlaut var „The Hefners“, í höfuð diskódólgans og ástmögursins Hughs Hefner. Auðvitað urðu meðlimir að klæða sig í glamúrgalla, setja á sig hárkollur og breyta litahaftinu. Allt í nafni listarinnar.

Rétt eins og Mærudagarnir sjálfir féll tónlist *The Hefners* heima- og aðkomumönnum vel í geð. „Þetta átti upphaflega bara að vera fyrir Mærudagana en svo ákváðum við að túra aðeins um landið, tókum verslunarmannahelgar og svoleiðis,“ segir Gunnar Illugi Sigurðsson, trommuleikari sveitarinnar. „Við störfuðum í eitt og hálf ár en erum að koma núna saman aftur bara í tilefni Mærudaga.“

The Hefners spila á fjölskyldusamkomu á Hafnarstéttinni laugardagskvöldið 26. júlí og á dansleik á Gamla bauk síðar sama kvöld. Það ætti enginn, hvorki börn né fullorðnir, að vera svikinn af sjónarspilinu sem fylgir því að sjá átta fullorðna karlmenn klæða sig í diskógalla, setja á sig afró-hárikollur og spila



The Hefners koma til með að skemmta ungum sem öldnum á Mærudögum á Húsavík. Þeir spila diskótónlist og bara diskótónlist.

lög frá áttunda áratugnum. Fullorðnir ættu að geta gleymt sér í gömlum tímum og börn lært af mistökum fortíðar.

„Það er einfaldasta leiðin að taka sig ekki alvarlega og það

virðist hitta í mark, að minnsta kosti svona annað slag,“ bætir Gunnar við og hlær.

Mærudagar fara fram á Húsavík nú um helgina, 25. til 27. júlí. tryggvi@frettabladid.is

Ganga og skemmtun í nafni svartfuglsins

Gönguhátíðin *Svartfugl verður haldin nú um helgina í þriðja sinn*. Hátíðin hófst í gær og stendur fram á sunnudag.

Hátíðin er haldin á sunnanverðum Vestfjörðum og markmið hennar er að vekja athygli á svæðinu og þeim náttúruperlum sem þar eru.


„Þetta er í rauninni frábært göngusvæði en hefur verið mjög mikið út undan undanfarin ár,“ segir Hjörtur Smáráson, skipuleggjandi hátíðarinnar. „Hátíðin er haldin til að vekja athygli á þeim möguleikum sem þarna eru

í boði og þeirri menningu sem þarna er að finna. Þess vegna höfum við blandað inn í göngurnar ýmsum uppákomum.“

Nafn hátíðarinnar er tilvísun í svartfuglinn í Látrabjargi annars vegar, því þar er stærsta álkubyggð í heimi, og hins vegar tilvísun í skáldsögu Gunnars Gunnarssonar, *Svartfugl*.

Á hátíðinni eru göngur og uppákomur fyrir alla fjölskylduna og Hjörtur bendir á að allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi.

Upplýsingar um dagskrá hátíðarinnar má finna á www.svartfuglinn.is. -mmf



Lundinn er af svartfuglategund og nafn hátíðarinnar er fengið frá svartfuglinum í Látrabjargi. frettabladid.is/HEIDA



Bernd Ogronnik brúðgerðarmeistari með brúðurnar sem koma fram í leikverkinu *Pétur og úlfurinn*.

frettabladid.is/VALLI

Brúðuleikhús

Pétur og úlfurinn í meðferð Brúðuleikhúss Bend Ogronnik verður í Byggðasafninu Hvoli á Dalvík klukkan 14 á morgun.

Listamaðurinn Bernd Ogronnik er fyrir löngu orðinn þekktur hér á landi fyrir sínar óviðjafnanlegu handútskornu leikbrúður sem hann stjórnar af snilld.

Bernd býr á Þverá í Svarfaðardal og fá Svarfðælingar og gestir þeirra að njóta brúðsýninga hans af og til. Á morgun, laugardaginn 26. júlí, ætlar hann að sýna *Pétur og úlfurinn* á Byggðasafninu Hvoli á Dalvík sem byggð er á sögunni og tónverkinu *Pétur og úlfurinn* eftir Sergei Prokofiev. Það frumsýndi Bernd haustið 2006 og setti síðan upp í Þjóðleikhúsinu vorið 2007 við mjög góðar undirtektir.

Sýningin á Hvoli er liður í Listasumri á Akureyri 2008 og hún tekur um fjórtíu mínútur. -gun

Rúnar Þór

leikur fyrir dansi föstudag & laugardagskvöld

Eldhúsið er opið 11-15 & 18-22. Nýr og spennandi matsdeill

Reykjanesbæ • Matnargötu 10 • Sími: 422 4600 • www.rain.is • rain@rain.is

Sérfræðingar í saltfiski

Ekta fiskur
Sælgeti úr sjónum

Þjónustum verslanir, veitingahús o.fl.
Fyrir verslanir:

Til suðu:
saltfiskbitar blandaðir
gellur
gollarapunnildi

Til steikingar:
saltfiskbitar blandaðir
saltfiskkurl
saltfiskhnakkar tvær stærðir (lomos)
gellur

Fyrir veitingahús – hótél – mötuneyti:
saltfiskhnakkar tvær stærðir (lomos)
saltfiskbitar blandaðir til suðu og steikingar
saltfiskkurl

Fyrir utan saltfiskinn þjónustum við sitthvað fleira, svo sem:
ýsuhnakka
rækjur
þorskhnakka
steinbítskinnar og bita

SAVAGE X 4.6 Big Block

HPI Savage X 4,6
ÖFLUGUR FJARSTÝRÐUR
BENSÍN TORFÆRUTRUKKUR.
EIGUM TIL BÍLA Á GAMLA VERÐINU

Tómstundahúsið • Nethyl 2 • sími 587-0600
www.tomstundahusid.is

2000 kr dagur

- Kjólar
- Peysur
- Gallabuxur
- Pils
- Toppar
- og margt fleira.

Laugaveg 54,
sími: 552 5201

FÖSTUDAGUR

25. JÚLÍ 2008

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS

ÞJÓÐHÁTÍÐAR- KÓNGURINN

Hreimur í Landi og sonum syngur Þjóðhátíðarlagið í fjórða sinn

HÁMENNTAÐAR Í BOLTANUM

Fótboltastelpur mennta sig og ná hámarksárangri

Missti 30 kíló á tæpu ári

Katrín Cýrusdóttir kennari hætti við að fara í hjáveituaðgerð og grennti sig á eigin forsendum



HVAÐ ÆTLAR ÞÚ AÐ GERA UM HELGINA?

Anna Svava Knútsdóttir leikkona



„Ég er að fara á Bræðsluna á Borgarfirði eystri, með vinum og frænkum. Ég er mjög spennt. Ég hef ekki farið áður en það er gaman að fara í útilegu, ég hef ekkert farið í sumar. Það er 17-20 stiga hiti sem bíður eftir mér.“
Anna Svava Knútsdóttir, leikkona með meiru.

Gerður Kristný „Crawford“



Gerður Kristný Guðjónsdóttir komst nýlega að því að skyldmenn hennar sem héldu til Vesturheims á sínum tíma frá Króksfjarðarnesi tóku upp nafnið Crawford.

„Mér datt fyrst í hug gamla Hollywood-leikkonan Joan Crawford,“ segir rithöfundurinn og skáldið Gerður Kristný Guðjónsdóttir, en glöggir lesendur Bakþanka Gerðar Kristnýjar síðastliðinn laugardag hafa ef til vill rekið augun í skemmtilega uppgötvun hennar eftir heimsókn á Vesturfarsætrið á Hofsvósi. Þar komst hún að því að skyldmenn hennar sem héldu til Vesturheims frá Króksfjarðarnesi tóku upp nafnið Crawford.

„Ég komst svo að því að leikkonan hafði tekið upp Crawford-nafnið, þar sem hún hét upphaflega Lucille Fay LeSueur. Það er

því ekkert skylt með okkur og satt best að segja er ég fegin, því þrátt fyrir að vera Óskarsverðlaunahafi var hún einnig þekkt fyrir að vera slæm móðir,“ útskýrir Gerður Kristný.

Spurð um hugsanlegan skyldleika með henni og ofurfyrirsætunni Cindy Crawford slær Gerður á létta strengi. „Cindy er náttúrulega fræg fyrir fæðingarblett fyrir ofan annað munnvikið og ég veit að systir mín hefur látið fjarlægja nokkra fæðingarbletti. Hvað þann skyldleika varðar vonar maður bara það besta,“ segir Gerður og hlær.



Cindy Crawford

fréttir

SYSTKININ SAMSTIGA Í BARNEIGNUM

Systkinin Birgir Ísleifur Gunnarsson, söngvari Motion Boys, og Unnur Elísabet Gunnarsdóttir dansari eiga bæði von á börnum þessa dagana. Unnur og sambýlismaður hennar, leikarinn Gunnar Hansson, eiga von á sínu fyrsta barni saman nú einhvern næstu daga, en enn eru nokkrar vikur í að barn Birgis Ísleifs komi í heiminn. Það verður annað barn Bigga og konu hans, Heiðu Kristínar Helgadóttur, sem eiga fyrir soninn Benedikt. Birgir Ísleifur hefur annars í mörg horn að líta

þessa dagana, því hann er nú að leggja loka-hönd á fyrstu plötu Motion Boys, sem beðið hefur verið með mikilli eftirvæntingu.



Það má segja að þetta sé um 50 prósent nýting á tíu árum,“ segir Hreimur Örn Heimisson, söngvari og höfundur þjóðhátíðarlagsins Brim og boðaföll, en þetta er í fjórða sinn sem hann bæði flytur og semur lag fyrir þjóðhátíð í Eyjum sem hann hefur sótt nánast árlega síðastliðin tíu ár.

„Það er að sjálfsögðu hljómsveitin mín, Land og synir, sem flytur lagið en við höfum lítið verið að koma fram að undanförunu. Við gáfum reyndar út plötuna Lífið er yndislegt fyrir síðustu jóla, sem var upptaka af tónleikum okkar í Óperunni frá því í haust, en þá vorum við að fagna tíu ára afmæli hljómsveitarinnar,“ útskýrir Hreimur. „Við ætlum að spýta í lófana fram að jólum og anna mikilli eftirspurn en í haust er von á nýju lagi frá okkur,“ bætir hann við. Spurður um frekari plötuútgáfu fyrir jólin vill hann ekkert gefa upp. „Ég vil ekkert segja að svo stöddu um þetta nýja efni en okkur líður eins og við séum mjög gjafmildir,“ segir Hreimur sposskur á svip.

Í lok september á Hreimur von á sínu öðru barni með eiginkonu sinni, Þorbjörgu Sif Þorsteinsdóttur, en saman eiga þau dótturina Emblu Margréti, þriggja ára.

„Það hefur allt gengið eins og í sögu, en það mæðir nú minnst á mér enn sem komið er,“ segir Hreimur sem hefur í mörgu að snúast þessa dagana því auk þess að syngja með Landi og sonum spilar hann reglulega með

Hreimur Örn Heimisson er með mörg járn í eldinum

Á von á öðru barni í haust



Hreimur er höfundur þjóðhátíðarlagsins Brim og boðaföll, en hann á von á sínu öðru barni í lok september.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Vigni Snæ Vigfússyni og er verslunarstjóri fyrirtækisins Prodomo sem sérhæfir sig í heildarlausnum á hljóð-, mynd- og ljósabúnaði.

„Það er vægast sagt nóg að gera, því ef maður er ekki að spila opinberlega er maður alltaf að vinna í tónlistinni á bakvið tjöldin.

Svo reynir maður öðru hverju að ná einum golfhring þegar tími gefst til, svona áður en barnið kemur í heiminn,“ segir Hreimur að lokum, en þjóðhátíðarlagið Brim og boðaföll má nálgast frítt á vefsíðunni pepsis.is.

alma@frettabladid.is

FÖSTUDAGUR

Útgáfufélag 365 prentmiðlar
Ritstjórn Sunna Dís Másdóttir
sunna@frettabladid.is
Alma Guðmundsdóttir
alma@frettabladid.is

Blaðamenn Sara McMahon, Kolbrún Björt Sigfúsdóttir, Sólmundur Hólm Sólmundarson

Forsíðumynd Anton Brink
Útlitshönnun Arnór Bogason og Kristín Agnarsdóttir

Auglýsingar Sigriður Dagný Sigurbjörnsdóttir

sigridurdagny@365.is sími 512 5462

Föstudagur Skaftahlíð 24
105 Reykjavík, sími 512 5000

SKJÖLDUR HÉLT UPP Á ÞRITUGSAFMÆLIÐ

Pabbi söng frumsamið lag

„Þetta var bara eitt það skemmtilegasta sem ég hef upplifað á ævinni,“ segir Skjöldur Eyfjörð sem hélt upp á þritugsafmælið sitt síðastliðinn laugardag á staðnum 7-9-13.

„Allur fókusinn fór í að skemmta gestunum og það voru standandi skemmtiatriði frá níu til miðnættis,“ bætir hann við, en meðal þeirra sem komu fram

voru Haffi Haff, Alan úr X-faktor-keppninni og Skjöldur tók sjálfur lagið. „Magnús Jóhann, unnusti minn, var víst búinn að vera að læra á gítar í laumi til að koma mér á óvart, en hann ákvað hins vegar bara að syngja fyrir mig þetta kvöld og tók lagið Everything með Michael Bublé sem er náttúrulega mjög rómantískt. Pabbi söng svo fyrir mig lag sem

var samið fyrir hann út af afmælinu,“ útskýrir Skjöldur.

„Fyrir utan skemmtiatriðin voru svo sýndar alls konar gamlar myndbandsupptökur af mér, þar sem ég var meðal annars að taka þátt í dragkeppnum og var sautján ára að dansa með Páli Óskari,“ segir Skjöldur að lokum, ánægður með vel heppnaða afmælisveislu.



Skjöldur Eyfjörð skemmti sér konunglega í góðra vina hópi þegar hann hélt þritugsafmælið sitt síðastliðinn laugardag.

Salka/CBÓ

Keyndarmálið felst í lögmáli aðdráttarflsins. Allt sem gerist í lífinu löðum við að okkur.

Keyndarmálið er falið innra með hverjum og einum og möguleikarnir eru endalausir.

www.Salka.is Salka



HUGO BOSS

ný vara

HUGO BOSS | KRINGLUNNI 533 4242



B & S
KONUR

ný vara

B&S Kringlunni | 553 4141

BOSS
HUGO BOSS

HUGO
HUGO BOSS

SAND



Birgir Örn Steinarsson er nýbakaður eiginmaður og verðandi faðir.

Söng sjálfur í brúðkaupinu

Birgir Örn Steinarsson blaðamaður, betur þekktur sem Biggi í Maus, gekk að eiga unnustu sína, Kolbrúnu Magneu Kristjánsdóttur, um síðustu helgi.

„Þetta var eini heiðriki sólar-dagurinn við Akureyri í sumar, vinir mínir komu frá útlöndum og þetta var bara alveg frábært,“ segir hinn nýbakaði eiginmaður, en brúðkaupið fór fram í Grundarkirkju í Eyjafjarðarsveit.

Birgir söng sjálfur lag Togga, Þú komst við hjartað í mér, í athöfninni, og þá spilaði Brim í brúðkaupinu.

Birgir segir það magnaða

tilfinningu að vera kvæntur maður. „Ég held að við höfum alveg verið búin að gera þessa skuldbindingu við hvort annað áður,“ segir hann. „Líðanin er ekkert öðruvísi, maður er bara fáránlega hamingjusamur.“

Parið ætlar þó ekki í brúðkaupsferð í brád. „Við erum bara búin með alla peningana okkar eftir þetta brúðkaup og hún er með barni þannig að við bíðum með það. Við förum líka á Hróarskeldu fyrr í sumar, það var svona snemmbúin brúðkaupsferð.“ Barnið er væntanlegt í heiminn í nóvember.

Þrjár gamanleikkonur sameinast á Akureyri

Nýr gamanleikur í undirbúningi

Þetta er grillaður gamanleikur um kerlingar sem eru ekki allar þar sem þær eru séðar. Þær eru á besta skeiði ævinnar þótt illa inrættir kalli það stundum „erfiða skeiði“,“ segir Sigrún Edda Björnsdóttir leikkona um nýjan gamanleik sem nú er í undirbúningi, en á móti henni munu leika Helga Braga Jónsdóttir og Edda Björgvinsdóttir. Leikritið verður sýnt hjá Leikfélagi Akureyrar í vetur undir leikstjórn Maríu Sigurðardóttur og stefnt er á frumsýningu í mars á næsta ári.

„Gísli Rúnar Jónsson er að leggja lokahönd á þýðinguna, en nafnið er enn þá leyndarmál. Konur ættu að hafa mjög gaman af þessu verki og eiginmönnum mun gefast einstakt tækifæri til að hlæja að konum sínum á þessari sýningu. Breski grínistinn Jenny Eclair samdi verk-ið og það er virkilega fyndið, en hún hefur samið fyrir grínista á borð við Dame Edna og Billy Connely,“ segir Sigrún Edda.

Spurð hvenær æfingar hefjist segir hún undirbúninginn byrja strax í haust. „Við ætlum að



Leikkonurnar þrjár brugðu sér í Kringluna til að athuga með búninga fyrir sýninguna.

setja í gírinn fyrir norðan strax eftir áramót og mála Akureyrarbæ rauðan,“ segir Sigrún Edda að lokum.



Sigrún Edda, Helga Braga og Edda Björgvinsdóttir munu leika kerlingar á besta skeiði ævinnar í grilluðum gamanleik hjá LA.



Virkar strax!
Engin fituáferð

PRODERM

technology®

Njótið öryggis í sólinni 6 klukkutíma sólvörn

UVA-UVB

- ➔ Polir endurtekið sjó, sund, þurrkun með handklæði, svita, sand og leik*
- ➔ Rennur ekki af með svita eða vatni, engir hvítir taumar

Húðin verður mjúk og fallega brún

- Verndar húðina gegn ertandi efnum og öldrun húðar
- Fyrir viðkvæma húð og sólarexem
- Fyrir börn og fullorðna
- Inniheldur **ekki** Zink oxide eða Titanium dioxide



* Staðfest af Inveresk Research Inst. (criver.com) sem er óhlutdræg og ein virtasta rannsóknarstofa heims.

Fæst í apótekum og Fríhöfninni - www.celsus.is



borgin mín

RIO DE JANEIRO

ANNA SMÁRADÓTTIR starfsmaður á sambylí

MORGUNMATURINN:

Það eru djúsbarir á næstum hverju götuhorni með ógrynni ferskra ávaxta og brauðmeti, án efa langbestu staðirnin til að byrja daginn.

SKYNDIBITINN:

Acai, ekki spurning! Acai er búið til úr berjum sem vaxa í skógum Amazon, sem er frosnum blandað saman við gurana. Acai er yfirliggjlega ljúft á bragðið og fæst á næstum hverju götuhorni í Ríó á undir 100 krónur. RÓMÓ ÚT AÐ BORDA: Mér finnst mest rómó að borða uppi í rúmi, og þá helst súkkulaðikökku.

LÍKAMSÆKTIN:

Það á víst að brenna kaloríum að liggja í sólbaði og svitna og ég get ófeimin sagt að mér finnst það langbesta „líkamsræktin“. Það er alls ekki óvenjulegt að sjá stælt kroppa skokka eftir ströndum Ríó og þá helst á Ipanemaströnd.

UPPÁHALDSVERSLUN:

Ég get ekki sagt að það sé frábært að versla í Ríó en mér dettur verslunarmiðstöðin Barra Shopping helst í hug, með rándýrum verslunum fyrir fína og fræga fólk. Annars er voða ljúft að

röltu um „Hippie fair-útmarkað sem haldinn er um helgar á torgi í Ipanema. BEST GEYMDA LEYNDARMÁLID: Litill sushi-veitingastaður í verslunarhverfi Rochina, stærsta fátækrahverfi Ríó. Það eru ekki margir túristar sem leggja leið sína þangað, en í einu öngstrætinu er þessi litli demantur sem býður upp á ljúffengt sushi og fer vel með budduna í þokkabót.

HVERNIG ER BEST AÐ EYÐA DEG-INUM:

Best væri að byrja daginn á því að fá sér morgunmat á djúsbar og arka svo niður á strönd til að sýna sig og sjá aðra. Síðdegis er fínt að skella sér á fótbolta á Maracana-leikvangi. Brassar eru vægt til orða tekið vitlausir í fótbolta og er stemningin á leikvanginum engu lík. Um kvöldið væri fínt að fara til Lapa sem er einhvers konar 101 Ríó-búa með ógrynni skemmtistaða og bara. Ég held mikið upp á Clube dos Democáticos sem var stofnaður árið 1867 og hann býr yfir ólýsanlegum sjarma. Þar er eingöngu spiluð lífandi tónlist og þá helst samba. Allt frá ömmum og öfum til ungs fólks sækir þennan stað og dansar tryllt sömbu fram á rauða nótt.

Dell™ mælir með Windows Vista® Home Premium

Í kastljósinu!

Við kynnum margmiðlunarundur frá Dell.



Úrval af mynstrum og litum



Media Direct™



Innbyggt geisladrif



Wi-Fi Catcher™



HDMI tengi



ExpressCard™ tengi



8-i-1 minniskorta lesari



Möguleiki á 2 MP vefmyndavél

Ný Inspiron™ 1525

Nýjasti Intel örgjörvinn tryggir örugga þráðlausa tengingu og frábæra spilun á margmiðlunarefni

INSPIRON™ 1525 insp1525#6

- Intel® Celeron® örgjörvi 550 (2,0GHz, 533MHz, 1MB L2 Cache)
- Windows Vista® Home Basic
- 15,4" Widescreen TruLife skjár (1280x800)
- 1,5GB minni
- 80GB harður diskur, 5400rpm
- 3ja ára ábyrgð á verkstæði EJS / 1 ár á rafhlöðu

89.900,-

3.675,- á mánuði í 36 mánuði

INSPIRON™ 1525 insp1525#7

- Intel® Pentium® Dual-Core örgjörvi T2390 (1,68GHz, 533MHz, 1MB L2 Cache)
- Windows Vista® Home Basic
- 15,4" Widescreen TruLife skjár (1280x800)
- 2GB minni
- 120GB harður diskur, 5400rpm
- 3ja ára ábyrgð á verkstæði EJS / 1 ár á rafhlöðu

109.900,-

4.437,- á mánuði í 36 mánuði

INSPIRON™ 1525 insp1525#8

- Intel® Core™2 Duo örgjörvi T8100 (2,1GHz, 800MHz, 3MB L2 Cache)
- Windows Vista® Home Premium
- 15,4" Widescreen TruLife skjár (1440x900)
- 2GB minni
- 160GB harður diskur, 5400rpm
- 2,0MP vefmyndavél
- 3ja ára ábyrgð á verkstæði EJS / 1 ár á rafhlöðu

139.900,-

5.580,- á mánuði í 36 mánuði

*** FYRIRVARAR:**

Verð er tilbodsverð með vsk og gildir meðan birgðir endast. Verð miðast við gengi og getur breyst án fyrirvara. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl.

Celeron, Celeron Inside, Centrino, Centrino Inside, Centrino Logo, Core Inside, Intel, Intel Logo, Intel Core, Intel Inside, Intel Inside Logo, Intel Viiv, Intel vPro, Itanium, Itanium Inside, Pentium, Pentium Inside, Viiv Inside, vPro Inside, Xeon, and Xeon Inside are trademarks of Intel Corporation in the U.S. and other countries. © 2008 Dell Corporation Limited. Dell, the Dell logo, Precision are registered trademarks or trademarks of Dell Inc..



DELL™

YOURS IS HERE



www.ejs.is // Grensásvegi 10, Reykjavík / Sími 563 3000 // Tryggvabraut 10, Akureyri / Sími 463 3000

Penninn / Hallarmúla 4, Reykjavík / 540 2000 // Penninn Eymundsson / Sólvalldagötu 2, Reykjanesbær / 421 1102 // Tölvu- og rafeindalþjónusta Suðurlands / Eyranvegi 37, Selfoss / 480 3300 // Tölvun / Strandvegi 51, Vestmannaeyjar / 481 1122 // BVT / Austurvegi 15, Vík / 487 1510 // Bókaverslun Þórarins Stefánssonar / Garðarsbraut 9, Húsavík / 464 1234 // Penninn / Hafnarstræti 91-93, Akureyri / 540 2180 // Netheimar / Aðalstræti 27, Ísafjörður / 456 5006 // Kaupfélag Skagfirðinga / Ártorgi 1, Sauðárkrúkur / 455 4500 // Mareind / Nesvegi 7, Grundarfjörður / 438 6611 // Omnis / Brúartorgi 4, Borgarnes / 433 0300 // Omnis / Dalbraut 1, Akranes / 433 0300 // Omnis / Tjarnargötu 7, Reykjanesbær / 422 0300 // Martölvan / Litlu Brú 1, Höfn í Hornafirði / 478 1300

Katrín Cýrusdóttir gafst upp á öllu sem fól í sér orðið „kúr“ fyrir mörgum árum. Eftir að hafa þjáðst af astma, of háum blóðþrýstingi og verið langt yfir kjörþyngd um árabil ákvað hún að leita sér hjálpar. Katrín var þá farin að íhuga hjáveituaðgerð, en lausnin birtist henni með öðrum hætti. Í dag er hún þrjátíu kílóum léttari og nýtur þess að ganga á fjöll við hvert tækifæri. Alma Guðmundsdóttir hitti Katrínu og forvitnaðist um afrek þessarar jákvæðu og orkumiklu konu.

Breytti um lífsstíl

Katrín er 43 ára lærður nuddari og kennari. Hún er búsett á Kiðafelli í Kjós ásamt eiginmanni sínum, Birni Hjaltasyni bókbindara, og starfar sem kennari í Klébergsskóla á Kjalarnesi. Saman eiga þau tvíburana Þorstein og Cýrus, þriggja ára, en bæði eiga þau syni úr fyrri samböndum svo oft er mikið líf og fjör á hemilinu.

Þrátt fyrir að vera fædd og uppalin í Vogunum í Reykjavík er Katrín mikið náttúrubarn og finnst fátt betra en að njóta útiverunnar í Kjósinni og ganga á fjöll, en það var eitthvað sem hún var ekki fær um að gera fyrir ári af heilsufarsástæðum.

„Upphaflega ætlaði ég að fara í hjáveituaðgerð því ég var eiginlega viss um að ég gæti þetta ekki sjálf. Ég hafði lengi haft áhuga á fjallgöngu en aldrei komist.

Hreyfigetan var takmörkuð, ég var með bullandi astma og það var skelfilegt að búa í þessari náttúruparadís í Kjósinni og geta ekki gengið á fjöllin sem eru allt í kring,“ segir Katrín.

„Ég tók mig alltaf til annað slag- ið og fór í átak, þar sem ég gekk og hreyfði mig meira, en svo gafst maður bara upp á því. Ég vissi að ég þyrfti hjálp við að koma mér í form svo ég sótti um að komast inn á Reykjalund í byrjun fyrrasumars, en þá átti ég orðið erfitt með að hreyfa mig. Eðlilegar hreyfingar, eins og að fara út úr bílnum, voru orðnar erfiðar og ég varð móð við minnstu áreynslu,“ útskýrir Katrín sem komst í lækni- viðtal eftir langa bið, en var þá tjáð að hún þyrfti að missa fimm prósent af líkamsþyngd sinni áður en hún kæmist að. „Þegar ég var í viðtalinu hjá læknum í lok maí

Katrín tókst á við breyttan lífsstíl með mikilli jákvæðni og segist aldrei hafa upplifað aðhaldið sem einhverskonar erfiðleika eða átök.



Klæddu þig vel

Opnunartími:

Föstudagur 25. júlí: 9:00-18:00

Laugardagur 26. júlí: 10:00-16:00

Mán - Fim 28. - 31. júlí: 9:00-18:00

Föstudagur 1. ágúst: 9:00-16:00

í fyrra sagði hann að ég ætti ekki möguleika á að komast inn í ágúst-hópinn. Ég sagðist bara víst ætla að komast, missti þessi fimm prósent eins og skot og komst inn á Reykjalund í ágúst í fyrra,” segir Katrín.

Baunaréttir og grænmeti

„Ég ólst upp við mjög hollan mat og móðir mín var dugleg að gera alls kyns baunarétti sem voru ekki á boðstólum á hverju heimili þegar ég var krakki. Hún lagði mikið upp úr því að ég, eldri systir mín og bróðir borðuðum alltaf grænmeti með matnum,“ útskýrir Katrín og minnst þess að grænmetisréttirnir hafi farið misvel í heimilisfólkið. „Pabbi var svo hæverskur að þegar hann var ekki þar hrifinn af einhverjum heilsurétti sem mamma bjó til sagði hann bara „mikið rosalega hlýtur þetta að vera hollt, Guðlaug mín,“ segir Katrín og hlær.

Hún segir mataræðið ekki hafa verið vandamálið heldur hafi hún þungst óhóflega mikið á meðgöngu barna sinna.

„Þegar við Björn höfðum verið saman í tvö ár varð ég ófrísk að lítilli stúlku sem fæddist andvana eftir fulla meðgöngu árið 2002. Það var vissulega erfitt, en það var

engin skýring á því að hún fæddist andvana. Ég var í raun fegin því að vita ekki ástæðuna því þá gat ég ekki stressað mig yfir því þegar ég varð svo ólétt að tvíburunum ári síðar. Mér leið rosalega vel á meðgöngunni með tvíburana og var aldrei óróleg, en ég fann svolítið fyrir því að fólkið í kringum mig var orðið stressað þegar fæðingin nálgadist. Drengirnir voru teknir með keisaraskurði og það gekk allt eins og í sögu,“ segir Katrín, en eftir fæðinguna fannst henni erfitt að losna við aukakílóinn sem hún hafði bætt á sig.

„Ég hef borðað hollan mat til margra ára, en vandamálið var fyrst og fremst að ég borðaði of mikið á móti því hvað ég hreyfði mig lítið. Mér finnst allur matur góður og var bara of gráðug,“ segir Katrín og hlær við.

Aldrei erfitt

Þegar Katrín komst að á Reykjalundi í ágúst í fyrra mætti hún þrjá daga vikunnar milli klukkan átta og fjögur. Þar fékk hún bæði fyrirlestra og fræðslu um offitu, fjölbreytta hreyfingu og næringarráðgjöf. Árangurinn lét ekki á sér standa og eftir að Katrín hafði verið þar í fimm vikur fór henni að snúast hugur varðandi hjáveituaðgerðina. Eftir mikla hvatningu og góðan árangur ákvað hún að gangast ekki undir aðgerðina, en telur hana þó vera lausn á erfiðu vandamáli fyrir mjög marga.

„Þegar ég fór að sjá árangurinn varð ég enn meira tvístígandi. Svona aðgerð er náttúrulega mikið inngríp og krefst þess að maður sé undir reglulegu eftirliti allt sitt líf, svo það er mjög gott að vera laus við hana. Fyrir suma er slík aðgerð ef til vill óhjákvæmileg, en svo eru aðrir sem eru komnir vel á veg og gætu vel haldið sér í formi með uppteknum hætti,“ segir Katrín og telur nauðsynlegt að fólk fullreyni sjálft að ná tökum á þyngdinni áður en það kys að fara í aðgerð.

„Það hjálpaði mér gífurlega að komast á Reykjalund. Þó svo að ég væri ekki að uppgötva eitthvað nýtt fékk ég þann stuðning sem ég



Katrín Cýrusdóttir er dugleg að ganga á fjöll í kringum heimili sitt að Kiðafelli í Kjós og fer gjarnan leiðir sem fáir þekkja.

FÖSTUDAGUR/ANTON

þurfti á að halda. Ég borðaði aldrei meira en 1.500 hitaeiningar á dag, hélt matardagbók og hreyfði mig á hverjum einasta degi svo þetta gerðist jafnt og þétt, en ég er viss um að hreyfing skiptir sköpum,“ útskýrir Katrín sem mun halda áfram að fara á Reykjalund með reglulegu millibili næsta árið, eða þar til tveggja ára aðhaldi lýkur.

Spurð hvort það hafi ekki reynst erfitt að fækka hitaeiningafjöldanum í upphafi frá því sem hún var vön segir Katrín svo ekki vera.

„Þetta voru aldrei átök og satt best að segja fannst mér þessi breyting ekkert erfið. Auðvitað þurfti maður að fara út í þetta með mjög jákvæðu hugarfari og ef maður hugsar jákvætt um hlutina eru þeir bara skemmtilegir. Ég vissi að þetta myndi ekki gerast á mjög stuttum tíma og var tilbúin að breyta um lífsstíl til frambúðar,“ bætir hún við.

Magnið skiptir máli

Nú er komið rúm ár síðan Katrín breytti um lífsstíl og síðan þá

hefur hún misst 30 kíló. Aðspurð segist hún vissulega hugsa um hvað hún lætur ofan í sig en ekki neita sér um ákveðnar fæðutegundir.

„Ég borða allan mat og það er ekkert sem ég sleppi. Ég borða bara minni skammta og vel heldur fituminni tegundir ef ég fæ mér til dæmis ís í eftirrétt. Í veislum borða ég líka þær veitingar sem eru á boðstólum en fæ mér bara einu sinni á diskinn. Það er allt í lagi að leyfa sér að borða einstaka kökusneið svo lengi sem maður getur stoppað eftir einn skammt,“ útskýrir Katrín.

„Auðvitað sleppi ég ruslfæði, svo sem unnum kjötvörum, en annars er ekkert sem ég er með á algjörum bannlista. Í dag er orðið nokkuð innbyggt hjá mér hvað það eru margar hitaeiningar í tilteknum mat svo ég veit nokkurn veginn hvað ég má leyfa mér. Svo þegar það eru veislur borða ég minna yfir daginn til að fara ekki langt yfir dagsskammtinn,“ bætir hún við.

„Hreyfing er líka orðin algjörliga fastur liður í mínu lífi og mér líður illa ef ég hreyfi mig ekki eitthvað á hverjum degi. Astmínn er orðinn mun skárri eftir að þolið varð betra og ég nýt þess að fara í langar göngur og læt veðrið aldrei stöðva mig. Ég held nefnilega að fólki vaxi oft í augum að hreyfa sig og geri sér erfitt fyrir með því að vera að keyra langar vegalengdir í líkamsræktarstöðvar þegar það getur einfaldlega gengið út úr húsinu heima hjá sér og fengið fína hreyfingu í næsta nágrenni,“ útskýrir Katrín.

Aðspurð segist hún hafa náð því markmiði sem hún setti sér í upphafi.

„Ég er ekki komin í kjörþyngd, enda er það ekki það sem skiptir mig máli því ég leitast ekki eftir að verða mjó útlitsins vegna. Mig langaði til að verða heilbrigðari og koma mér í form til að geta hreyft mig almennilega. Í dag get ég gengið á fjöll svo markmiði mínu er svo sannarlega náð,“ segir Katrín að lokum.

Í HNOTSKURN

Stjörnumerki: Sporðdrekki.

Uppáhaldsmatur: Sushi.

Besti tími dagsins: Morgunninn.

Uppáhaldsdrykkur: Maður getur ekki verið án kaffis.

Draumafrið: Skíðaferð í Alpana með fjölskyldunni.

Billinn minn er: Allt of stór og eyðir allt of miklu.

Skemmtilegast: Að vera úti í náttúrunni í sveitinni minni og ganga á fjöll.

Leiðinlegast: Að þrifa – enda gerir Bjössu maðurinn minn það oft.

Hverju myndirðu sleppa ef þú þyrftir að spara: Fatakaupum og allri þessari óþarfa eyðslu.

Mesta freistingin: Matur.

Diskurinn í spilaranum: Múgsefjun.

Uppáhaldsborgin: London.

Besta bókun: Reisubók Guðríðar Símonardóttur eftir Steinunni Jóhannesdóttur.

Allt fyrir Verslunarmannahelgina!

66° Norður markaður á annari hæð í Faxafeni 12.

66°
NORÐUR



Sjóstakkar
frá 1.500 kr.



Sjöhattur
1.500 kr.



Óbrjótanleg flaska
1.000 kr.



Dúnsvefnpoki
12.800 kr.



Mamma Mia! hefur verið gríðarlega vinsæl hvar sem hún hefur verið sýnd.

Nýtt Abbafár

Bíómyndin Mamma Mia! hefur tröllriðið öllu síðustu vikur, en eins og flestir vita er hún byggð á samnefndum söngleik sem skrifaður var í kringum vinsælustu lög sænsku sveitarinnar Abba. Það eru ekki bara íslenskir Abba-unnendur sem flykkjast á myndina, því hún hefur notið gríðarlegra vinsælda hvar sem hún hefur komið á hvíta tjaldid og óhætt er að segja að nýtt Abba-fár sé í uppsiglingu. Plötur og safnplötur með hljómsveitinni hafa rokið út úr tónlistarverslunum eins og heitar lummur og þess eflaust skamms að bíða að útvíðar smekkbuxur skjóti upp kollinum í búðargluggum.

Ef þú átt glóðvolga miða á Mamma Mia! í vasanum er ekki úr vegi að rifja upp nokkra af textunum sem fyrir koma í myndinni, svo hægt sé að syngja með fullum hálsi. Hér koma nokkrir klassískir molar, þar sem textasmíðahæfileikar tvíeykisins Björns og Benny lýsa í gegn.

HONEY, HONEY

Honey honey, how you thrill me,
ah-hah, honey honey.
Honey honey, nearly kill me, ah-
hah, honey honey

MAMMA MIA

I don't know how but I suddenly
lose control.
There's a fire within my soul.
Just one look and I can hear a bell
ring
One more look and I forget every-
thing, w-o-o-o-oh

CHIQUITITA

Chiquitita, you and I know
how the heartaches come and they
go and the scars they're leaving.
You'll be dancing once again and
the pain will end.
You will have no time for grieving

OUR LAST SUMMER

And now you're working in a bank,
the family man, the football fan
and your name is Harry.
How dull it seems.
Yet you're the hero of my dreams

VOULEZ-VOUS

Voulez-vous (ah-ha).
Take it now or leave it (ah-ha).
Now is all we get (ah-ha).
Nothing promised, no regrets.
Voulez-vous (ah-ha).
Ain't no big decision (ah-ha).
You know what to do (ah-ha).
I can still say voulez-vous.

I DO, I DO, I DO, I DO, I DO

Love me or leave me, make your
choice but believe me:
I love you.
I do, I do, I do, I do, I do.
I can't conceal it, don't you see,
can't you feel it?
Don't you too?
I do, I do, I do, I do, I do.



Ása opnaði nýverið tísku-bloggsíðuna trend-land.blogspot.com, en henni fannst vanta blað eða netsíðu tileinkaða tísku á Íslandi.

Nýtt íslenskt tísku-blogg

Ása Ottesen skrifar um tísku

„Ég var búin að hugsa þetta í nokkra mánuði, en ákvað að kýla á þetta þegar ég var úti að borða á afmælisdaginn minn, 17. júlí, með kærastanum,“ segir Ása Ottesen starfsmaður í Gyllta kettinum um heimasíðuna trend-land.blogspot.com sem hún opnaði nýverið.

„Ég hafði séð nokkrar svona bloggsíður hjá breskum stelpum og fannst einmitt vanta blað eða netsíðu á Íslandi sem fjallar einungis um tísku. Ég ætla því að einblína á tískuna hérna heima, vera með tískuviðtal við eina steplu í mánuði og skrifa um þau „trend“ sem eru í gangi hér á landi,“ segir Ása sem hefur fengið góðar viðtökur

frá því hún opnaði síðuna.

„Ég er búin að vera á fullu að svara fyrirspurnum frá stelpum um hvar vissar flíkur fást, en það er einmitt það sem ég vil geta komið á framfæri svo stelpur og konur viti hvar þær geti keypt það sem þeim finnst flott. Vefsíðan er líka alveg óháð svo ég mæli ekkert frekar með einni búð en annari,“ segir Ása

Aðspurð segist hún versla víða og ekki eiga neina eina uppáhaldsbúð. „Mér finnst skórnir í Kron æðislegir og finnst til dæmis gaman að kíkja í Zöru, en ég versla líka mikið á eBay og þegar ég er erlendis. Það skiptir mig engu

máli frá hvaða merki flík er svo lengi sem mér finnst hún flott, svo ég myndi alveg eins kaupa kjól í Skarhúsinu frekar en mun dýrari kjól í Trilogiu ef mér myndist hann flottur. Ég væri löngu farin á hausin ef ég myndi bara versla í dýrustu búðunum og ég held að ungar stelpur sækist eftir fötum á viðráðanlegu verði,“ bætir hún við og útilokar ekki möguleikann á netverslun í framtíðinni.

„Það er aldrei að vita nema maður fái einhverjar verslanir eða hönnuði inn í þetta með sér seinna meir, ef vel gengur,“ segir Ása að lokum.

alma@frettabladid.is

KASTLJÓSIÐ
Bókmenntaverðlaun
2007
Starfsfólk
bókaverslana

Þúsund bjartar sólar
Eftir höfund
Flugdrekaflauparans

„Með Flugdrekaflauparunum flysjaði Khaled Hosseini nokkur lög af fjölmíðlamyndinni af Afganistan. Með Þúsund björtum sólum sýnir hann okkur alla leið inn í kjarnann.“
Hrund Ólafsdóttir / Morgunblaðið

„Þeir lesendur sem gleymdu sér yfir Flugdrekaflauparunum ættu ekki að láta þessa ógleymanlegu bók fram hjá sér fara.“
Booklist

JPV
JPV ÚTGAFA
www.forlagid.is

KOMIN Í KILJU

LOSTÆTI VIKUNNAR


Jógúrtdrykkur með döðlum og vanillu

Morgunverður er ómissandi að margra mati og er oft sagður vera mikilvægasta máltíð dagsins. Hollur morgunverður þarf hvorki að vera flókinn né tímafrekur. Jógúrtdrykkurinn hér að neðan er fljótlegt að útbúa í morgunsárið, en hann er einnig kjörinn sem léttur drykkur milli mála.

JÓGÚRTDRYKKUR MEÐ DÖÐLUM OG VANILLU (FYRIR TVÖ)

- 1 bolli Létt AB-mjólk eða hrein jógúrt
- 1 bolli Léttmjólk, undanrenna eða sojamjólk
- 1 bolli steinlausar mjúkar döðlur
- 1/2 tsk. vanilludropar
- 2 bollar ísmolar

Setjið jógúrt/AB-mjólk, mjólk, döðlur og vanilludropa í blandara. Hrærið þar til döðlurnar hafa maukast vel og blandan er orðin þykk. Bætið ísmolum út í og hrærið áfram þar til ísinn hefur molnað. Skiptið í tvö stór glös og njótið vel.



Knattspyrnukonur eru duglegar að mennta sig samhliða boltanum

Hámenntaðar í boltanum



Beggi og Pacas munu selja lífrænt góðgæti á Sólheimum á morgun.

MATUR, MANNLÍF,
MENNTUN OG MÚSÍK

LÍFRÆNT FJÖR Á SÓLHEIMUM

„Þetta er í fyrsta skipti sem við erum með svona lífrænan dag, en við hugsum þetta sem árlegan viðburð sem við ætlum að byggja upp smám saman,“ segir Bergþóra Hliðkvist Skúladóttir, forstöðumaður Sesseljuhúss á Sólheimum, um lífrænan dag sem haldinn verður á Sólheimum á morgun. „Hinir góðkunnu kokkar, Beggi og Pacas, matreiða og selja góðgæti úr lífrænt ræktuðu hráefni í kaffihúsinu Grænu Könnunni frá klukkan eitt og á Rauða torgi Sólheima verður kynning á lífrænt ræktuðu grænmeti og trjáplöntum auk fræðslu og kynningu á námsmöguleikum í lífrænni ræktun. Okkur finnst mikilvægt að tala jákvætt um lífræna ræktun, en umfjöllunin hefur verið heldur neikvæð að undanförmu,“ útskýrir Bergþóra. „Þar sem Menningarveisla Sólheima stendur sem hæst verða tónleikar með Ragga Bjarna og Þorgeiri Ástvaldssyni í kirkjunni klukkan tvö, en í Menningarveislunni eru í boði fjölbreyttar list- og umhverfissýningar,“ bætir hún við og segir alla vera velkomna á Sólheimum, en aðgangur er ókeypis.

Áhugasömum er bent á að skoða dagskrána á vefsíðunum sesseljuhus.is og solheimar.is.



Bergþóra Hliðkvist Skúladóttir, forstöðumaður Sesseljuhúss á Sólheimum.

Þetta var mikið púl til að byrja með,“ segir María Björg Ágústsdóttir, markmaður KR í Landsbankadeild kvenna. María, eða Maja eins og hún er kölluð, á strangt nám að baki. Hún er BA í hagfræði frá Harvard og MS í stjórnunarfræðum frá Oxford. Hún hóf nám í Harvard haustið 2002 eftir að hafa lokið stúdentsprófi frá Verzlunarskóla Íslands um vorið.

Algennt er að íslenskir knattspyrnumenn og -konur fari í háskóla í Bandaríkjunum. Skólar þessir eru misgóðir „Ég mæli með því að fólk kynni sér vel hvað er í boði þar sem Bandaríkin bjóða upp á svo marga spennandi skóla. Eins og til dæmis Guðrún Sóley [Gunnarsdóttir] sem var í hörkuskóla með hörkufótbolti,“ segir Maja en hún byrjaði að kynna sér bandaríska háskóla tveimur árum áður en hún fór út. María hafði svo sjálf samband við Harvard á sínum tíma. „Mig minnir að einhver í landsliðinu hafi sagt mér frá því að Harvard vantaði markmann. Þó vill enginn kannast við að hafa sagt mér frá því í dag svo það er spurning hvort einhver hafi verið að tala við mig að handan,“ segir Maja og hlær.

Flestir íþróttamenn sem fara til Bandaríkjanna í háskóla fá



María Björg Ágústsdóttir er með BA-gráðu í hagfræði frá Harvard og MS-gráðu í stjórnunarfræðum frá Oxford. Hún starfar hjá Glitni.

svokallaðan hæfileikastyrk en slíkt er ekki í boði hjá Harvard. „Harvard er öðruvísi, þeir gefa ekki hæfileikastyrki. Númer eitt er að komast inn og svo bjóða þeir upp á aðstoð, financial aid eða styrk eftir þörfum á góðri íslensku,“ segir María sem þurfti því sjálf að borga hluta námsins.

María segir að fyrstu önnina í Harvard hafi hún ekki horft á sjónvarp fyrr en í desember sökum anna. „Þetta var samt aldrei of mikið þó ég hugsi oft eftir á hvernig ég fór eiginlega að þessu. Ég naut mín svo vel þarna og maður var svo þakklátur að fá að læra þarna. Svo var þetta miklu þægi-

legra umhverfi og hlýrra en ég hafði ímyndað mér að það væri áður en ég fór út. Auk þess hitti ég margt fólk sem var hvert öðru áhugaverðara,“ segir María sem fór beint í Oxford að loknu námi í Harvard og lauk námi þar síðasta sumar. Að námi loknu hóf hún störf innan Fjárfestingar hjá Glitni.



Ásthildur Helgadóttir. Er með BS í verkfræði frá Wanderbilt University en tók mastersgráðu í Malmö. Í dag starfar Ásthildur hjá Landsbankanum.



Guðrún Sóley Gunnarsdóttir, KR. Er með BS í fjármálhagfræði frá Notre Dame-háskólanum og MS í fjármálhagfræði frá Háskóla Íslands. Hún starfar nú hjá Seðlabanka Íslands.



Katrín Jónsdóttir, Val. Lærði læknisfræði meðan hún spilaði fótbolta með Kolbotn í Noregi. Hún starfar nú sem heilsugæslulæknir.



Þóra Helgadóttir, Anderlecht. Er með BS í stærðfræði og BA í sögu frá Duke University en í dag starfar hún hjá Deutch Post í Belgíu.

VERÐ BOMBA

ALLAR ÚTSÖLUVÖRUR Á
500 - 4000 KR.

TOPSHOP

SMÁRALIND | KRINGLAN

VERÐ SPRENGJA

ALLAR ÚTSÖLUVÖRUR Á
500 - 3.000 KR.

DOROTHY PERKINS

SMÁRALIND

tíska

ferskleiki dagsins í dag

KATE MOSS GERIR SNYRTIVÖRUR

Ofurfyrirsætan Kate Moss hefur þegar sent frá sér eitt ilmvatn, Kate by Kate Moss, og er með annað í bígerð. Hún ætlar nú einnig að leggja nafn sitt við snyrtivörur sem fyrirtækið Coty mun framleiða. Það er einnig fyrirtækið á bak við Rimmel-snyrtivörulínuna, en Kate hefur verið andlit hennar árum saman.



Stórt skal það vera

Útsölnar standa í fullum blóma og verið er að rýma til fyrir haustvörnum sem hvað úr hverju taka að streyma inn í verslanir. Ég er ein þeirra sem eru allsendis ekki tilbúnir til að sleppa tökum á sumrinu nú þegar, enda heill yfirlýstur sumarmánudur eftir. Um leið og haustvörurnar berast og kápur fara að skjóta upp kollinum kemur þó óneitanlega dálítill fiðringur í fingurna sem halda traustatöki í bodduna. Þeir sem vilja dæðra aðeins við haustið, án þess þó að skipta sumarkjólum og hælaskóm út fyrir gráan ullarfatnað, þótt fallegur sé, geta hins vegar tileinkað sér eitt heitasta tískufyrirbæri haustsins: stóra skartgrip.

Stór og klunnaleg armbönd, fyrirferðarmikil hálsmen og eyrnalokkar voru í aðalhlutverki á tískupöllum þegar helstu hönnuðir heims sýndu línur sínar fyrir komandi haust. Burberry Prorsum lagði áherslu á einn stóran skartgrip, en einnig má tileinka sér hugsun Givenchy og hlaða á sig hverri keðjunni á fætur annarri þangað til hálsinn mótmælir sökum þunga.

Konur eiga aldrei nóg af tvennu: skóm og skarti. Báðir hlutir geta gerbreytt annars hlutlausum klæðnaði og sett á hann sterkan svip, eins og fyrirsæta Givenchy sannar. Skart hefur þar að auki þann kost að það þarf ekki að kosta skyrtna, ef svo má að orði komast.

sunna@frettabladid.is



1



2

3

4

8

6

7

5

1. Armböndin frá Accessorize standa alveg ein og sér, en þeim má líka hrúga saman til að ýkja stærðina enn frekar. 2. Hálskeðjan úr Spúútník ætti að falla vel í kramið hjá þeim sem finnst stærðin skipta máli, en hún er ekki jafnþung og hún lítur út fyrir að vera. 3. Litskrúðugt og áberandi úr Topshop. 4. Grafískt og flott viðarhálsmen frá Oasis. 5. Stórir og flottir eyrnalokkar úr Accessorize. 6. Áberandi flottur hringur frá Oasis. 7. Burberry Prorsum sýndi risastórar hálsfestar. 8. Givenchy hlóð hálskeðjunum á sínar fyrirsætur.



G-STAR RAW

REYKJAVÍK STORE

LAUGAVEGUR 86-94, S: 511-2007

Útsölulok á morgun

50% afsláttur
af útsöluvörum



Opið
föstudag 11-18.30
laugardag 11-1



RAW DEFENDER



g-star.com

NUMER

PAD

50-60%

UTSALA

AF ÖLLUM VÖRUM

Burberry | Calvin Klein | Sportmax Code | Filippa K
Patrizia Pepe | Annhagen | Anderson & Lauth
Stella Nova | GK Reykjavík | Rutzou | Lee | Wrangler

KONUR OG MENN
LAUGAVEGUR 66, 101 REYKJAVÍK


GK REYKJAVÍK

heimma

gleði og glysgjörn húsráð

ÚTSALA Í VEFVERSLUN MOMA

Í vefverslun MoMa kennir ýmissa grasa. Íslendingar eiga því nú ekki alltaf að venjast að erlendar vefverslanir fallist á að senda okkur vörur yfir hafíð, en verslun MoMa er ein fárra sem það gera – svo lengi sem munirnir eru í minni kantinum. Þessar fallegu glósubækur eru á meðal þess sem nú eru á útsölu á síðunni – ein úr eigin línu MoMa, myndskreytt með verkinu Untitled eftir listakonuna Lauru Owens. Slóðin er www.moma.org.



VEGGSPJÖLD STANDA ENN FYRIR SÍNU

Fátt er kuldalegra en tómir og berangurslegir veggir í annars huggulegri íbúð. Það þarf ekki að leita langt yfir skammt eða stefna fjárhagnum í hættu í leit að list á veggina og engin ástæða til að ör-vænta þótt buðdan leyfi ekki innkaup á verkum eftir helstu lista-

LISTASAFN ÍSLANDS



HÖRÐUR ÁGÚSTSSON

Yfirlitssýning 29. okt. – 27. nóv. 1983

menn landsins. Gömlu góðu veggspjöldin standa enn fyrir sínu, þó að smekkur flestra hafi eflaust þróast töluvert frá því að útklippt andlit tónlistarhetjanna prýddu veggir.

Í safnverslun Listasafns Íslands má fá ýmiss konar veggspjöld, skreytt myndum jafn ólíkra myndlistarmanna og Helga Þorgils, Kjarvals og Gunnlaugs Scheving. Þetta stíl-hreina veggspjald frá yfirlitssýningu sem haldin var á verkum Hörðar Ágústssonar myndi til dæmis taka sig vel út á litsterkum vegg. Lista-

safn Reykjavíkur býður einnig upp á plaköt í ýmsum formum og því frá nógu að taka fyrir þá sem vilja ljá herbergjum sínum meira líf án þess að fara á hausinn. Miðað við upplýsingar á heimasíðu Listasafns Íslands kosta veggspjöldin þar á bilinu 1.000 til 1.500 krónur.



Flottur lampi getur sett sterkan svip á hornið.

NORDICPHOTOS/GETTY

Hægindahorn og huggulegheit

Slökun í stofunni

Á tímum þegar sjónvarp og aðrar tæknigræjur eru oftar en ekki helsta stofustássið getur afturhvarf til rólegri tíma í formi huggulegheitahorns í stofunni gert mikið fyrir geðheilsuna. Góður og fallegur hægindahorn til að hjúfra sig saman í kallar á slökunarstundir með teþolla, bók eða þrjúna og útsaum sér við hönd og það getur verið skemmtilegt að brjóta upp hina hefðbundnu upp-röðun sófasetts í kringum borð og sjónvarp.

Hægt er að ljá herberginu léttan blæ með ljóslitum húsgögnum og nútímalegum hreinum línun, en antikmublur og bólstraðir stólar upp á gamla mátann geta

einnig sett sterkan svip á umhverfið. Auk þægilegs hægindahorns er lítið fráleggsborð ómissandi og fallegur lampi sem lýsir vel sömuleiðis.

Aukahlutir á borð við fallega púða, teppi eða skemla

Það má láta vel um sig fara í þessum stól sem fæst í Saltfélaginu.



Glaðleg inn-skotsborð frá vitra setja svip á hvaða horn sem er.

myndu ekki síður sóma sér vel, og gera afslappelsið enn meira. Góðar slökunarstundir.

sunna@frettabladid.is



Nútímalegt en þægilegt. Stóllinn frá vitra fæst í Saltfélaginu.

Hjá Fríðu frænku má finna ýmislegt sem myndi sóma sér vel í hægindahorni. Stóllinn, borðið og þessi forlata lampi eru öll þaðan.

Veljið lampa eftir því til hvers hann er ætlaður. Þessi fæst í Saltfélaginu.

MYNDIR/STEFÁN



Nútímalegt eða gamaldags, slökunin er hin sama.

NORDICPHOTOS/GETTY



ÍSLENSK HÖNNUN Á BIRKILANDI

Á síðunni Birkiland.is er að finna ýmis verk íslenskra hönnuða, allt frá minnismiðum og bollum upp í ísbjarnarfeld hönnuðarins Sruli Recht – sem reyndar er gerður úr fimmtán lambagærum og þannig alls óskyldur þeim sem hræðu upp í þjóðarsálinni fyrir skömmu. Þeir sem vilja gleðja vini og vandamenn, eða eigið hjarta, með íslenskri hönnun ættu því að kíkja á síðuna og velja úr framboðinu. Við myndum ekki slá hendinni á móti eldhúsáhöldum Sóleyjar Þórisdóttur, eða hrafnslaga herðatré Ingibjargar Hönnu Bjarnadóttur, sem þjónar hlutverki augnayndis og skúlptúrs þegar það er ekki hulið yfir höfnum.

SENTER
HÁRSNYRTISTOFA

Hárgreiðsla

Leitum að nema sem lokið hefur fyrstu og annarri önn í skóla, og er tilbúin í skemmtilega og krefjandi vinnutörn.

Áhugasamir mæta á Senter hárgreiðslustofu og tala við Svavar Örn/ Hrund í síma: 552-9000

Veðurspáin þín

JACOB JENSEN™

FJÖLBREYTT ÚRVAL HJÁ OKKUR
Í SKEIFUNNI 6, Í LEIFSTÖÐ OG
Á LAUGAVEGI 7.

Epal hf / Skeifan 6 / 568 7733 / epal@epal.is / www.epal.is



OPIÐ Á LAUGARDÖGUM Í EPAL, LAUGARVEGI 7 Í ALLT SUMAR.

bland

í gær og á morgun ...

HELGIN

FÖSTUDAGUR

Mugison rekur smíðshöggið á langan túr um og út fyrir landið með tónleikum sínum á Nasa í kvöld. Húsið verður opnað klukkan 22.30 en tónleikarnir hefjast um klukkustund síðar. Þeir verða þeir síðustu í bili, þar sem tveir meðlimir sveitarinnar fara svo í barneignarfrí.



LAUGARDAGUR

Síðasta tækifæri sumarsins til að njóta laugardagsdjass Jómfrúarinnar. Þar kemur fram kvartett Mariu Magnúsdóttur, sem útskrifaðist frá FÍH í vor og vinnur að gerð sinnar fyrstu plötu, en kvartettinn mun flytja eigin útsetningar á tónlist Joni Mitchell. Tónleikarnir hefjast klukkan 15 og er aðgangur öllum opinn og ókeypis.

díana mist

FIMMTUDAGUR 17. JÚLÍ

Eins og önnur kvöld vikunnar hófst fimmtudagskvöldið á blússandi bömmur í eigin íbúðarholu. Hvernig datt mér í hug að bjóða gamla kærastanum heim með mér síðustu helgi? Og það eftir að hafa þambað kampavin af stút og sungið Ace of Base inni á b5. Ég skammast mín of mikið til að útlista nákvæmlega hvað okkur fór á milli, en þessi orð koma að minnsta kosti fyrir í lýsingunni: húsasund, uppköst, tröppur, blómapottur, kúla, kúl. Hann fékk kúlu, ég missti kúlið.



Þegar staðnum var lokað ákvað ég að storka örlögnum ekki frekar og koma mér heim á leið. Hálfnuð niður stigann fannst mér ég heyrja kunnuglega rödd, snarsneri mér við og tókst að flækja hælinn í sjálfri mér, með þeim afleiðingum að mér tókst á einhvern undarlegan hátt að fara restina af tröppunum á rassinum. Og jú, viti menn, kúlumaðurinn var á leið hjá. Ótrúlegt nokk virtist hann ekki sjá mig, en ég trítlaði heim með auman rass.

LAUGARDAGUR 19. JÚLÍ

Þrátt fyrir mótbáur af minni hálfu var ég dregin á Jómfrúna í eftirmiðdaginn til að hlusta á tónlist og sóla mig í góðviðrinu. Loforð um vel kælda hvítvín náði að sannfæra mig. Það voru fleiri en við sem sleiktu sósksínið á Jómfrúnni, þar voru líka Svavar Örn hárgreiðslumaður og Beggi og Pacas úr Hæðinni í góðum gir. Eftir hvítvínssötrið barst kall frá fleiri vinkonum sem höfðu komið sér fyrir á teppi á Austurvelli, svo þangað var haldið. Ég gekk reyndar í flasið á Selmu Björns og Rúnari Frey Gíslasyni á leiðinni, þar sem þau voru á leið í brúðkaup Sigurðar Kára Kristjánssonar og Birnu Bragadóttur í Dómkirkjunni.



FÖSTUDAGUR 18. JÚLÍ

Par sem fimmtudagsathafnir heppnuðust svona vel var ekki annað í stöðunni en að endurtaka leikinn, í þetta skiptið á Boston. Til öryggis hafði ég augað alltaf á stiganum, til að vera viss um að ég væri enn óhult. Upp kom kúlumaðurinn ekki, en það gerðu hins vegar Sölvi Blöndal og Snorri Helgason í Sprengjuhöllinni og mæðgurnar flottu Bryndís Jakobsdóttir og Ragga Gísla.



„Það fyrsta sem mér datt í hug á þennan lista er rafmagnið. Það er það yndislegasta sem mannkynið hefur fundið upp. Án þess gæti ég ekki gert neitt af því sem ég geri.“



„Þetta heitir Roland RE 301 Chorus Echo og er mikið galdratól. Ég var að klára plötuna Happiness and Woe sem kemur út í byrjun september, og notaði þetta endalaust þar og í flest sem ég geri. Þetta er delay og reverb-tæki sem er líka frá áttunda áratugnum.“



TOPP 10

„Þetta er kannski svolítið einsleitir listi hjá mér. Þetta er flestallt hjóðfæri eða tónlistartengt dót, enda er það það sem ég geri. Ég lifi greinilega mjög fábreyttu lífi.“ Lopapeysan sem Kristinn Gunnar er í á myndinni kemst þó einnig á topp tíu-listann. „Ég fékk hana í verslun Rauða krossins á tvö hundruð kall. Ég er alltaf í henni.“

Kristinn Gunnar Blöndal, tónlistarmaður




„Ég spila og sem ótrúlega mikið á þetta píanó, sem heitir Fender Rhodes 73. Mig dreymdi lengi um að eignast svona og síðan ég fékk það er það einn af mínum uppáhaldshlutum. Það er frá sjötiu og eitt-hvað.“



„Ég geng fyrir kóki.“



„Birgittu-dúkkan situr ofan á múnitorinum mínum og vakir yfir öllu sem ég geri.“



„Þetta forrit, og auðvitað tölvan mín, er ómissandi. Það heitir Ableton Live og frá því að ég uppgötvaði það fyrir þremur árum hefur það breytt allri minni tónlistarsköpun. Ég vinn eiginlega allt í því núna, og mæli með því fyrir alla sem hafa áhuga á að búa til músík.“



„Ég áttaði mig á því um daginn að fyrir utan tölvana er þetta sá hlutur sem ég nota mest, bæði til að plötusnúðast, vinna tónlist í tölunni og alls konar annað. Ég er með þessi heyrnartól á höfðinu allan daginn.“



„Ég fer í gufu í Laugardalslauginni svona fjórum, fimm sinnum í viku. Ég geng eiginlega á henni og kóki. Gufan er einn af fáum föstum punktum í minni tilveru utandyra.“



„Gítarinn er djásn eins og píanóið. Hann heitir Gibson J55 og ég held að hann sé frá 1972 eða 1973. Gömlu græjurnar eru miklu betri en þessar nýju, handbragðið er bara farið.“

Lancio

Þráinn Skóari Skóbúð • Grettisgata 3

UNGLINGUM FYLGIR ÁBYRGÐ

SKEMMTUM OKKUR VEL Í SUMAR!

AN AFENGIS

« HVER BER ÁBYRGÐ? »

LYÐHEILSUSTÖÐ

litill heill

Ótrúleg verð á lúxus jeppum frá JEEP

Vorum að fá nýja sendingu í hús. Ath. hér er aðeins um takmarkað magn að ræða á þessu frábæra verði!



Nýr Jeep Grand Cherokee Laredo X V8 NEW

Ný 305 Hö V8 vél sem eyðir aðeins 12,4 L utanbæjar og 16,8 innanbæjar Búnaður: leðursæti, topplúga, dráttarbeisli, cd magasín með 276 watta hljóðkerfi, fjarstart, rafdrifin sæti og petalar, hill holder, lágt drif og margt fleira.

verð aðeins 4.990þ Þú spara yfir 1,5 milljón kr á þessum!



Nýr Jeep Grand Cherokee Laredo X V8 NEW

Ný 305 Hö V8 vél sem eyðir aðeins 12,4 L utanbæjar og 16,8 innanbæjar Búnaður: dráttarbeisli, cd spilar, litað gler, loftkæling, rafdrifin sæti, hill holder lágt drif og margt fleira.

verð aðeins 4.590þ Þú spara yfir 1,5 milljón kr á þessum!



Nýr Jeep Grand Cherokee Laredo X V6

210 Hö V6 vél sem eyðir aðeins 10,7 L utanbæjar og 13,8 innanbæjar Búnaður: leðursæti, topplúga, bakkskynjari, cd magasín með 276 watta hljóðkerfi, fjarstart, rafdrifin sæti og petalar, lágt drif og margt fleira.

verð aðeins 4.190þ Þú spara yfir 1,5 milljón kr á þessum!



Nýr Jeep Commander Sport V8 NEW

Ný 305 Hö V8 vél sem eyðir aðeins 13,1 L utanbæjar og 18,1 innanbæjar Búnaður: dráttarbeisli, cd spilar, litað gler, loftkæling, 7 farþega, rafdrifin sæti, hill holder lágt drif, bakkskynjari og margt fleira.

verð aðeins 4.690þ Þú spara yfir 1,5 milljón kr á þessum!



Nýr Jeep Patriot Limited

170Hö 4 cyl vél sem eyðir aðeins 9,8 L utanbæjar og 11,2 innanbæjar Búnaður: leðursæti, cd magasín, 17" álfelgur, hiti í sætum loftkæling alvöru fjórhjóladrif, Hraðastillir, og margt fleira.

verð aðeins 2.990þ Þú spara yfir 1,5 milljón kr á þessum!



Nýr Jeep Patriot Sport

170Hö 4 cyl vél sem eyðir aðeins 9,8 L utanbæjar og 11,2 innanbæjar Búnaður: cd spilar, 17" álfelgur, loftkæling alvöru fjórhjóladrif, rafmagns rúður samlæsingar, Litað gler, og margt fleira.

verð aðeins 2.690þ Þú spara yfir 1,5 milljón kr á þessum!

32" breyting á Cherokee og Commander kostar aðeins 160þ. Innifalið í því er upphækkun, 32" dekk og aurhlífar að framan og aftan.

Það stenst enginn samanburð í verði og gæðum á þessum frábæru amerísku jeppum.

SKJÁ NÁNAR Á WWW.ISBAND.IS

ÞJÓNUSTUADILI RÆSIR HF

SIGRÍÐUR KLINGENBERG spáir fyrir Ólöfu Helgu Arnalds

Á leið inn í frábæra tíma



Ólöf Helga Arnalds er fædd 04.01.1980. Útkoman úr því er 23 sem er jafnt og 5. Ólöf er mjög jarðbundin kona og heillar alla með látleysi sínu og einlægni. Allt sem hún segir virðist vera vandlega

ígrundað en samt leikur hún lífið af fingrum fram. Hún hefur mjög þægilega nærveru og er ansi húmorísk.

Þar sem hún er talan 5 á hún gott með að koma fyrir sig orði og semja bæði sögur og söngva. Hún ætti að nota talandann til að koma sér áfram, sem hún er að sjálfsögðu

að gera. Ólöf er á árstölunni 6 sem er ofsalega sterk tala, en til að sjá á hvaða tölu viðkomandi er leggjum við saman fæðingardag og bætum við 2008. Árstalan 6 er afar mikil frjósemistala sem þýðir að allt mun margfaldast í höndunum á henni. Þetta er líka oft mikið sprengjuár og hreinsar út gamalt og bætir við nýju mjög hratt, svo Ólöf veit trúlega ekki hvaðan á sig stendur veðrið um þessar mundir.

Ólöf er á hápunkti árstölnunnar núna og ætti að fara inn í tíðindamikið ferli frá september. Hún á auðvelt með að fá fólk

til að vinna með sér og er ógleymanleg þeim sem þekkja hana. Hún á eftir að ná miklum árangri erlendis og þótt furðulegt megi virðast á Ameríka eitthvað eftir að koma við sögu. Ólöf er dugleg í því að hjálpa öðrum og veita góð ráð. Hún þarf að passa sig á því í framtíðinni að vera vel jarðtengd og muna eftir uppruna sínum. Hún er að fara inn í frábæra tíma og ekkert fær hana stöðvað.

www.klingenberg.is

FÖSTU DAGUR

5 LEIÐIR TIL AÐ GERA FÖSTUDAG ÓGLEYMANLEGAN



Atli Fannar Bjarkason, ritstjóri Monitor.

1. Vertu heima í kvöld. Hvort heldurðu að sé eftirminnilegra,



leiðindakvöld heima að horfa á sjónvarpið eða ofneysla áfengis á bar í miðbænum? Þegar vinnufélagarnir spyrja hvernig helgin var þarftu ekki að rifja upp gleymd augnablik enda manstu nákvæmlega hvar þú varst og hvað þú gerðir.

2. Vertu brjálaður/brjáluð í skapinu.

Þá meina ég í trylltu skapi. Hreyttu ónotum og fúkyrdum í einstaklinga sem eiga það ekki skilið og beittu vini og samstarfsfólk andlegu ofbeldi. Dagurinn verður lengi í minnum hafður sem „brjálaði föstudagurinn“.



3. Pakkaðu þér í pappamassa. Fáðu vini til að pakka þér inn eins og múmíu. Dagurinn mun aldrei gleymast – sérstaklega ekki ef þú ferð með dæmið lengra og lætur koma þér fyrir á fjölförnum stað.



4. Borðu eitthvað ógeðslegt. Þú munt ávallt minnst dagsins sem þú borðaðir viðbjóðinn – maður borðar daglega þannig að þú munt að öllum líkindum minnst hans á hverjum degi.

5. Labbaðu afturábak allan daginn. Þú munt aldrei gleyma þessum föstudegi. Þú vekur mikla athygli og dagurinn verður ekki aðeins eftirminnilegur fyrir þig, heldur einnig vinnufélaga, vini og fjölskyldu.

“HJÓLAÐU Í LÖFFLER”

frábær hjóla- og útivistarfátnaður



Löffler
PREMIUM SPORTSWEAR



Marmot

smartwool

SCARPA

Black Diamond

FJALLAKOFINN

Reykjavíkurvegi 64 / 220 Hafnarfirði / Sími 510 9505 / www.fjallakofinn.is

MAX

RAFTÆKI

alltaf **BETRI**
tilboð



199.989 kr.

Fullt verð ~~229.989~~



Best Product
2007-2008

HD-READY PLASMA-TV
Panasonic TH-42PV/PX70

42 tommur

Plasma breiðtjald

Panasonic TH42PV70F

42" V-Real 2 Plasma breiðtjald • 42" HD Ready 16:9 • Plasma breiðtjald • 1024x768 p. uppl. • V-Real 2 Engine • Advanced 3D Colour • Sub-Pixel Control • HD Ready • Progressive Scan • Real Black Drive 10.000:1 skerpa • VIERA Link • 20w Nicam Stereo • V-Audio Surround • 2 x Scart (með RGB), 2 x HDMI, Component, SVHS, CVBS, PC og heyrnatólstengi • Textavarp ofl

10 DVD myndir fylgja frítt með* þessu tæki



1.989 kr.

Fullt verð ~~2.289~~

Verð á stk.



4GB MP3

SanDisk E260FM

4GB Sansa MP3 spilar • 1.8" LCD litaskjár • Spilar MP3 og WMA • FM útvarp • Sýnir ljósmyndir og kvikmyndir • Högg- og rispuþolinn • Auðveldur í notkun • Má skipta um hleðslurafhlöðu • Endist í 20 tíma á hleðslu • MicroSD kortalesari • Innbyggður diktafónn ofl.

14.989 kr.

Fullt verð ~~19.989~~



Fást einnig bleikar.

7,2 milljón punkta

Panasonic DMCL80SILFUR

Stafræn Myndavél • 8,1 milljón punkta upplausn • Venus Engine III • Intelligent ISO Control • MEGA OIS hristivörn í linsu • LUMIX DC Vario - linsa • 3x Optical Zoom og 4x Digital Zoom • Linsa: 5.5 - 16.5mm • 2.5" LCD skjár • Hágæða hreyfimyndataka • Rauf fyrir SD/SDHC kort

18.989 kr.

Fullt verð ~~22.989~~

3 DVD myndir fylgja frítt með* þessu tæki

Ferða DVD



United DVP7046

7" TFT skjár • 480 x 234 p. uppl. • Format: 4:3 / 16:9 • Built-In Dolby Digital Decoder • Innb. 2x 1W hát. • Multi OSD • Anti Shock

Má festa aftan á sætispuða í bílum!

14.989 kr.

Fullt verð ~~19.989~~

*Gildir fyrir DVD tilboðsmyndir

DVD myndir **989 kr.**

Kauptu tvær ... og fáðu þriðju fríá



Hundruðir DVD titla í boði!

Fartölva - 500Gb

Acer Aspire 7520G-503G50Mi
Fartölva • 2.0Ghz AMD Turion64 X2 Mobile • 3GB DDR2 667MHz • 500GB geymslupláss • 8xDVD skrifari • 512MB DDR Geforce Go 8600 • 17" WideScreen WXGA skjár • Windows Vista Home Premium



Góð í skólann

99.989 kr.

Fullt verð ~~109.989~~

OPNUNARTÍMI

Mánudaga kl. 11-19
Þriðjudaga kl. 11-19
Miðvikudaga kl. 11-19
Fimmtudaga kl. 11-19

Föstudaga kl. 11-19
Laugardaga kl. 11-18
Sunnudaga kl. 12-18

MAX / Kaupúni 1 Gardabæ og
Holtagörðum - Sími 412 2200
www.max.is

Beint á móti IKEA
Við hliðina á BÓNUS

MAX

RAFTÆKI



Iceland Express



vörður

2 SPORT 2

enski boltinn



BARCLAYS
PREMIER LEAGUE

ENSKI BOLTINN

HEFST 10. ÁGÚST – YFIR 350 BEINAR ÚTSENDINGAR



Frábært verð á flatskjám

Mesta úrvalið í Hagkaupum Smáralind, minna úrval í öðrum verslunum

United 19"

TVD7056

- 19" 16:9 LCD sjónvarp
- Upplausn: 1440x900 punktar
- Innbyggður DVD spilar
- Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW og (S)VCD
- Spilar CD, CD-R/RW, MP3 og JPEG
- Sjónsvið (h/v): 150/130° og birtustig: 300 cd/m2
- Skerpa: 500:1 og svartími: 8ms
- 12v og 220v
- Nicam Stereó hljóðkerfi
- Scart, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi
- VGA tengi
- Textavarp
- 12v snúra fylgir
- Svefnrofi og fjarstýring
- Borðstandur fylgir
- Stærð í cm (bxhxd): 46x35x8



59.990_{kr}
FRÁBÆRT VERÐ

Toshiba 37"

37C3000PG

- 37" 16:9 LCD sjónvarp
- Upplausn: 1366x768 punktar
- PIXEL PROcessing III myndtækni
- HD Ready
- Skerpa: 5.000:1
- Sjónsvið (H/V): 178/178° og birtustig: 500 cd/m2
- Faroudja DCDI og Real Digital Picture
- 2 x 25w Nicam Stereó hljóðkerfi með SRS WoW Surround
- 2 scart (með RGB), 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi
- Textavarp með 500 síðna minni
- Fjarstýring
- Borðstandur fylgir
- Mál í cm (bxhxd): 92x61,3x12,1



129.990_{kr}
FRÁBÆRT VERÐ

Panasonic 32"

TX32LM70F

- 32" HD 16:9 LCD sjónvarp
- Upplausn: 1366x768 punktar
- V-Real tækni - Einstök myndgæði
- HD Ready
- Progressive Scan
- Skerpa: 3.000:1 og birtustig: 500 cd/m2
- VIERA Link
- Backlight Control
- 20w Nicam Stereó með V-Audio hljóðkerfi
- 2 x scart (með RGB), 2 x HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi
- Textavarp með 500 síðna minni
- Borðstandur með 15° gráðu snúning fylgir
- Mál í cm (bxhxd): 65,7x47,3x12,7



99.990_{kr}
FRÁBÆRT VERÐ

Panasonic 42"

TH42PV70F

- 42" HD Ready 16:9 Plasma sjónvarp
- Upplausn: 1024x768 punktar
- V-Real 2 Engine tækni Frábær myndgæði
- Advanced 3D Colour management
- Motion Pattern Noise Reduction
- Sub-Pixel Control
- HD Ready
- Progressive Scan
- Real Black Drive 10.000:1 skerpa
- VIERA Link
- 20w Nicam Stereó með V-Audio Surround hljóðkerfi
- 2 x scart (með RGB), 2 x HDMI, Component, SVHS, CVBS og PC tengi
- Textavarp með 1500 síðna minni
- Borðstandur fylgir
- Mál í cm (bxhxd): 102 x 68 x 9,7



199.990_{kr}
FRÁBÆRT VERÐ

Toshiba 42"

42C3530DG

- 42" 16:9 LCD sjónvarp
- Upplausn: 1366x768 punktar
- PIXEL PROcessing IV myndtækni
- HD Ready
- Skerpa: 4.000:1
- Sjónsvið (H/V): 178/178° og birtustig: 500 cd/m2
- Faroudja DCDI og Real Digital Picture
- Innbyggður DVB-T móttakari
- 2 x 25w Nicam Stereó hljóðkerfi með SRS WoW Surround
- 2 scart (með RGB), 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi
- Textavarp með 500 síðna minni
- Fjarstýring
- Borðstandur fylgir
- Mál í cm (bxhxd): 102,7x67,3x12,4



169.990_{kr}
FRÁBÆRT VERÐ

Gildir til 31. júlí eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð



Sveitaball í borginni með Stuðbadalagid í Kyöld

Komdu og kynntu þér nýju útisvalmar

Stökktu til Fuerteventura

29. júlí í 2 vikur

frá kr. **49.990**

Frábært stökktu tilboð yfir verslunarmannahelgina



Heimsferðir bjóða ótrúlegt stökktu tilboð á síðustu sætunum til Fuerteventura 29. júlí - 12. ágúst. Þessi skemmtilega eyja í Kanaríeyjaklasanum hefur svo sannarlega slegið í gegn hjá Íslendingum. Þú bókar flugsæti og 3 - 4 dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir. Griptu tækifærið og njóttu lífsins yfir verslunarmannahelgina á þessum vinsæla sumarleyfisstað. Að sjálfsögðu nýtur þú traustrar þjónustu fararstjóra Heimsferða allan tímann.

Verð kr. **49.990** - 2 vikur
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára, í herbergi / stúdíó / íbúð, 29. júlí - 12. ágúst.


Verð kr. **59.990** - 2 vikur
Netverð á mann, m.v. 2 saman í herbergi / stúdíó / íbúð, 29. júlí - 12. ágúst.



Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leidiréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

BYLGJAN BER AF



Samkvæmt könnun Capacent í aldurshópnum 18-54 ára á tímabilinu 1. janúar til 29. júní 2008. Hlutdeild - hlustun í mínútum á dag.

STUÐ MILLI STRÍÐA „Þú og ég, Emil. Þú og ég.“

KJARTAN GUÐMUNDSSON LÍTUR Á ALFRED VINNUMANN SEM TÁKN UM BREYTTA TÍMA



Sem ungur drengur var ég stækur aðdáandi hljómplötunnar með ævintýrum Emils í Kattholti. Nú vill svo til að tveggja ára dóttir mín hefur líka tekið ást-fóstri við Emil, en kys að njóta skammarstrika hans í formi sænskrar DVD-myndar með íslenskri talsetningu. Ég horfði á myndina með dóttur minni um daginn, og rann þá upp fyrir mér hversu mikið hlutirnir geta breyst á tveimur áratugum. Það sést best á Alfred, vinnumanni í Kattholti.

Á sínum tíma þótti mér Alfred algjör toppmaður. Fyrsta flokks töffari sem kallaði ekki allt ömmu sína, nema ef vera skyldi ömmu

sína, sem bjó á fátækrahæli skammt frá Kattholti. Það persónuleikamat byggðist á djúpri og þýðri rödd Arnars Jónssonar leikara, sem fór með hlutverk Alfreds á plötunni. Maður með svona flotta rödd gæti aldrei orðið undir í lífinu.

Í DVD-mynd dóttur minnar er rödd Alfreds orðin undarlega skræk og skrámgug, og gefur til kynna að vinnumaðurinn sé greindarskerstur fæðingarhálfviti sem eigi við alvarlega geðfötlun að stríða. Þessi umskipti setja persónu Alfreds í spennýtt samhengi. Getur verið að þegar platan var gerð, í síðröttækni áttunda áratugarins, hafi það þótt sjálfsagt að rödd hins sterka vinnumanns Alfreds endurspegladi að um væri að ræða vel gefinn prýðis-

pilt? Getur þá líka verið að í talsetningu hins firrta tíunda áratugar hafi rödd hins auma vinnuþræls átt að benda til þess að Alfred væri ræfill af lágstétt, dæmdur til eilífðarvistar í vanefnum og heimsku? Spyr sá sem ekki veit.

Ég tók líka eftir öðru athyglisverðu í fari Alfreds. Vinnukonan á bænum, Lína, er bálskotin í vinnumanninum og gefur honum sífellt undir fótinn. Alfred sýnir Línu ekki vott af áhuga, en er hins vegar ávallt til í að rölta niður að vatni og stinga sér til sunds með Emil. Þótti ekkert tiltökumál að fullorðnir karlmenn böðuðu sig kviknaktir með drengjum undir lögaldri í gamla daga? Tímarnir eru svo sannarlega breyttir.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Frönsk leik- og gjörningalist

Parques Majeures er franskur leik- og gjörningahópur sem hefur sérhæft sig í sýningum á nýstárlegri hreyfimyndalist. Hópurinn er um þessar mundir hér á landi í boði fyrirtækjanna Adami og Spedidam og hefur ferðast um landið með sýningu sína Skin & the Whales. Hún var til að mynda sýnd á Húsavík nú um síðustu helgi.

Þeir höfuðborgarbúar sem eru sérlega áhugasamir um franska gjörningalist geta nú tekið gleði sína þar sem að sýningin verður sett upp í Norræna húsinu nú um helgina. Höfundur sýningarinnar er Marc Joseph Sigaud, en hún byggist upp í kringum hreyfimyndir sem varpað er í leikmyndina og að auki hreyfa leikarar sig inn og úr mynd. Sýningin skiptist upp í þrjú hluta þar sem fyrstu tveir hlutarnir takast á við mannlíkamann en þriðji hlutinn, Whales, fjallar um samband mannlíks eðlis við



MARC JOSEPH SIGAUD Höfundur sýningarinnar Skin & the Whales sem sýnd verður í Norræna húsinu um helgina.

náttúruna. Þessi síðasti kafli verkefins varð reyndar til fyrir tilstuðlan fyrstu ferðar Marcs Joseph til Húsavíkur fyrir tveimur árum og má því halda því fram að íslensk náttúra hafi enn á ný sannað áhrifamátt sinn.

Sýningarnar í Norræna húsinu fara fram í kvöld og annað kvöld kl. 20. Aðgangur er ókeypis og öllum opinn.

-vp

Njútón á ferðalagi

Tónlistarhópurinn Njútón stendur í stórræðum þessa dagana. Hópurinn heldur þrenna tónleika á næstunni; í dag og annað kvöld og svo um verslunarmannahelgina.

Njútón kemur fram í Ketilhúsinu á Akureyri í dag kl. 12 á vegum Listasumars á Akureyri. Á efnisskrá tónleikanna eru verk eftir Þuríði Jónsdóttur, Karólínu Eiríksdóttur og Ragnhildi Gísladóttur. Einnig verða frumflutt verk eftir Maríu Huld Markan Sigfúsdóttur og Þráin Hjálmarsson.

Á sunnudag kl. 16 kemur Njútón svo fram í íbúð á jarðhæð á Grettisgötu 18 í Reykjavík. Tónleikarnir eru styrktir af Hlaðvarpanum, menningarsjóði kvenna á Íslandi, og verður því einungis flutt tónlist eftir konur, þeirra á meðal Malin Bång og Mist Þorkelsdóttur. Tónleikarnir eru unnir í samstarfi við myndlistarkonuna Ingibjörgu Magnadóttur.

Njútón tekur svo þátt í tónlistarhátíðinni í Skálholti laugardaginn 2. ágúst kl. 21. Þar mun hópurinn leika verk eftir Malin Bång, Önnu S. Þorvaldsdóttur, Ragnhildi Gísla-



SKÁLHOLTSKIRKJA - Tónlistarhópurinn Njútón kemur fram í kirkjunni um verslunarmannahelgina.

dóttur, Helga Guðmundsson og Maríu Huld Markan Sigfúsdóttur. Njútón skipa að þessu sinni þau Berglind María Tómasdóttir flautuleikari, Grímur Helgason klarinettuleikari, Hildur Ársælsdóttir sem leikur á sög og fiðlu, Tinna Þorsteinsdóttir píanóleikari og Frank Aarnink slagverksleikari.

-vp

NÝJAR BÆKUR

Mánudaginn 21. júlí kom út hjá bókaforlaginu Bjarti LÚÐA-SAFN 1978-2008 eftir Sjón. Er þetta sérstök hátíðarútgáfa, í tilefni þess að nákvæmlega 30 ár eru liðin síðan hans fyrsta ljóðabók, Sýnir, leit dagsins ljós. Í þessu heildarsafni eru prentaðar ellefu ljóðabækur skáldsins, sem margar hafa verið ófáanlegar um langt skeið. Sjón (f. 1962) er ljóðskáld og sagnahöfundur sem hóf feril sinn með ljóðabókinni Sýnir sumarið 1978. Á niunda áratugnum var hann í fararbroddi þeirra ungu skálda sem leituðust við að endurnýja íslenska ljóðlist með tækjum súrrealismans. Jafnframt því að hafa samið ellefu ljóðabækur hefur Sjón ritað söngtexta, líbrettó, kvikmyndahandrit og sex skáldsögur. Bókin er 380 bls. og er prentuð á Englandi.



JPV útgáfa gefur út rit eftir Jón Baldur Hlíðberg og Sigurð Ægisson sem hefur að geyma allt það sem nauðsynlegt er að vita um furðudýr og ferlegar ófreskjur úr íslenskum þjóðsagnaarfi. Bókin, Íslenskar kynjaskepnur, kemur út á bæði íslensku og ensku og heitir hún í þýðingu Meeting with Monsters. Skepnur sem fjallað er um í bókinni skutu landsmönnum skel í bringu á fyrri öldum en hafa að mestu haldið sig til hlés síðustu ár. Skepnunum og sérkennum þeirra eru gerð nákvæm skil í texta og heimkynni þeirra og birtingarstaðir eru sýndir á korti. Einnig prýða bókina einstæðar myndir sem varpa nýju ljósi á þennan þátt í arfi

Íslendinga. Jón Baldur Hlíðberg er myndlistarmaður og Sigurður Ægisson, þjóðfræðingur og guðfræðingur að mennt, hefur í gegnum tíðina skrifað jöfnum höndum um náttúrufræði, þjóðfræði og guðfræði. Íslenskar kynjaskepnur er þriðja samstarfsverkefni þeirra félaga en fyrr hafa þeir gefið út í sameiningu Íslygla: íslenskir fuglar = aves islandicæ og Íslenskir hvalir fyrr og nú. Bókin er 136 bls. og prentuð í Slóveníu.



Út er komið Stafróf dýranna eftir Halldór Á. Elvarsson í ódýrri og handhægru útgáfu með mjúkum spjöldum en þessi vinsæla bók kom út innbundin árið 2006. Þetta er bók sem kennir ungum bókaormum stafina í stafrófinu. Bókstafirnir frá a til ö eru kynntir til sögunnar með hjálp þrjátíu og tveggja



dýra úr öllum heimshornum. Léttum fróðleik um dýrin er fléttáð saman við fyrstu skrefin í lestrarnámi með einföldum texta og sniðugum myndum. Höfundurinn gerir lestrarnámið mjög spennandi í þessu skemmtilega stafrófskveri fyrir fróðleiksús börn sem langar að kynnast stöfunum. Mál og menning gefur út.

SUMAR-MARKAÐUR til 1. ágúst



Montana-tjaldvagnar

90% FJÁRMÖGNUN

Tilboðsverð **595.000 kr.** án fortjalds



Tjaldvagninn er afhentur strax, tilbúinn í ferðalagið – þú bara hengir hann aftan í bílinn og leggur af stað.

Tækniupplýsingar

Árgerð 2008	
Heildarlengd	3,3 m
Heildarbreidd	1,6 m
Lengd að innan	2,4 m
Hæð að innan	1,9 m minnsta hæð
Breidd að innan	1,9 m
Eigin þyngd	270 kg
Heildarþyngd	395 kg
Burðargeta	125 kg
Þykkt á veggjum	Tjalddúkur: Ten Cate 280 g/m ²
Þykkt á gólfi	Tjalddúkur: Ten Cate 320 g/m ²
Dekkjastærð	13 tommur

Tilboð fyrir þá sem staðfesta kaup á tjaldvögnum

	Verð áður	Tilboð
Fortjald lítið	94.500 kr.	56.700 kr.
Fortjald stórt	159.900 kr.	95.940 kr.
Geymslubox	47.880 kr.	28.680 kr.
Geymslustatíf	9.904 kr.	5.942 kr.
Yfirbreiðsla	19.080 kr.	14.310 kr.



Nokkrir tjaldvagnar árgerð 2007 á frábæru verði


Fiskislóð 1 • Sími 580 8500
Opíð mánud.-föstud. 10-18, laugard. 10-17 og sunnud. 13-17

Söluáðilar: Bilasala Akureyrar og Bilasala Austurlands



- fullt hús ævintýra

Útsalan er hafin



habitat 



10-70%
AFSLÁTTUR

Útsala
10, 30, 50 og
70% afsláttur.



TE & KAFFI



» Frappuccino



» Cappuccino

0kr.

Frír drykkir

Allir sem versla fyrir 3.000 kr. eða meira hjá Habitat, Eymundsson eða Stubbasmíðjunni fá frían kaffi- eða tedrykk hjá Te & Kaffi.



STUBBASMÍÐJAN



40%
AFSLÁTTUR

Útsala

Allt að 40% afsláttur af völdum vörum.
Allar nýjar vörur á 10% afslætti.*

www.stubbasmidjan.is

*Allar vörur nema Bugaboo

10%
AFSLÁTTUR

Útsala

Jeva skólatöskur á sama verði og í fyrra.
Einnig 10% afsláttur af öllum vörum.
Aðeins í Eymundsson Holtagörðum.



Tilboð með fyrirvara um prentvillur

Allt í Holtagörðum

– Ein frábær ferð

> HATAR RÆKTINA

Leikarinn James McAvoy sést nú á hvíta tjaldu í hlutverki leigumörðingja í myndinni *Wanted*, þar sem hann er í fantaformi. Hann er það hins vegar ekki lengur, því McAvoy kveðst ekki hafa farið í ræktina síðan tókum lauk. „Í hreinskilni sagt myndi ég frekar borða hundaskít en fara í ræktina,” segir hann.

fólk

folk@frettabladid.is



Stílisera viðskiptavinina

Leikkonurnar Elma Lísu Gunnarsdóttir og María Heba Þorkelsdóttir verða með flóamarkað í húsnæði Félags íslenskra leikara á Lindargötu nú um helgina. „Við höldum okkur bara á heimaslóðum, engin ástæða til að fara með þetta neitt út í hérað,” segir María Heba og hlær við. Hún og Elma Lísu eru engir nýgræðingar í markaðshaldi, þó María segi Elmu þó hafa yfirhöndina. „Hún er náttúrulega útskrifuð með mastersgráðu í flóamörkuðum. Ég hef bara aðeins dyft litlu tanni ofan í þetta í sam- burði við hana,” segir hún og hlær við.



HEIMILSLEGT María Heba Þorkelsdóttir lofar heitu kaffi og heimilislegri stemningu á markaðnum.

Þær stöllur bjóða gestum og gangandi aðstoð við að klæða sig upp fyrir öll tækifæri.

„Okkur finnst gaman að fá að stílisera fólk og dúllast. Það eru alltaf einhverjir sem að nýta sér það að fá smá aðstoð við stíliseringu, enda ýmislegt skemmtilegt sem gerist á flóamörkuðum,” segir María Heba. Þeir sem eru á höttunum eftir dressi fyrir Gay Pride gætu einnig fundið eitthvað við sitt hæfi hjá leikkonunum. „Það er fullt af pallfettum og glamúr og gersem-

um hjá okkur, svo það er sko aldrei að vita,” segir hún.

Flóamarkaðurinn verður með heimilislegum formerkjum. „Það verður heitt á könnunni og ekki ólíklegt að maðurinn minn skelli í eins og eina sort eða tvær,” segir María Heba.

Flóamarkaðurinn fer fram á Lindargötu 6, og er opinn frá 11 til 18 á laugardag, en 13 til 17 á sunnudag.

- sun



MASTERSGRÁÐA Elma Lísu Gunnarsdóttir er þaulreynd í flóamarkaðshaldi.



ATÓMSTÖÐIN Hefur í nógu að snúast um helgina.

Standa með Helga Hóseassyni

Hljómsveitin Atómstöðin mun hafa í nógu að snúast um helgina því í kvöld verður blásið til mótmælendatónleika á horninu hans Helga Hóseassonar á Langholtsvegi og með þeim er ætlað að vekja athygli á málefnum Helga. „Við vildum sýna Helga þakklæti og stuðning í verki. Hann er orðinn niræður og treystir sér ekki lengra en út á þetta götuhorn og þess vegna ætlum við að fara þangað og standa með honum eins og hann stendur með sannfæringu sinni. Helgi er það sem miklu fleiri Íslendingar ættu að vera, við sitjum og kvörtum yfir kaffinu en gerum aldrei neitt,” segir Guðmundur Ingi Þorvaldsson, söngvari. Tónleikarnir hefjast klukkan 19 og standa yfir í um klukkustund.

Annað kvöld verður hljómsveitin svo með útgáfutónleika á Organ og þar mun kenna ýmissa grasa. Trúbadorinn JoJo mun hefja kvöldið og skemmta gestum með söng sínum og gítarleik, því næst mun harmónikkuleikari stíga á svið og leika fyrir dansi, einnig mun hljómsveitin Vicky Pollard taka nokkur lög og mun Stjáni Stuð klára kvöldið og þeyta skífum fram undir morgun.

- sm

Miklu kraftmeiri en Nylon

Stúlkna Sveitin Kári? gæti orðið næsta stórmál í íslenska poppinu. Sveitina skipa fjórar stúlkur fæddar 1993, þær Silvía, Auður, Lilja og Margrét. Tvær koma úr Árbænum, ein úr Grafarvogi og ein frá Norðlingaholti. Þetta er því ekta úthverfaband.

„Þetta er popprokk hjá okkur, eitthvað svoleiðis,” segir Silvía. „Við kynntumst á Sönglist, námskeiði hjá Borgarleikhúsinu, og okkur langaði bara til að stofna svona hljómsveit. Þetta vantaði algveg hérna á Íslandi. Við erum ekkert líkar Nylon enda búum við til lögin okkar sjálfar og við erum kraftmeiri en þær. Við erum ekki algveg jafn miklir ljúflingar og þær. Við syngjum ekki með spariröddunum. Við gætum þó algveg sungið með spariröddunum ef við værum með einhver sparilög.”

Fyrir síðustu jóla sömdu stelpurnar fyrsta lagið sitt, jólalagið *Jól án þín*. Þær mættu galvaskar í jólaþorpið í Hafnarfirði þar sem Gunni og Felix voru að skemmta. „Þær komu nú bara og báðu um að fá að syngja lagið sitt á sviðinu,” segir

GERDIST UMBOÐSMAÐUR HEFÐI ÉG METNAÐ Í ÞAÐ Gunnar Helgason segir Kára? eiga framtíðina fyrir sér.



gunnarh@frettabladid.is

Gunnar Helgason. „Það var nú auðsött mál. Við Felix féllum algveg í stafi yfir þessu hjá þeim, þetta var svo gott. Ég hvatti þær eindregið til að halda áfram og síðan höfum við verið í sambandi. Ég el nú ekki þann draum í brjósti mér að vera einhver Einar Bárðarson en ef ég gerði það myndi ég tvímælalaust verða umboðsmaðurinn þeirra. Ég sé mikla framtíð í þessu hjá þeim. Þær syngja mjög vel og af fullum krafti. Það er gaman að sjá svona ungar stelpur standa svona keikar og syngja fullar sjálfstrausts.”

Silvía segir þær stelpurnar hafa samið slatta af lögum síðan – lög eins og Ég veit hvað ég vil, Það sem þú gerðir og Friends Forever – og þær fengu Hall Ingólfsson til að búa til undirspil. Með þetta ætla þær að troða upp á næstunni – „Draumurinn er auðvitað að gera plötu, en fyrst er að stofna Myspace-síðu og koma fyrsta laginu í spilun. Það getur í sjálfu sér verið hvaða lag sem er, þau eru öll jafngóð.”

En hvað á þetta nafn á hljómsveitinni – Kári? – að fyrirstilla? „Það er nú það,” segir Silvía leyndardómsfull. „Okkur fannst þetta nafn bara myndið og skemmtilegt því fólk fer að spá í því hver þessi Kári sé. Hver er það? Nú, hann er þessi sem er alltaf í felum!”

Kári? treður upp í Grundarfirði nú á laugardaginn og verður á Neistaflugi í Neskaupstað um verslunarmannahelgina. Auk þess að flytja eigið efni ætla þær að hjálpa Gunna og Felix í nokkrum lögum.



FULLAR SJÁLFSTRAUSTS OG SYNGJA KEIKAR EIGN LÖG Stúlkna Sveitin Kári? gæti orðið næsta stórmál í íslensku poppi. Frá vinstri eru þær Lilja, Silvía, Auður og Margrét.

FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

I

LAUGUNIN

Lögmál 1: Bikarinn skal vera tandurhreinn, þveginn upp úr fitulausri sápu og skolaður í köldu vatni þar til hann nær sama hitastigi og ölið. Þannig verður froðan þéttari og heldur hvítum hlífiskildi sínum lengur yfir hinum dýrmæta vökvu. Minnstu óhræinndi geta spillt fyrir og mengað fullkomin bragðgæði Stella Artois.

II

GULLGERÐIN

Lögmál 2: Þegar byrjað er að hella er bikarinn hallað um 45 gráður. Þá sjáum við hvernig dýrmætur vökvinn hringar sig ofan í bikarinn og myndar iðuna sem er galdurinn við fljótandi gullgerðarlist. Þegar ölið kemst í samband við súrefni myndast smám saman þétt froða sem innsiglar innihaldið og verndar það frá fyrsta sopa til hins síðasta.

III

KRÝNINGIN

Lögmál 3: Þegar bikarinn, sem hingað til hefur hallað um 45 gráður, hefur verið fylltur að þremur fjórðu skal hann réttur við. Með jafnri hreyfingu er hann samtímis færður niður frá flöskuopi um sem nemur hæð bikarins. Þannig krýnum við ölið þéttri froðu sem skýlir innihaldi bikarsins og tryggir ferskleika og líf þessa fljótandi gulls.



VALUR GREFUR BUBBADISKA Hann segir það dapurlega þróun að erfitt er nú til dags að greina milli listar og auglýsinga. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Auglýsingar eru að drepa listina

Meðan peningahyggjan og auglýsingamennskan veður uppi og hvert vígið á fætur öðru fellur er aðeins einn til að andæfa: Valur Gunnarsson rithöfundur sem telur sig þó ekki einan á báti þótt ekki heyrst í mörgum.

„Fyrir fimmtán árum hefði engum listamanni dottið í hug að selja lög sín í auglýsingar. Nú er eins og allir hafi látið glepjust af græðginni,“ segir Valur Gunnarsson rithöfundur.

Nýverið fréttist að Megas hefði selt Toyota-lag sitt Ef þú smælur framan í heiminn í auglýsingu. Töldu þá margir síðasta vígið, ef undan er skilinn Bjartmar, fallið því Megas hefur hingað til tekið því fjarri að selja lög sín í auglýsingar. Valur bendir á þá nóturlegu staðreynd að í texta lagsins syngi Megas: „Því best er að vera fremstur í fláttskap og vélu/ og mæla framan í fjandann í sátt.“ – línur sem Valur hefði talið til kaldhæðni en reynast svo bókstaflegrar merkingar. „Af hverju er Toyota að tala við Megas? Af því að hann er sérfróður um Toyota? Bíla? Að hann sé þekktur fyrir að keyra Toyota? Nei, af því þeir vita að hann hefur áhrif á fólk og þeir eru að kaupa þau áhrif,“ segir Valur. Verst er að ef fólk sér ekki lengur mun á list og auglýsingum þá missir listin marks. Og það sem meira er, þeir listamenn sem eru

útfarnir í að selja list sína í auglýsingar hætta að vera eftirsóknarverðir hjá auglýsendum. Jafnvel læðist að manni sá grunur að auglýsingamennirnir sæki sér í lagi í þá sem hafa gefið sig út fyrir að vera á móti því að list þeirra sé höfð í auglýsingaskyni.

Valur tók sig til og gróf Bubba-plötur sínar eftir að Bubbi seldi lög sín Sjóvá. Hann segir það tíu ára ferli með auglýsingamennsku Bubba og Megas sleppi nú með gula spjaldið hvað sig varði. „Bubbi seldi allt sem hann hefur samið fyrir þremur árum. Umfjöllunin um þann gerning var á þá leið að þetta hefði verið gott hjá honum og tónlistarmenn loks fengið þá virðingu sem þeim ber. Ég held að engum finnst þetta nú góð hugmynd, síst líklega Bubba sem hefur tapað öllum peningunum og lögnum líka,“ segir Valur aðspurður hvort hann sé ekki einn á báti með að benda á skörun listar og auglýsinga. Valur segir bara engan hafa hag af því að andæfa og heldur áfram að nefna dæmi um list sem höfð er til auglýsinga: Glitnis-iPodda á Gljúfra-steinini og Óttar Proppé sem seldi pönk sitt „Burt með kvótann“ sem „Skítt með kerfið“ – eins og það sé eitthvert „steitment“ að kaupa áskrift að símafyrirtæki? „Þarna er pönkið dauft,“ segir Valur sem ætlar að gera betur grein fyrir sjónarmiðum sínum í grein sem birtist í Lesbók Moggans á morgun. Ætla má að sú grein vekji upp umræður.

jakob@frettabladid.is

Jolie og Pitt í tæknifrjóvgun?

Ástæðan fyrir því að Angelina Jolie og Brad Pitt eignuðust tvíburana á dögunum ku vera sú að þau nýttu sér tæknifrjóvgun, en þá er algengt að fleira en eitt egg frjóvgist og nái ból-festu. Þessu heldur tímaritið US Weekly nú fram.

„Börnin komu undir í tæknifrjóvgun. Þau vildu bæði ólm eignast fleiri börn sem fyrst,“ segir heimildarmaður blaðsins. Í viðtali við blaðið segir lækurinn Arthur Wisor, sérfræðingur í tæknifrjóvgunum, að líkurnar á því að kona á aldri Angelínu, sem er 33 ára, verði þunguð af tvíburum á náttúrulegan hátt séu undir einu prósentu. Með tæknifrjóvgun eru líkurnar hins vegar í kringum 25%.

Heimildarmaður blaðsins segir að Angelína hafi valið að fara þessa leið, svo hún þyrfti ekki að takast á við stressið sem fylgdi því að reyna að verða ólétt.



TVÍBURARNIR GLASABÖRN? Slúður-ritið Us Weekly heldur því fram að Angelína og Brad hafi notfært sér tæknifrjóvgun við getnað tvíburanna.

Ertu með nýjustu upplýsingar?

KORTABÓK
ROAD ATLAS
STRASSENATLAS
ATLAS ROUTIER

KORTABÓK 2008 ÍSLANDS

MÁL OG MENNING
www.forlagid.is

IV AFHÖFÐUNIN

Lögmál 4: Bikarinn er fullur og froðutoppurinn rís upp yfir brúnina. Þá er froðusveðjan tekin. Henni er beint frá líkamanum og strokið lárétt með 45 gráðu halla, hársbreidd yfir brúninni. Stærstu loftbólurnar hafa leitað efst í froðuna og mistakist þetta skref munu þær springa þeim afleiðingum að froðan fellur hratt. Án froðunnar er ölið varnarlaut og verður flatt á skammri stundu.



V DÓMURINN

Lögmál 5: Að lokum verður að tryggja að froðutoppurinn sé af nákvæmlega rétttri þykkt. Fullkommunin felst í smáatriðunum: Í 33 cl bikar skal froðan vera nákvæmlega 3 cm. Hvorki meira né minna. Þetta samsvarar samanlagðri breidd vísifingurs og löngutangar þess sem njóta skal.



Djúp og flókin danstónlist

Síðastliðið ár hefur Guðni Einars-son séð um að skipuleggja mánaðarleg danskvöld sem ganga undir nafninu Hugsandi danstónlist. Kvöldin voru hér áður fyrir haldin á skemmtistaðnum 22 en eru nú haldin á Tunglinu og hafa vakið gífurlega lukku meðal dansglæðra Íslendinga. „Við sem stöndum fyrir þessum kvöldum fórum út í þetta með því hugarfari að breyta ímynd danstónlistar því hún hefur oft verið stimpluð sem yfirborðs-kenn tónlistarstefna, sem er alrangt, og nafnið á þessum kvöldum á að gefa til kynna að danstónlist getur verið dýpri og flóknari en marga grunar,“ segir Guðni.

og mun fjölbreyttur hópur plötusnúða þeyta skífum fyrir gesti. Annað kvöld mun svo sami hópur plötusnúða halda norður á land þar sem Hugsandi danstónlist verður á skemmtistaðnum Dátanum, en skemmtunin hefst klukkan 23.00 bæði kvöldin. „Í kvöld og á morgun spila meðal annars DJ Impulse, Egner, Bjössi Brunahani, Óli Ofur, DJ Eyfi, Oculus og Ozy, en þetta er allt einvalið plötusnúða og því hvet ég alla áhugamenn um danstónlist til að mæta og dansa,“ segir Guðni að lokum.



HUGSANDI DANSTÓNLIST Guðni Einars-son sér um að skipuleggja mánaðarleg danskvöld.
FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Meirihluti segir nei

Nei við nauðgunum! baráttutónleikar gegn kynbundnu ofbeldi verða á Organ í kvöld.

Karlahópurur feministafélags Íslands og Jafningjafraeðslan standa að baráttutónleikum gegn nauðgunum á Organ í kvöld. Æla, Arkir, Kettir, Jan Mayen, Morðingjarnir, My Summer As A Salvation Soldier, Naflakusk, Poetrix, Trío Magnúsar Tryggvasonar og Vicky Pollard koma fram. Hjálmar Sigmarsson, ráðskona karlahópsins fræddi blaðamann um málið.



STYÞJA MÁLSTAÐINN Jan Mayen er ein margra hljómsveita sem spila í kvöld.
FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

„Okkur fannst þetta skemmtileg leið til að vekja athygli á átakinu og vera sýnileg, allavega í miðborginni. Síðan er mjög gaman að fá fleiri með sér í lið. Fá unga listamenn sem eru sammála þessum málstað og til í að styðja hann á sinn hátt. Svo skapast bara svo skemmtileg stemming. Í fyrra var rosalega gaman.“ Nei, átakið snýst fyrst og fremst um að virkja karlmenn í umræðunni gegn kynbundnu ofbeldi og vekja fólk til umhugsunar. „Við vitum að mikill meirihluti karlanna er sammála okkur.“

lof höfum við verið að heyra sögur seinustu ár þar sem ungt fólk og ungir karlmenn hafa tekið skrefið og sagt: Fyrirgefðu góði, hvað ertu að gera? Þetta er hugrekki.“

Hjálmar segir engar töfralausnir til en meðvitund og umræða hjálpi. „Ef við sjáum eitthvað sem okkur líst ekki á, verum vakandi og gerum eitthvað í því. Guði sé

„Fyrst var ákveðinn hópur sem átti erfitt með að skilja tilgang átakans. Síðan hefur umræðan breyst rosalega mikið. Fyrst þegar við byrjuðum þurfti nánast að þröngva barmmerkjunum upp á fólk. Nú kemur fólk til okkar og spyr: má ég fá barmmerki og nokkur fyrir vini mína? Svona breytingar gefa okkur von. Í fyrra troðfylltum við tónleikastaðinn og færri komust að en vildu. Ef allar hljómsveitir sem við töluðum við hefðu sagt já, sem vildu segja já, þá hefðum við getað verið með tveggja, þriggja daga prógram.“



STUÐNINGUR GEFUR VON Hjálmar segir umræðuna um kynbundið ofbeldi hafa breyst.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Tónleikarnir byrja klukkan tíu og standa fram eftir nóttu. Frítt er

inn, en frjáls framlög renna beint til verkefnisins. Einnig verða bolir til sölu, nú í fleiri litum en áður voru til.

kolbruns@frettabladid.is

Innri púkinn í sviðsljósinu

Myndlistarmaðurinn Sigtryggur Berg Sigmarsson opnar sýninguna Important Little Man, Reykjavík Show í Gallerí Lost Horse á morgun, laugardag. Sigtryggur segir sýninguna vera hluta af verkefni sem hann hefur verið að vinna að síðastliðin ár og hefur sýningin Important Little Man verið haldin í Berlin, Seúl og Vínarborg. Sýningin er jafnframt fyrsta einkasýning Sigtryggs hér á landi en áður hefur hann tekið þátt í ýmsum samsýningum. Á sýningunni kennir ýmissa grasa og meðal annars verða til sýnis teikningar, málverk, ljósmyndir og stuttmynd eftir listamanninn.



INNRI PÚKINN FÆR AÐ NJÓTA SÍN Sigtryggur Berg Sigmarsson opnar sýningu í Lost Horse Gallerí á laugardag.
FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

„Verkefnið Important Little Man er í raun hálfgerð rannsóknarvinna þar sem ég hef verið að rannsaka sjálfan mig og leyft púkanum inni í mér að leika lausum hala. Púkinn tekur þá öll völd og ég fer eftir hans vilja í einu og öllu,“ segir Sigtryggur um væntanlega sýningu.

Opnunin er klukkan 17 á laugardag og klukkustund seinna mun Sigtryggur bregða á leik og vera með gjörning þar sem hans innri púki verður í sviðsljósinu. „Ég hef alltaf verið hrifinn af gjörningum. Þetta er listform sem getur haft rosalega áhrif á mann. Allt er í raun leyfilegt og oft veit maður ekki

hvað mun gerast fyrir en það gerist. Ég hef séð upptökur af gjörningum sem ég hef gert og ég á alltaf jafn erfitt með að horfa á þær því mér finnst þetta ekki vera ég sjálfur. Þetta er ekki ósvipað því að vera að horfa á sjálfan sig ofurólvi.“

NÝTT Í BÍÓ!

SMÁRA BÍÓ Sími 564 0000

THE STRANGERS	kl. 6-8-10	16
HELLBOY 2	kl. 5:30-8-10:30	12
MAMMA MIA	kl. 5:30-8-10:30	L
MAMMA MIA LÚXUS	kl. 5:30-8-10:30	L
MEET DAVE	kl. 3:45	7
HANCOCK	kl. 5:50-8-10:10	12
KUNG FU PANDA	kl. 3:45	L

REGNBÖGINN Sími 551 9000 **650 kr.**

SUMARTILBOÐ

THE STRANGERS	kl. 6-8-10	16
MAMMA MIA	kl. 5:30-8-10:30	L
HANCOCK	kl. 10:20	12
MEET DAVE	kl. 5:50-8	7
BIG STAN	kl. 5:50-8	12
THE INCREDIBLE HULK	kl. 10:10	12

HÁSKÓLA BÍÓ Sími 530 1919

THE DARK KNIGHT	kl. 6-9-12*	12
HELLBOY 2	kl. 5:30-8-10:30	12
MAMMA MIA	kl. 5:30-8-10:30	L
SEX AND THE CITY	kl. 6-9	14

BORGAR BÍÓ Sími 462 3500

THE STRANGERS	kl. 8-10	16
HELLBOY 2	kl. 6-10:10	12
MAMMA MIA	kl. 6-8	L

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIDDAN Á midi.is

FÆRD 5% ENDURGREITT EF ÞU BORGAR BÍÓMIDDAN MEÐ KREDITORTI

Nýtt í bíó LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

LAUGARÁS BÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

THE DARK KNIGHT	kl. 4, 7 og 10-POWER	12
HELLBOY 2	kl. 5.40, 8 og 10.15	12
MAMMA MIA	kl. 3.30, 5.50, 8 og 10.15	L
KUNG FU PANDA - ÍSL. TAL	kl. 4	L

BESTA MYND ALDARINNAR!

THE DARK KNIGHT

Christian Bale, Michael Caine, Heath Ledger, Gary Oldman, Aaron Eckhart, Morgan Freeman

„Þetta er besta Batman-myndin, besta myndasögumyndin og jafnframt ein best mynd ársins...“

L.I.B. Topp5.is

EF ÞU SÉRÐ EINA MYND Á ÁRINU ÞÁ ER ÞETTA MYNDIN!

ALFABAKKA	SELFOSS	
DARK KNIGHT	kl. 2-5-8-11:10	12
DARK KNIGHT	kl. 2-5-8-11:10	VIP
MAMMA MIA	kl. 1:30-3:40-6-8:20	L
DECEPTION	kl. 8-11:10	14
KUNG FU PANDA m/isl. tali	kl. 1:30-3:40-5:50	L
KUNG FU PANDA m/ensku tali	kl. 6-8-10:10	L
WANTED	kl. 11:10	16
NARNIA 2	kl. 2-5	7
KRINGLUNNI		
DARK KNIGHT	kl. 2-5-8- (11:10) Power	12
DECEPTION	kl. 10:20	14
KUNG FU PANDA m/isl. tali	kl. 2D-4D-6D	L
WANTED	kl. 8	16
INDIANA JONES 4	kl. 5:30	12
NARNIA 2	kl. 2:30	7

UPPSELT ÖRFÁ SÆTI

SparBíó 550kr föstudag

SAMbio.is SAMBÍÓINN!

KUNG FU PANDA kl. 1:30 í Álfabakka með íslensku og með ensku tali kl. 2 í Kringlunni með íslensku tali kl. 6 á Selfossi, Akureyri og í Keflavík með íslensku tali	MAMMA MIA kl. 1:30 í Álfabakka	NARNIA 2 kl. 2 í Álfabakka kl. 2:30 í Kringlunni
---	--	---

Skemmtu þér með okkur í vinnunni!

Við stækkum hratt og ætlum því að bæta við okkur fólki í fullt starf í verslanir og þjónustuver. Leitum að fólki sem vill að það sé gaman í vinnunni, er metnaðargjart og vill ná árangri í starfi. Hjá Nova starfa í dag um 80 manns og viðskiptavinir fyrirtækisins eru rúmlega 15.000 talsins.

Svaraðu kallinu!

Sölu- og þjónusturáðgjafar í þjónustuveri

Starfið felst í símsvörun, sölu og upplýsingagjöf til viðskiptavina Nova. Þjónustuver Nova er í Lágmúla 9.

Breiddu út boðskapinn!

Sölu- og þjónusturáðgjafar í verslun

Starfið felur í sér sölu og upplýsingagjöf til viðskiptavina Nova. Verslanir Nova eru í Lágmúla, Kringlunni og Smáralind.

Hæfniskröfur

Við leitum að hressu starfsfólki með ríka þjónustulund. Góð tölvukunnátta og lipurð í mannlegum samskiptum er nauðsynleg. Umsækjendur þurfa að hafa stúdentspróf eða sambærilega menntun. Góðir tekjumöguleikar, laun eru árangurstengd. Unnið er á vöktum.

Sæktu
um fyrir
8. ágúst!

Nánari upplýsingar veitir Mjöll Jónsdóttir hjá Talent Ráðningum í síma 552 1600 og mjoll@talent.is. Áhugasamir sendi inn ferilskrá með upplýsingum um menntun og fyrri störf á netfangið starf@nova.is fyrir 8. ágúst.

Stærsti
skemmtistaður
í heimi!

NOVA

> Eiður með tvö í fyrsta æfingaleik

Eiður Smári Guðjohnsen skoraði tvö marka Barcelona í fyrsta leik liðsins undir stjórn Joseps Guardiola. Eiður var í byrjunarliðinu og skoraði mörkin á 5. og 18. mínútu. Honum var skipt af velli um miðjan síðari hálfleik. Barcelona vann leikinn 6-0 en Lionel Messi, Yaya Toure, Pedrito og Bojan Krkić skoruðu hin mörkin. Eiður minnti Guardiola þarna ræki-lega á sig en framtíð hans er þó enn í óvissu. Eiður segir enn að allt komi til greina en vitað er af áhuga félaga um alla Evrópu á honum.

sport
sport@frettabladid.is



GUÐRÚN ÓSK MARIASDÓTTIR MARKVÖRÐUR 20 ÁRA LIÐSINS: VARÐI 19 SKOT Í SIGRI Á STERKU ÞÝSKU LIÐI

Allir eru farnir að halda með okkur

Íslenska landslið kvenna 20 ára og yngri vann frábæran 24-23 sigur á Þýskalandi á HM í Makedóníu í gær. Íslenska liðið lenti 14-11 undir í upphafi seinni hálfleiks en skoraði þá fimm mörk gegn einu og hélt síðan frumkvæðinu út leikinn. Þetta var fyrsti sigur liðsins á mótinu eftir jafntefli við Ungverja og Slóvena í fyrstu tveimur leikjum sínum.

Guðrún Ósk Mariasdóttir átti stórleik í íslenska markinu og varði 19 skot og þar af tvö víti. „Þetta var markmiðið og við tókum skrefið sem við ætluðum okkur. Það er gaman að koma að óvart en þetta kemur okkur ekkert á óvart. Við eigum góða möguleika og það er bara næsta markmið að tryggja okkur sæti í milliriðlinum,“ segir Guðrún. „Ég fékk bara gæsaáhrif í lokin en ekki af stressi heldur af spenningsi. Það var hópur af íslenskum áhorfendum í stúku því krakkar á bakpokaferðalagi komu á leikinn og voru með trommur og fleira. Það var þvillík stemning hjá þeim. Við erum bara hjarta HM og það eru allir farnir að halda með okkur,“ segir Guðrún.



„Þetta var stórkostlegur leikur. Þær spiluðu þennan leik alveg frábærliga því þær voru að spila við gríðarlega sterkt þýskt lið,“ sagði Stefán Arnarson, þjálfari liðsins, ánægður í leiklok enda taldi hann þýska liðið vera eitt af sex bestu liðunum í þessari keppni.

„Það gengur alltaf mikið á í lokin hjá okkur og þetta var sannkallaður háspennuleikur. Við fengum boltann þegar 30 sekúndur voru eftir og misstum hann þegar 10 sekúndur voru eftir en náðum að koma í veg fyrir að þær næðu að jafna,“ sagði Stefán og þar lék Guðrún lykilhlutverk. „Ég tók tvö síðustu skotin þeirra og svo var vörmin alveg brjáluð. Vörmin í lokin klikkaði á mótí Slóveníu þannig að við ætluðum bara að kyla á þetta og klára þetta,“ sagði Guðrún en liðið verður að vinna Rúmena í dag til þess að gulltryggja sæti í milliriðli.

„Því miður nægir þetta ekki til að tryggja okkur áfram því þetta er allt en galopið. Þetta er kallaður dauðariðillinn og við erum ekki ennþá búin að tapa leik sem er frábært. Mér finnst það vera mikið afrek hjá stúlkunum,“ sagði Stefán að lokum.



ENGIN ÁKVÖRÐUN Bjarni hefur ekki tekið ákvörðun hvort hann verði áfram hjá ÍA eða ekki. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Valsmenn þokast nær Bjarna: Viðræður bíða fram yfir helgi

FÓTBOLTI Viðræður ÍA um kaupverð á Bjarna Guðjónssyni við Val og KR verður haldið áfram eftir helgi. Bjarni sagði við Fréttablaðið í gær að hann hefði enn ekki tekið neina ákvörðun um framtíð sína, hann ætlaði að spila leikinn gegn FH á sunnudag. Allar viðræður um framtíð Bjarna væru settar á ís fram yfir leikinn.

Börkur Edvardsson, formaður knattspyrnueldar Vals, sagði að hann hefði spjallað við Skagamenn undanfarna daga og að viðræðurnar gangi ágætlega. „Við þokumst nær, við getum orðað það svoleiðis,“ sagði Börkur.

Rúnar Kristinsson staðfesti að KR væri að „fylgjast með framgangi mála,“ hvað varðaði Bjarna sem á heima steinsnar frá KR-vellinum. Hann sagði þó að engar viðræður um verð hefðu átt sér stað. - hph

Björgvin og Eygló eiga þrjú högg

Björgvin Sigurbergsson úr Keili og hin sextán ára Eygló Myrra Óskarsdóttir úr Oddi eru bæði með þriggja högga forystu eftir fyrsta daginn á Íslandsmótinu í högguleik í Vestmannaeyjum.

GOLF Íslandsmeistarinn Björgvin Sigurbergsson úr Keili sýndi snilldartahta á fyrsta degi Íslandsmótins í högguleik, sérstaklega á seinni níu holunum.

Björgvin náði meðal annars fimm fuglum á sjö holu kafla frá tíundu til sextánda holu og endaði á 66 höggum eða fjórum höggum undir pari. Björgvin er með þriggja högga forskot á Heiðar Davíð Bragason úr GR sem er eini annar kylfingurinn sem lék undir pari í fyrsta degi. Það eru síðan sex kylfingar jafnir í 3. til 8. sæti en það eru Ólafur Björn Loftsson (NK), Sigmundur Einar Mátsson (GKG), Örn Ævar Hjartarson (GS), Axel Ásgeirsson (GR), Hlynur Geir Hjartarson (GK) og Kristján Þór Einarsson úr Kili.

„Þetta var rosalega flottur seinni hringur,“ sagði Björgvin kátur. „Ég var smá ryðgaður í byrjun, þrjúputtaði á fyrstu flöt og síðan var mótvindurinn erfiður á annarri. Síðan fór þetta að ganga,“ segir Björgvin og bætti við.

„Stutta spilið var mjög gott og púttin gengu líka vel þannig að þetta gekk allt nokkuð vel,“ segir Björgvin sem lét ekki veðrið aftra sér við að ná frábæru skori. „Það var mikill vindur,“ sagði Björgvin sem tók undir það að þessi frammi-staða minnkaði ekki talið um að hann elski rok og rigningu. Björgvin er að reyna að vinna sinn fimmta Íslandsmeistararitil og veit því að það vannst ekkert í gær.

„Þetta er rétt að byrja en það er nóg eftir af þessu mótinu en ég er búinn að spila einn hring undir pari og það er markmið útaf fyrir



KYLFAN Í STÍL Eygló Myrra Óskarsdóttir úr Oddi sést hér slá í gær en taktið eftir bleiku kylfunni. VIKURFRÉTTIR/VALUR

sig. Nú er bara að reyna að gera áfram eitthvað svipað,“ saði Björgvin að lokum.

Hin sextán ára Eygló Myrra Óskarsdóttir úr golfklúbbinum Oddi hefur einnig þriggja högga forskot þrátt fyrir að hafa fatast aðeins flugið á síðustu holunum. Eygló Myrra lék á 74 höggum eða fjórum höggum yfir pari. Keiliskonan Tinna Jóhannsdóttir er önnur á 77 höggum en Íslandsmeistarinn Nína Björk Geirsdóttir úr Kili er í 3. til 5. sæti ásamt Ástu Birnu Magnúsdóttur (GK) og Andreu Ásgrímsdóttir (GA) en þær komu allar inn á 79 höggum.

Eygló Myrra var mjög ánægð



FRÁBÆR HRINGUR Björgvin Sigurbergsson úr GK lék vel í rokinu.

með daginn en þetta er í fyrsta sinn sem hún tekur þátt í Íslandsmóti meistaraflokks.

„Ég vissi varla að ég væri í forystu þegar ég kom inn. Ég var bara að spila mitt golf. Ég var að spila vel, púttin voru að detta og vippin voru góð. Ég fór nákvæmlega eftir leikskipulaginu og það gekk. Það var bara gaman að glíma aðeins við rokið,“ sagði Eygló sem fékk þrjú skolla í röð í lokin.

Eygló hafði ekki miklar áhyggjur af því að hún myndi ekki sofa í nótt. „Ég er sallaróleg yfir þessu og á eftir að sofa vel í nótt. Ég er bara jákvæð, bjartsýn og lýst mjög vel á framhaldið,“ sagði hún að lokum. ooj@frettabladid.is

Siglufrjörður

30

Ekki geysast í gegn!



Förum varlega í akstri um Ísland og höfum hugfast að ferðalagið er jafnmikil upplifun og áfangastaðurinn. Mörgum hættir við að bruna framhjá markverðum stöðum og aldrei að vita hverju þú missir af ef farið er um í ódagoti.

Ferðumst um landið – en förum okkur hægt og komum heil heim.

ÚRSLIT GÆRDAGS

VISA-bikar karla

Breiðablik-Keflavík	3-2
0-1 Guðjón Árni Antoníusson (12.), 1-1 og 2-1 Jóhann Berg Guðmundsson (16. og 46.), 2-2 Guðmundur Steinarsson (64.), 3-2 Magnús Páll Gunnarsson (82.).	
KR-Grindavík	3-2
1-0 Björgólfur Takefusa (4.), 2-0 Gunnar Örn Jónsson (11.), 2-1 Gilles Mbang Ondo (42.), 2-2 Marinko Skaricic (53.), 3-2 Óskar Hauksson (55.).	
Fjölnir-Víkingur	1-0
Tómas Leifsson (37.).	
Haukar-Fylkir	0-0 (0-1 eftir framl.)
0-1 Kjartan Ágúst Breiðdal (105.).	

1. deild karla:

Leiknir-Selfoss	1-2
Njarðvík-Víkingur Ólafsvík	1-1
ÍBV-Þór	4-1

Íslandsmótið í golfi í Eyjum:

Karlar: (eftir fyrsta dag)

1. Björgvin Sigurbergsson, GK	66
2. Heiðar Davíð Bragason, GR	69
3. Ólafur Björn Loftsson, NK	70
3. Sigmundur Einar Másson, GK	70
3. Örn Evar Hjartarson, GS	70
3. Axel Ásgeirsson, GR	70
3. Hlynur Geir Hjartarson, GK	70
3. Kristján Þór Einarsson, GK	70

Konur: (eftir fyrsta dag)

1. Eygló Myrria Óskarsdóttir, GO	74
2. Tinna Jóhannsdóttir, GK	77
3. Ásta Birna Magnúsdóttir, GK	79
3. Nína Björk Geirsdóttir, GK	79
3. Andrea Ásgrímsdóttir, GA	79
6. Hanna Lilja Sigurðardóttir, GR	80
6. Guðrún Brá Björgvinsdóttir, GK	80
6. Valdis Þóra Jónsdóttir, GL	80
9. Ragnhildur Sigurðardóttir, GR	81

HM U-20 ára kvk:

Ísland-Þýskaland	24-23
Mörk Íslands: Þórey Rósa Stefánsdóttir 6, Karen Knútsdóttir 5/3, Rut Jónsdóttir 4, Hildigunnur Einarsdóttir 4, Sunna María Einarsdóttir 1, Hildur Þorgeirsdóttir 1, Auður Jónsdóttir 1, Rebekka Rut Skúladóttir 1, Arna Sif Pálsdóttir. Guðrún Ósk Mariasdóttir varði 19/2 skot.	

Breiðablik, Fjölnir og Fylkir komust öll áfram í undanúrslit VISA-bikars karla í gærkvöldi:

„Gerist það nokkuð sætara en þetta?“

FÓTBOLTI Blikar unnu Keflavík 3-2 í bráðfjörugum leik í Kópavogi í gær. Leikurinn hófst fjórlega og strax á 12. mínútu kom Guðjón Árni Antoníusson Keflvíkingum yfir með góðu marki. Hann fékk sendingu við vítateiginn hægra megin, lék þar á varnarmann og skoraði með frábæru skoti neðst í fjærhornið.

Áðeins fjórum mínútum síðar jafnaði Jóhann Berg Guðmundsson metin nánast upp á eigin spýtur. Hann fékk knöttinn rétt fyrir utan vítateiginn hægra megin, lék boltanum inn á miðjuna og skoraði með frábæru skoti í nærhornið.

Keflvíkingar voru greinilega ekki ánægðir með leik sinni í fyrri hálfleik því þeir gerðu tvær breytingar á liði sínu í hálfleik. Það hafði lítið að segja því þegar síðari hálfleikur var einungis rúmlega mínútu gamall þá kom Jóhann Berg Breiðablik yfir með sínu



FYRSTI LEIKUR Jóhann B. Guðmundsson spilaði sinn fyrsta leik í Keflavíkurtreyjunni í nokkur ár þegar hann kom inn á í síðari hálfleik. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



FRÁBÆR Jóhann Berg Guðmundsson kemur Keflavík hér yfir í 2-1. Hann skoraði tvö mörk og átti frábæran leik.

öðru marki. Hann fékk sendingu inn fyrir vörn Keflavíkur, stakk varnarmennina af og skoraði með hnitmiðuðu skoti í fjærhornið.

Guðmundur Steinarsson jafnaði síðan metin með góðum skalla eftir frábæra sendingu Símons Samuelson af vinstri kanti en Keflvíkingar höfðu sótt töluvert í sig veðrið eftir mark Breiðabliks og uppskárú eftir því.

Eftir mark Keflvíkinga áttu bæði lið tækifæri til að komast yfir og það var varamaðurinn Magnús Páll Gunnarsson sem nýtti sitt tækifæri vel þegar hann skoraði sigurmarkið fimm mínútum fyrir leikslok. Keflvíkingar náðu ekki að jafna þrátt fyrir stífa sókn undir lok leiksins og það voru því heimamenn sem fögnuðu vel í leiklok.

Magnús Páll var vitaskuld ánægður með úrslitin. „Gerist þetta nokkuð sætara en þetta? Það

þurfti einhvern í þetta hlutverk að klára leikinn og í þetta skiptið var það ég. Mér fannst við hafa góð tók á þessum leik, bæði liðin eru virkilega vel spilandi en ég vil meina að við höfum mætt grimmir til leiks strax í upphafi og það skóp þennan sigur,“ sagði Magnús og bætti við að nú ætluðu Blikar að fara skrefinu lengra í bikarnum en þeir gerðu í fyrra en þá fóru þeir einnig í undanúrslit.

„Já það er alveg klárt að við ætlum að bæta fyrir tapið í Laugardalnum og við sjáum ekkert nema alla leið í þessu. Við ætlum allavega að selja okkur mjög dýrt.“

Kristján Guðmundsson, þjálfari Keflavíkur, var svekkur í leiklok, en sagðist hafa vitað frá upphafi að þetta yrði erfitt. „Já það er leiðinlegt að vera dottinn út úr þessari frábæru keppni en við fórum erfðu leiðina. Náðum að skora tvö

mörk á útivelli gegn góðu liði, en það er erfitt að vinna sigur á útivelli ef þú færð á þig þrjú mörk, það er of mikið,“ sagði Kristján.

„Fyrst Breiðablik sló okkur við finnst mér þeir ansi líklegir en það verða fleiri sterk lið í hattinum þegar verður dregið,“ sagði Kristján en dregið verður í dag.

Fjölnir átti ekki í vandræðum með Víkinga á heimavelli sínum í gær. Víkingar stilltu upp fjögurra manna vörn og sex manna miðju með engan sóknarmann. Tómas Leifsson skoraði eina markið í bragðdaufum leik.

Fylkir komst áfram eftir framlegingu gegn Haukum á gervi-grasinu í Hafnarfirði. Haukar voru síst lakari aðilinn og stríddu úrvalsdeildarliðinu svo um munaði. En Fylkismenn voru sterkari í framleggingunni og undir lok hennar skoraði Kjartan Ágúst Breiðdal eina mark leiksins. -sj

KR og Grindavík buðu áhorfendum upp á veislu í í VISA-bikarnum í gær:

Stefán Logi tryggði KR áfram

FÓTBOLTI KR er komið í undanúrslit VISA-bikarsins eftir 3-2 sigur á Grindavík í spennuþrungnum leik í Frostaskjólínu í gærkvöld. Leikurinn var frábær skemmtun og hefðu bæði lið hæglega getað skorað fleiri mörk

KR-ingar fengu sannkallaða óskabyrjun þegar Björgólfur Takefusa kom þeim rónðóttu yfir eftir áðeins þriggja mínútna leik. Átta mínútum síðar tvöfaldaði Gunnar Örn Jónsson forystuna með öðru marki sínu gegn Grindavík á fjór-um dögum. Bæði mörkin komu eftir að Grindvíkingar klúðruðu dauðafærum hinum megin.

Mbang Ondo minnkaði muninn í 2-1 þremur mínútum fyrir leikhlé

með mark af stuttu færi eftir að Pétur Marteinsson hafði bjargað skoti Tomasz Stolpa á línu.

Áðeins voru liðnar sjö mínútur af síðari hálfleik þegar Marinko Skaricic jafnaði metin fyrir Grindavík.

Það tók KR áðeins þrjár mínútur af svara fyrir sig og ná forystunni á nýjan leik. Óskar Örn Hauksson stakk sér þá inn fyrir vörn Grindavíkur og tryggði KR sigur á sínum gömlu félögum.

Þegar tæpur hálfstími var eftir af leiknum var dæmt víti þegar Pétur Marteinsson handlék knöttinn inni í vítateignum. Stefán Logi Magnússon varði víti Scotts Ramsay meistaralega og tryggði liði

sínu sæti í undanúrslitunum.

Pétur Marteinsson var hæst-ánægður með að vera kominn í undanúrslit bikarsins eftir erfiðan leik. „Þeir reyndust okkur erfiðir. Þeir sóttu á mörgum mönnum þegar þeir sóttu. Þetta var leikur þar sem manni fannst maður hafa tögl og hagldir og stjórna gangi leiksins en þeir voru engu að síður hættulegir. Þeir áttu líka færi í fyrri hálfleik áður en við skorum þannig að við erum geysilega ánægðir með að vera komnir í undanúrslit í keppninni. Þetta var fullerfitt að mínu mati,“ sagði Pétur.

Milan Stefán Jankovic var ánægður með sína menn þrátt



SKORAÐI SIGURMARKIÐ Óskar Örn Hauksson í góðu færi en að þessu sinni varði Zankarlo í marki Grindavíkur. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

fyrir tapið. „Það var fínn fótbolti í dag. Við blönduðum saman baráttu og spili og ég var ánægður með okkar leik frá fyrstu mínútu. Við fengum fullt af færum í leik-

um og ég er mjög ánægður með mína stráka. Ég hrósaði þeim í hálfleik og ég get hrósað þeim aftur núna í leiklok,“ sagði Jankovic í leiklok. -gmi



Yst á Tröllaskaga er Siglufjörður. Þegar ekinn er hringurinn, Dalvík, Ólafsfjörður, Hofsós, má alls ekki skilja útundan þennan fallega og sögufræga síldarbæ.

www.ferdalag.is



Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 19.40

Beauty and the Geek

Fjórdi hópurinn af nördum og fegurðardisum er mættur til leiks í æsilegri keppni um hvaða þar skákari hinum í hinni víðfrægu kænsku og krúttkeppni. Markmiðið er sem fyrr að kanna hvort töffari eða samkvæmisljón leynt undir yfirborðinu hjá gáfnaljósum. Og hvort fegurðardisirnir geti notað heilann í stað þökkans sér til framdráttar. Leikurinn er auðvitað gerður til þess að þátttakendur vikki út sjóndeildarhringinn og uppgötvu á sér nýjar hlíðar en skemmtunin er líka fólgin í því hversu spaugilegt það getur orðið.



► VIÐ MÆLUM MED

Ævintýri Stíkilsberja-Finns Sjónvarpið kl. 20.00

Í kvöld sýnir Sjónvarpið bandaríska fjölskyldumynd frá árinu 1993 byggða á sögu Marks Twain um Stíkilsberja-Finn. Finn er sonur drykkjumanns sem flýr að heiman og fer í ferð á fleka eftir Mississippi-fljóti ásamt strokuþrælum Jim. Saman lenda þeir í ýmsum ævintýrum.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

- 06.05 Morgunvaktin
- 06.50 Bæn
- 07.30 Fréttayfirlit
- 08.00 Morgunfréttir
- 08.30 Fréttayfirlit
- 09.05 Óskastundin
- 09.45 Morgunleikfimi
- 10.13 Sumarást
- 11.03 Samfélagið í nærmynd
- 12.00 Fréttayfirlit
- 12.02 Hádegisútvarp
- 12.20 Hádegisfréttir
- 12.50 Dánarfregnir og auglýsingar
- 13.00 Vasaleikhúsið heimsækir Útvarpsleikhúsið
- 13.15 Á sumarvegi
- 14.03 Táslur og tjull
- 15.03 Útvarpsagan: Barnið og tíminn
- 15.30 Dr. RÚV
- 16.00 Síðdegisfréttir
- 16.13 Flækingur
- 17.03 Viðsjá
- 18.00 Kvöldfréttir
- 18.25 Spegillinn
- 18.50 Dánarfregnir og auglýsingar
- 19.00 Á sumarvegi
- 19.40 Tónlist úr þularstofu
- 20.00 Leynifélagið
- 20.30 Mánafjöll
- 21.10 Brjóstdropar
- 22.12 Orð kvöldsins
- 22.15 Viltu syngja minn söng?
- 23.00 Kvöldgestir
- 00.07 Næturtónar

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

EXTRA

16.00 Hollyoaks Bresk unglingsápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester.

16.30 Hollyoaks

17.00 Ally McBeal (5:23)

17.45 Skins (4:9)

18.30 The Class (16:19)

19.00 Hollyoaks

19.30 Hollyoaks

► 20.00 Ally McBeal (5:23) Frábærir gamanþættir sem unnu til fjölda verðlauna á sínum tíma. Þættirnir fjalla um lögfræðinginn Ally McBeal og samstarfsfólk hennar, en einkalíf þeirra og ástarmál eru drepfyndin og stórfurðuleg.

20.45 Skins (4:9) Átakanleg bresk sería um hóp unglinga sem reynir að takast á við daglegt líf í skugga átöskunar, eiturlyfjaneyslu og fleiri vandamála sem steiða að unglungum í dag.

21.30 The Class (16:19) Við fylgjumst með bekkjarmóti skrautlegra skólafélaga sem mörg hver hafa ekki sést í 20 ár. Með aðalhlutverk fer hjartaknúsarinn Jason Ritter.

22.00 Canterbury's Law (2:6) Elizabeth Canterbury er eldklár verjandi sem vilar ekki fyrir sér að sniðganga lögin þegar frelsi skjólstaðinga hennar er í húfi. Þættirnir koma úr smiðju þeirra sömu og gerðu Rescue Me, þar á meðal Denis Leary.

22.40 Moonlight (9:16)

23.25 ReGenesis (7:13)

00.15 Twenty Four 3 (9:24)

01.00 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV

INN

20.00 Mér finnst... Umsjón: Kolfinna Baldvinsdóttir og Ásdís Olsen. Gestir: Kristbjörg Kristmundsdóttir, Elly Ármanns og Björk Jakobsdóttir.

21.00 Hvernig er heilsan? Umsjón: Guðjón Bergmann. Gestur: Kristján Jónsson framkvæmdastjóri Þjálfunar.

21.30 Íslands Safari Umsjón: Akeem Richard Oppong, formaður Íslands Panorama.

Dagskrá INN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.

DR 1

11.05 Med rygsæk 11.30 Kær þú tur 12.00 Det lille hus på prærien 12.50 Nyheder på tegnsprog 13.05 Flight 29 savnes! 13.30 SommerSummerum 13.35 Kræmpe-tvillingerne 14.00 SommerSummerum 15.05 Monster allergi 15.30 Fredagsbio 15.40 Benjamin Björn 16.00 Se det sommer 16.30 TV Avisen med Sport og Vejret 17.00 Disney Sjov 18.00 Hit med sangen 19.00 TV Avisen 19.25 Sommervejret på DR1 19.35 Aftentour 2008 20.00 The Bachelor 21.35 Buffalo Soldiers

NRK1

8.55 Country jukeboks 9.55 Ut i naturen jukeboks 10.55 Sport Jukeboks 12.00 Jazz jukeboks 13.00 Ekstremvær jukeboks 14.10 Columbo 15.20 Sydvest 15.50 Oddasat - nyheter på samisk 15.55 Nyheter på tegnspråk 16.00 Hytte-Stina 16.05 Mamma Mirabelle viser film 16.20 Charlie og Lola 16.30 Safari Europa 16.40 Distriktsnyheter 17.00 Dagsrevyen 17.30 Der ingen skulle tru at nokon kunne bu 18.00 Skishow med smell 19.20 20 spørsmål 19.45 Detektiven: Blackjack 21.15 Kveldsnytt 21.30 Friidrett: London Grand Prix 22.30 Led Zeppelin live 23.30 Country jukeboks med chat

SVT 1

10.00 Rapport 10.05 Minnenas television 12.50 Hollywoodredaktionen 13.15 Veronica Mars 14.00 Rapport 14.05 Gomorron Sverige 15.00 Kungen kommer! Historien om en orgel 15.30 Dansbröder 15.35 Bara blåbär 16.00 Charlie og Lola 16.15 Dra mig baklänges 16.30 Hej hej sommar 16.31 Planet Sketch 16.45 Sune 17.15 Värsta vännerna 17.30 Rapport med A-ekonomi 18.00 Tre kärlekar 18.55 1.04 19.00 Insider 21.35 Rapport 21.45 Grottesco 22.15 28 Dagar 23.55 Sändningar från SVT24

Á FERÐALAGI

25.-26. júlí	Fáskrúðsfjörður	Franskir dagar
1.-2. ágúst	Verslunarmannahelgarútvarp	
8.-9. ágúst	Dalvík	Fiskidagurinn mikli
15.-16. ágúst	Bolungarvík/Ísafjörður	Ástarvíka
22.-23. ágúst	Hella	Landbúnaðarsýning
29.-30. ágúst	Sandgerði	Sandgerðisdagar

BYLGJAN á ferðalagi um landið í sumar

Bylgjan og Olís eru í sumarskapi og verða á ferðalagi með þér í allt sumar!

Við höldum ótraud áfram ferðalagi okkar og byrjum sem fyrr á föstudagsmorgnum með Heimi Karls í bitinu. Siggí Ragg tekur við kl. 9 og Rúnar Róberts heldur áfram strax eftir hádegi. Við endum svo daginn með strákunum í Rvík síðdegis. Eftir hádegi á laugardögum eru það Hemmi Gunn og Svansi sem skemmta hlustendum auk þess að draga heppinn hlustanda úr potti Ævintýraeyju Olís, sem er frábær ferðaleikur fyrir alla fjölskylduna. Nánari upplýsingar á www.olis.is.

Í dag verðum við á frönskum dögum á Fáskrúðsfirði.

Vertu með Bylgjuni og Olís í allt sumar – á ferðalagi!

FÖSTUDAGUR:
Í bitinu
Siggí Ragg
Rúnar Róberts
Reykjavík síðdegis

LAUGARDAGUR:
Hemmi Gunn og Svansi

BYLGJAN
989
- ALLIR ERU AD HLUSTA!

SHOE4AFRICA GÓÐGERÐARKVÖLD



Anthony Edwards <<
og fjölskylda




Aðgangseyrir er
20.000 krónur



>> Anthony Edwards
(Top Gun 1986)

Cristiano Ronaldo <<



Anthony Edwards og **Toby Tanser** standa fyrir veislu sem haldin verður fyrir **Shoe4Africa**, föstudaginn **25. júlí** nk. Veislan verður haldin á **Hilton Reykjavík Nordica hóteli, í sal H&I** milli **kl. 20:00–22:30**.

- Ýmis skemmti- og tónlistaratriði.
- Fjáröflun fyrir Shoe4Africa spítala í Kenýa.
- Óvæntir pakkar fyrir heppna gesti.

Einnig býðst almenningi tækifæri til að styðja við málefnið með því að hringja í númerin hér til hliðar.

Sími 907 1001 1.000 krónur
Sími 907 1003 3.000 krónur
Sími 907 1005 5.000 krónur

Shoe4Africa hefur í þrettán ár sent skófatnað til Afríku. Í starfi sínu hafa sjálboðaliðar samtakanna horft upp á mikla neyð og nú er ástandið í Kenýa orðið svo alvarlegt að samtökin vilja setja sér ný markmið. Gríðarlegur fjöldi barna í landinu er munaðarlaus eftir að hafa misst foreldra úr

alnæmi. Þessi börn fá litla eða enga lækni- aðstoð. Markmið Shoe4Africa er að byggja barnaspítala í landinu og hjálpa þessum börnum að takast á við framtíðina. Þessi draumur verður ekki að veruleika nema allir leggist á eitt og hver króna færir okkur nær markinu.

Fyrir frekari upplýsingar um S4A vinamlegast heimsækið www.shoe4africa.org.

SHOE4AFRICA



Veitingar í boði:

RJC

Soccerade

LEPPIN



BAKPANKAR
Bergsteins
Sigurðssonar

Bessastaða- ráðdeildin

Rætnar tungur finna því nú allt til foráttu að forseti Íslands hafi boðið sjónvarpskonunni Mörtu Stewart í mat á Bessastaði, ásamt nokkrum vel völdum gestum. Er Ólafur nú um nasir að Marta hafi þurft að dúsa í fangelsi eftir að hún missteig sig í þokukenndu reglugerðarfargani verðbréfavíðskipta, auk þess sem annar matargestur hafi einnig komist í kast við lögin. Það þykir sem sagt ekki lengur við-eigandi að dæmdir einstaklingar heimsæki gamla tukthúsið á Álftanesi.

ÞAÐ er gömul saga og ný að laun heimsins eru oft vanþakklæti. Engu að síður verður forsetinn að horfast í augu við að lítillæti hans og tregða til að trana sér hefur bakað honum óvinsældir, valdið misskilningi og gert að verkum að mörg af hans afrekum hafa fram að þessu legið í þagnargildi. Til dæmis var ekki fyrr en nú nýlega sem Ólafur Ragnar gekkst almennilega við því – með semingi þó – að hafa komið myndarlega að Þjóðarsáttinni árið 1990. Það var líka ekki fyrr en á þessu ári sem harðsnúðið fréttateymi CNN náði að veiða það upp úr forsetanum að hann fann upp hitaveituna.

ÞVI þarf ekki að koma á óvart að nú þegar harðnar á dalnum, og ráðherrar skora á alþýðuna að sýna aðhald meðan þeir sjálfir halda áfram að kýla vömbina, tekur gamli sósíalistinn á Bessastöðum sig til og boðar drottningu hagnýtra húsráða á blint stefnumót við frægustu eyðsluklær landsins.

ÞEIR sem kvarta yfir að þetta kvöld hafi slektið borðað dýrar krásir á kostnað skattgreiðenda geta huggað sig við að án efa voru afgangar á boðstólum þetta kvöld; fiskibollur frá því kvöldið áður, sem Marta hefur poppað upp með tómamauki, hvítlauk og stöppuðum kartöflum. Að kvöldverði loknum hefur hún væntanlega tekið til óspilltra málanna við að kenna Jóni Ásgeiri, Ólafi Jóhanni og Björgólfi Thor að búa til jólaskraut úr virherðartrjáum og eggjabökkum ásamt nokkrum undirstöðuatriðum í bútasum. Ef einhver þarf að læra að spara eru það þessir menn.

EFTIR að hafa stuðlað að lífsstílsbyltingu að ofan kemur það nú í hlut forseta Íslands að hrinda af stað lýðræðisvæðingu í Kína. Ekki er hægt að hugsa sér heppilegri vettvang en Ólympíuleikana. „Óttist eigi,“ sagði Jóhannes Páll II. páfi á Ólympíuleikunum í Moskvu árið 1980.

ÁRATUG síðar voru Sovétríkin öll. Nú er röðin komin að Ólafi.

GÓÐAN DAG!
Í dag er föstudagurinn 25. júlí,
208. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík	4.13	13.34	22.53
Akureyri	3.37	13.19	22.58

Heimild: Almanak Háskólans

Vetrarfrí á Kanarí

Þú sérð ekki eftir því

JONSSON & LEWIS • JÚL • SÍA



Paraiso Almendros



Skemmtileg íbúðagisting, skammt frá ströndinni á góðum stað á Ensku ströndinni. Góður sundlaugargarður með stórum laug og stórum nuddpotti

Verðdæmi: **57.717,-**

m.v. 2 með 1 barn í stúdíó í 1 viku 26. nóvember.
Verð á mann m.v. tvo fullorðna í stúdíó í 1 viku 26. nóv.: 66.448,-

Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting og íslensk fararstjórn. Verð miðast við að bókað sé á netinu. Ef bókað er á skrifstofu eða simleidis er bókanargjald 2.500 kr. fyrir hvern farþega.

Það er enginn vetur á Kanarí. Golfstraumurinn sér eyjunum fyrir stöðugri veðursæld - loftið er þurrt og hitastig stöðugt allt árið um kring. Kanarí hefur lengi verið vinsælasti vetraráfangastaður Íslendinga og býður Úrval-Útsýn fleiri gistaðaði á hverju ári. Vatnasport, verslunarferðir, diskótek og barir, allt blómstrar á Gran Canaria og Tenerife, áfangastöðum okkar í vetur.

Gisting á íbúðahótelinu Paraiso Almendros kórónar ferðina. Hótelid, sem hýsir eingöngu gesti frá Úrvali-Útsýn, er á besta stað á Ensku ströndinni, vinsælastu strandlengju Kanaríeyja. Verslunarmiðstöðvarnar City Center og Yumbo eru stutt frá. Íbúðirnar hafa öll möguleg þægindi, loftkælingu, vel búinn eldhúskrók, ísskáp, kaffivél og fleira. Það má kæla sig í glæsilegum sundlaugargarði hótelsins og jafnvel skreppa í sánu - fullkomin leið til að njóta lífsins á Kanarí.

Ódýrustu sætin bókast fyrst!

